FRÉTTABLAÐIÐ

85. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 1. MAÍ 2021

20 ÁRA



Hættir í borgarstjórn

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir borgarfulltrúi Pírata ræðir í fyrsta sinn opinberlega um veikindin sem binda nú enda á stjórnmálaferil hennar. Hún segir gífurlegt álag í starfi hafa ýtt undir veikindin, mikil heift ríki í pólitíkinni og að hún hafi verið áreitt á götum úti og í sturtu í sundi. ➔ 22

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Kvennafans í hæstu hæðum

Leiðangur 128 kvenna stefnir á hæsta tind landsins í dag. ➔ 20



Ríkasti maður heims

Hver er sérvitringurinn Elon Musk sem í upphafi árs varð ríkasti maður heims? ➔ 30



Það eru engir útvaldir

Móðir þolanda kynferðisbrots vill að við þekkjum merkin. ➔ 26

ATHUGIÐ BREYTTAN OPNUNARTÍMA 1. MAÍ

Verslanir ..... 12:00 - 18:00
Netspjall ..... 12:00 - 21:00
Bakkinn vöruhús ..... LOKAÐ



Hjörvar er Íslandsmeistari

SKÁK Íslandsmótinu í skák lauk í gær og stóð Hjörvar Steinn Grétarsson uppi sem Íslandsmeistari.

Þetta er í fyrsta skipti sem Hjörvar hampar titlinum. Hann hefur verið stigahæsti skákmaður Íslands undanfarin ár.

„Þetta er búin að vera ansi erfið fæðing," segir Hjörvar í samtali við Fréttablaðið. „Ef við værum að tala saman fyrir tíu árum hefði ég verið hæstánægður en nú er mér fyrst og fremst létt."



Hjörvar Steinn Grétarsson

Hjörvar vann Íslandsbikarinn í skák 14. mars og tryggði sér þátttökurétt á Heimsbikarmótinu í Sotsjí í Rússlandi. Þó ekki sé búið að fastsetja hvenær það fari fram segist hann hlakka til.

„Ég ætla svo sem ekkert að breyta neinu," segir Hjörvar aðspurður um undirbúninginn. „Ég sinni skákinni gríðarlega mikið og það hefur núna skilað sér með tveimur stórum sigrum með stuttu millibili. Núna er ég fyrst og fremst glaður að hafa hampað titlinum sem hefur háð mér aðeins. Það er ekki nóg að vera bestur á blaði." **– atv**

Pepsi Max deildin rúllar af stað



Leikmenn ÍA og Vals standa frammi fyrir áhorfendastúkunni á Origo-vellinum að Hlíðarenda í opnunarleik Pepsi Max deildarinnar í knattspyrnu í gær. Áhorfendur voru leyfðir en í ljósi fjöldatakmarkana voru einungis um 200 miðar í boði og var áhorfendum skipt í hólf. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Starfshópur vill greiða leið göngufólks að gosinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Reikna með að gjósi lengi

FERÐAÞJÓNUSTA „Við göngum út frá því að gos haldi þarna áfram og að uppbygging verði í samræmi við það," segir Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri og formaður starfshóps um uppbyggingu við eldstöðvarnar í Geldingadölum.

„Við gerum ráð fyrir því að þetta verði talsvert aðdráttarafl fyrir ferðamenn þegar þeir byrja að tínast til landsins," segir Skarphéðinn.

Starfshópurinn skilaði tillögum sínum í gærkvöldi. Horft mun til þess að framkvæmdasjóður ferðamannastaða taki þátt í einhverjum kostnaði. „En þetta er náttúrlega land í einkaeigu og á forræði landeigenda og þeir hyggjast fara í framkvæmdir sjálfir," segir Skarphéðinn. Gera þurfi leiðina að gosstaðnum greiðfærari. Tillögur hópsins snúa einnig að vöktun svæðisins til lengri tíma litið. Ekki sé hægt að gera ráð fyrir að björgunarsveitarmenn verði til taks til frambúðar. Á meðan gýs séu viðbragðsaðilar þó í lykilhlutverki." Nánar er rætt við Skarphéðin á frettabladid.is. **– þsh**



Vilja draga eiganda til ábyrgðar vegna bruna

Fyrrverandi íbúar og aðstandendur þeirra sem létust á Bræðraborgarstíg hyggjast draga húseigandann til ábyrgðar. Lögmaður þeirra segir að munnlegur málflutningur fari fram í maí í kyrrsetningarmáli gegn eigandanum.

DÓMSMÁL Aðalmeðferð fór fram í nýliðinni viku í máli gegn Marek Moszczynski, sem ákærður er fyrir manndráp, bruna og tilraun til manndráps með íkveikju á Bræðraborgarstíg 1.

Í vitnisburði sérfræðinga og íbúa kom fram að brunavörnum var verulega ábótavant; enginn reykskynjari var í húsinu og varð því enginn var við eldinn fyrr en það var orðið allt of seint.

Í skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) um eldsvoðann, segir að í húsinu hafi hvorki verið brunahólfandi veggir né brunahólfandi hurðir.

Einn íbúanna, sem hlaut alvarleg brunasár og þurfti húðígræðslu á hendur og bak, neyddist til að hlaupa í gegnum eldinn vegna þess að glugginn í herbergi hans var allt of lítill.

Kona lést á innan við mínútu eftir að hafa fallið rúmlega sjö metra út um gluggann á þriðju hæð og skollið utan í ruslagám.

„Í flestum tilfellum voru ekki nein björgunarop til staðar, einungis lítil opnanleg fög í gluggum. Það eitt og sér hafði mjög neikvæð áhrif óháð því að ekki hafi verið fellistigar, svalir eða annar búnaður til björgunar.

Björgunarop hefðu mögulega bjargað mannslífum í þessu tilfelli," segir í skýrslu HMS.

Lögmaðurinn hefur krafist þess að eignir eigandans verði kyrrsettar til tryggingar fullnustu væntanlegra bótakrafna umbjóðenda sinna. Málið verður rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í maí.

„Ef dómurinn telur að skilyrði séu ekki uppfyllt um að kyrrsetja eigur, þá munu umbjóðendur mínir skoða að höfða sjálfstætt skaðabótamál á hendur honum," segir Guðbrandur Jóhannesson, lögmaður aðstandenda þeirra sem létust í brunanum.

Málið yrði fordæmisgefandi en hingað til hefur gengið illa að draga eigendur til ábyrgðar vegna vankanta á lögbundnum brunavörnum.

Guðbrandur segir mikilvægt að ábyrgð húseigenda og skyldur þeirra varðandi brunavarnir séu skýrðar nánar með atbeina dómstóla. **ingunn@frettabladidl.is**



Þrír létust í eldsvoðanum á Bræðraborgarstíg 1. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


> **Í flestum tilfellum voru ekki nein björgunarop til staðar, einungis lítil opnanleg fög í gluggum. Það eitt og sér hafði mjög neikvæð áhrif.**



Guðbrandur Jóhannesson, lögmaður aðstandenda þeirra sem létust í brunanum á Bræðraborgarstíg

DEKRAÐUR Í 3 ÁR.
ÁHYGGJULAUS Í 7 ÁR.

MEÐ ÖLLUM NÝJUM BÍLUM FRÁ TOYOTA Á ÍSLANDI FYLGIR 3 ÁRA
ÞJÓNUSTA OG 7 ÁRA ÁBYRGÐ. ENGIN VANDAMÁL – BARA LAUSNIR



3+4 ÁBYRGÐ

3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Gildir um alla nýja Toyota bíla, flutta inn af Toyota á Íslandi ehf., sem keyptir eru eftir 1. janúar 2019 (7 ára ábyrgð) og 1. janúar 2021 (3 ára þjónusta). Nánari upplýsingar á toyota.is.

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð og 3 ára þjónusta gildir eingöngu um nýja bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 25.04.2021 TIL 01.05.2021

300
sinnum er glaðloft skaðlegri gróðurhúsalofttegund en koldíoxíð.

4
ár var geimurinn í röngu ráðuneyti hér á landi.

100
dagar voru í gær frá því Biden tók við embætti.

70
prósent telja að auðvelt sé að útvega fíkniefni.

99
milljarðar er verðmæti Síldarvinnslunnar.

Þrjú í fréttum

Lögfræðingur, formaður og fræðaþulur



Linda Fanney Valgeirsdóttir
lögfræðingur

dró í vikunni lamb úr kind í sauðburði. Þegar Linda mætti á næturvakt þessa umræddu nótt var ein kindin þegar borin. „Ég færði hana í stíu og vissi að hún væri að fara að bera öðru lambi þar sem hún var rauðmerkt," segir Linda. Hún setti því upp hanskann og sótti lambið inn í kindina. Síðar kom í ljós að kindin var þrílemba.



Arndís Björg Sigurgeirsdóttir
formaður Villikatta

segir að allir geti keypt hesthús í hesthúsahverfinu Hlíðarþúfum í Hafnarfirði. Skorað hefur verið á bæjarfélagið að stöðva starfsemi Villikatta í einu húsanna. „Það var einu sinni þannig að bærinn og hestafélagið þurftu að samþykkja kaup, en svo var það tekið út." Arndís hafnar því að villikettirnir geti verið ógn við heilsu og öryggi hesta og hestamanna.



Þórður Tómasson
fræðaþulur að Skógum undir Eyjafjöllum

varð hundrað ára í vikunni. „Ég átti þá hamingju að alast upp með gömlu fólki, meðal annars konu sem var fædd árið 1860, Arnlaug Tómasdóttir hét hún. Ég skrifaði eftir henni heila bók. Á þeim tíma var fjölbýlt mjög undir Eyjafjöllum og víða aldrað fólk á bæjum og það voru allir fúsir til að svara, þannig safnaðist mér fróðleikur," segir Þórður.

Sólveig hyggst blása sjálfri sér baráttuanda í brjóst á 1. maí

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segir stöðu félagsmanna til háborinnar skammar. Hún saknar þess að stjórnvöld fari í raunverulega atvinnusköpun. Húsnæðismarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu sé leikfang eignafólks á sama tíma og nær allar ráðstöfunartekjur mjög margra renni í húsnæðiskostnað.



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, íhugar stöðu verka- og láglaunafólks á 1. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

VERKALÝÐSMÁL „Það er ótrúlega margt sem mæðir á félagsfólki Eflingar og flest af því er til háborinnar skammar fyrir þetta auðuga samfélag sem vill kenna sig við velferð," segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, sem eins og aðrir fagnar degi verkalýðsins í dag.

Spurð hvaða málefni sé henni efst í huga á 1. maí nefnir Sólveig Anna að ómissandi starfsfólk í umönnunarstörfum, félagsfólk Eflingar, mest láglaunakonur, sem hafi unnið við ótrúlega erfiðar álagsaðstæður mjög lengi hafi ekki fengið neinar álagsgreiðslur. „Það virðist ekki vera einn einasti áhugi á því í þessu kerfi sem sannarlega er til í að sólunda peningum í hitt og þetta, að sýna þeim vináttu og virðingu og borga þeim álagsgreiðslur fyrir þeirra ómissandi vinnuafl," segir hún.

Þá segir Sólveig Anna Eflingarfólk undrast að ekki sé vilji til þess hjá stjórnvöldum að fara í raunverulega atvinnuuppbyggingu, raunverulega starfasköpun til þess að koma til móts við þá sem hafi verið án atvinnu mjög lengi.

„Þarna væri til dæmis hægt að sjá fyrir sér, ef vilji hefði verið til þess hjá stjórnvöldum, að fara í uppbyggingu á félagslegu húsnæði. Með því slá tvær flugur í einu höggi, bæði búa til vinnu fyrir atvinnulaust fólk og taka á þeim fáránlega raunveruleika sem blasir við félagsfólki Eflingar," segir formaðurinn.

Sólveig Anna segir að þegar horft sé á húsnæðismarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu blasi við að búið sé að algróðavæða hann og búa til úr honum skrímsli og leikfang eignafólks. „Það er ekki nema helmingur félagsfólks Eflingar sem er í eigin húsnæði. Það þýðir að fyrir þennan risastóra hóp af fólki fara því sem næst allar ráðstöfunartekjur í að tryggja þau mannréttindi sem öruggt húsnæði ætti auðvitað að vera," ítrekar hún.

> **Ég ætla að blása sjálfri mér baráttuanda í brjóst og lofa sjálfri mér því, enn eina ferðina, að ég ætla að gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að breyta þessu ástandi.**
>
> Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar

Einnig segir Sólveig Anna að þegar hún horfi á heilsufar félagsfólks Eflingar sé það enn ein sönnunin á því hvaða status verka- og láglaunafólk hafi í okkar samfélagi þrátt fyrir það að vera ómissandi og hafa knúið hér áfram hagvöxt síðustu ára.

„Andleg og líkamleg heilsa félagsfólks er ekki góð og risastór hópur félagsfólks Eflingar hefur þurft að neita sér um heilbrigðisþjónustu. Það er ótrúlegt að horfa á það að 57 prósent kvenna í Eflingu hafa þurft að neita sér um heilbrigðisþjónustu. Er þetta staðreynd sem segir okkur það að hér ríki einhver almenn velsæld eða að hér sé almennt svo vel komið fyrir vinnandi fólki að það sé best fyrir það að halda kjafti og halda sig til hlés? Ég held ekki," segir Sólveig Anna.

Ekki er efnt til stórra samkoma í dag en skemmtidagskrá á vegum ASÍ og fleiri verður á RÚV í kvöld. Sjálf segist Sólveig Anna ætla að nota daginn til að hugleiða stöðu vinnandi fólks á Íslandi, líkt og á hverjum degi.

„Ég ætla að leyfa mér að upplifa þá reiði sem býr í brjósti mér þegar ég skoða þær staðreyndir sem ég hef aðgang að er varða líf, heilsu og tilveru Eflingarfélagsfólks og fjölskyldna þess," heldur Sólveig Anna áfram.

„Og ég ætla að blása sjálfri mér baráttuanda í brjóst og lofa sjálfri mér því, enn eina ferðina, að ég ætla að gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að breyta þessu ástandi og til þess að berjast af öllum kröftum fyrir því að loksins renni upp sú stund að verka- og láglaunafólk á Íslandi fái það sem það á sannarlega inni hjá þessu samfélagi," segir formaður Eflingar. **gar@frettabladid.is**



1. MAÍ 2021

Það er nóg til

Afkoma samfélagsins á Íslandi á fyrri hluta 21. aldarinnar er þrátt fyrir allt með því allra besta sem þekkist í sögunni. Við búum í landi sem er ríkt af auðlindum - bæði af hendi náttúrunnar og mannauði. Með góðum vilja og réttum ákvörðunum getum við öll notið mannsæmandi lífskjara á Íslandi.

„Það er nóg til“ er orðatiltæki sem flestir Íslendingar þekkja og nota gjarnan þegar gest ber að garði. Fólki er boðið að njóta veitinga með viðkvæðinu „fáðu þér, það er nóg til“. En undirliggjandi meining er ekki síður „ekki vera feimin við að fá ykkur, við viljum deila með ykkur“.

Jafnvel þegar þú heldur að ekki sé nóg til, þá fá hin sér bara aðeins minna svo öll fái eitthvað.

ASÍ óskar launafólki til hamingju með daginn og minnir á baráttu- og skemmtiþátt í tilefni 1. maí á RÚV kl. 21:00 í kvöld.

Alþýðusamband Íslands



Hávaði frá vellinum hefði ekki veruleg áhrif í Leifsstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skotvöllur fyrir lögreglu rís á Keflavíkurflugvelli

LÖGREGLUMÁL Samkvæmt nýrri deiliskipulagstillögu um öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli verður þar komið fyrir tæplega 9 hektara velli til þess að þjálfa skotvopnanotkun.

Mikil uppbygging er áætluð á svæðinu enda hafa umsvif herja Bandaríkjanna og annarra Atlantshafsríkja aukist hér. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er völlurinn þó ekki ætlaður dátum til æfinga heldur Ríkislögreglustjóra.

Í deiliskipulagstillögunni kemur fram að líklegt sé að nokkur hávaði verði af skotvellinum. Sú starfsemi sem er hvað næst vellinum sé þó ekki viðkvæm fyrir hávaða. Völlurinn verði langt frá flugstöðinni, íbúabyggð og gistisvæði og hafi því óveruleg áhrif á þau svæði.

Sú starfsemi sem verður næst vellinum er eftirvinnslusvæði og fjarskiptasvæði sem talin eru samræmast ágætlega starfsemi hans.

»» Völlurinn verður stúkaður af með allt að 12 metra háum mönum.

Engu að síður þarf að huga að öryggi og mun þurfa að breyta landslaginu töluvert. Einkum til að reisa svokallaðar manir, 12 metra háar, til að stúka svæðið af og koma í veg fyrir að byssukúlurnar fari út fyrir svæðið. Skotvöllurinn verður vitaskuld lokaður almenningi.

Auk vallarins sjálfs er fyrirhugað að reisa bæði skrifstofubyggingu og geymsluhúsnæði á reitnum, allt að 250 fermetra að stærð. Þá verði heimilt að byggja hliðarbyggingar eða aðrar smærri byggingar allt að 50 fermetrum. Einnig annan búnað, svo sem skotmörk, í allt að 9 metra hæð. **– khg**

Smitaðir á Jörfa gætu höfðað skaðabótamál

COVID-19 Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú sóttvarnabrot karlmanns sem leiddi til þess að 107 einstaklingar smituðust af COVID-19 í tengslum við leikskólann Jörfa í Bústaðahverfi í Reykjavík.

Sævar Þór Jónsson lögmaður segir að hafi karlmaðurinn brotið sóttvarnalög af stórfelldu gáleysi eða af ásetningi gætu þeir sem hafa smitast farið í skaðabótamál.

„Ef einstaklingurinn er meðvitaður um að hann sé smitaður eða á að gera grein sér fyrir því af ákveðnum ástæðum en hlítir ekki sóttvarnareglum, getur það varðað bæði fangelsi og sektargreiðslum en þetta getur líka varðað þessa skaðabótaábyrgð gagnvart einstaklingum," segir Sævar.



Sævar Þór Jónsson lögmaður.

Um þetta er ákvæði í sóttvarnalögum að sögn Sævars. „Sem dæmi kom upp mál fyrir nokkrum árum sem snéri að einstaklingi sem vissi að hann væri HIV-smitaður og gætti ekki að því að upplýsa einstaklinga um það."

Þeir sem höfða skaðabótamál þurfa að sýna fram á tjón. Sævar segir að slíkt tjón geti verið margvíslegt. Hann útilokar ekki að það væri einnig hægt að krefjast miskabóta. Nánar er fjallað um málið á frettabladid.is. **– mhj**





Sótt er í egg hettumávsins á Sandgræðslunni og hefur eggjatínsla verið bönnuð nema með leyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stækka friðland til að hindra stuld á eggjum

Tínsla á hettumávseggjum í óleyfi hefur valdið raski nálægt friðlandinu í Flóa og er nú stefnt að stækkun og friðlýsingu svæðisins. Fuglafræðingur hefur grun um að eggin séu seld í stórum stíl af mönnum sem hafa tínt þau í leyfisleysi.

DÝRAVERND Til stendur að stækka friðlandið í Flóa yfir Óseyrarnes vegna skipulagðrar eggjatínslu hettumávseggja.

Eggjatínslan hefur ekki verið með leyfi landeigenda á svæðinu og raskar ekki aðeins varpi hettumávs heldur annarra fuglategunda á svæðinu. Stefnt er að því að svæðið verði friðlýst á árinu.

Svæðið sem um ræðir er í daglegu tali kallað Sandgræðslan og er mikið varpsvæði suður af friðlandinu.

„Það fóru menn inn á þetta svæði í tvö eða þrjú skipti í fyrra og tíndu egg. Þeir voru ekki með nein leyfi," segir Jóhann Óli Hilmarsson, fuglafræðingur og ljósmyndari hjá Fuglavernd, sem er búsettur á Stokkseyri. Fylltu mennirnir margar fötur af eggjum.

Fuglavernd hefur sterkan grun um að ekki sé verið að tína eggin til eigin nota heldur til sölu. Hettumávsegg hafa til að mynda verið auglýst í fiskbúðum. Jóhann segir þetta algeran óþarfa.

»» Það er ekki eins og við búum við matarskort hér á landi.

Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur



„Sífellt er verið að tína egg frá fuglum sem eru komnir á válista til þess að viðhalda einhverjum hefðum. Það er ekki eins og við búum við matarskort hér á landi," segir hann.

„Mennirnir eyðilögðu þetta varp," segir Jóhann. „Endur og mávfuglar sækja í að vera í kringum hettumávinn því hann veitir vernd rétt eins og krían."

Rask í varpi eins fugls hefur því áhrif á aðrar tegundir. Einnig landið sjálft því að mávarnir bera mikinn áburð inn á svæðið, sem er frjósamt.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Fuglavernd hefur lent í vandræðum með óleyfistínslu á umræddu svæði. Fyrir nokkrum árum var sótt í kríuegg en samkvæmt Jóhanni hætti það þegar bannskilti var sett upp. Nú vill Fuglavernd að svæðið verði stækkað og friðlýst til þess að betri friður skapist á varpsvæðinu.

Fulltrúar Fuglaverndar funduðu með sveitarstjórn Árborgar vegna ágangsins í fyrra og hefur bæjarráð nú samþykkt bann við eggjatöku í Óseyrarnesi nema með sérstöku leyfi landeigenda. Stendur til að setja upp skilti til að þetta komist skýrt til skila.

Svæðið, sem er fimm ferkílómetrar, er ekki friðlýst en Jóhann Óli vonast til þess að breyting verði þar á strax á þessu ári.

„Við höfum unnið að þessu lengi og það á aðeins eftir að stíga lokaskrefið," segir Jóhann Óli.

Í friðlandinu, sem stofnað var árið 1997, hafa sést 70 fuglategundir og 25 verpa þar að staðaldri.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Dómari hafnar fullyrðingum lögmanns

DÓMSTÓLAR Arnar Þór Jónsson, héraðsdómari í Reykjavík, skrifar grein á vef Fréttablaðsins í dag og svarar gagnrýni sem að honum var beint í grein Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns sem birtist í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag.

„Sem dómari hef ég unnið drengskaparheit að stjórnarskrá lýðveldisins. Á þeim grundvelli – og innan þess ramma – tel ég raunar að ég hafi ekki aðeins rétt, sem borgari þessa lands, til að tjá mig um sýn mína á stöðu mála, heldur beina skyldu." Þetta segir Arnar Þór Jónsson héraðsdómari í grein á vef Fréttablaðsins í dag. Greinin er svar við grein Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns sem birtist í Fréttablaðinu á fimmtudaginn.

Í greininni fjallaði Sveinn Andri um traust til dómstóla. Þar skipti tveir þættir máli, annars vegar hvernig skipað er í embætti dómara og hins vegar orð og athafnir dómaranna sjálfra. Tekur Sveinn Andri dómarann Arnar Þór sem dæmi. Hann hafi sent frá sér fjölmargar greinar um þjóðfélagsmál, meðal annars um Evrópumál og rifjar Sveinn Andri upp að Landsréttur hafi nýverið tekið fyrir og hafnað kröfu um að Arnar Þór viki sæti sem dómari í dómsmáli á sviði Evrópuréttar.

„Í ljósi mikilvægis þess að almenningur eigi ekki að þurfa að draga í efa óhlutdrægni dómara og traust ríki í garð dómstóla, er vegur dómara inn á ritvöllinn vandrataður," segir í grein Sveins Andra. Aðili dómsmáls gæti litið svo á að hann njóti ekki sannmælis hjá dómara sem hafi tjáð sig opinberlega um pólitísk mál tengd úrlausnarefninu. „Þá er farið að molna undan traustinu," segir í grein Sveins.

Arnar Þór vísar þessu á bug í grein sinni. Þótt það séu engar fréttir að dómurum beri að stíga varlega til jarðar í opinberri umræðu fylgi dómsvaldi rík ábyrgð „sem birtist ekki síst í þátttöku dómara í umræðu um málefni sem varða heill réttarkerfisins, réttarríkisins, lýðræðis, valdtemprunar og fleira," segir Arnar Þór í grein sinni. **– aá**

»» Tel ég raunar að ég hafi ekki aðeins rétt, sem borgari þessa lands, til að tjá mig um sýn mína á stöðu mála, heldur beina skyldu.

Arnar Þór Jónsson, héraðsdómari í Reykjavík



1. MAÍ 2021

VIÐ HÖLDUM Í BARÁTTUANDANN
ÞÓTT VIÐ KOMUMST HVORKI Í KRÖFUGÖNGU
NÉ Á ÚTIFUND ÞETTA ÁRIÐ!

Sameiginleg dagskrá ASÍ, BHM, BSRB og KÍ
í tilefni af baráttudegi launafólks
laugardagskvöldið 1.maí kl 21:00 á RÚV.

Fram koma Emilíana Torrini og vinir, Margrét Rán og félagar,
Fjallabræður, Skoffín, Moses Hightower,
Jakob Birgisson uppistandari og
Öreigarnir (blásarasveit Samma og Co).

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!



Fyrsta vindmylluskrefið í Grímsey

Stefnt er að því að klára orkuskipti í Grímsey fyrir árið 2030. Þar eru brenndir 400 þúsund lítrar af olíu til raforkuframleiðslu og húshitunar. Setja á upp sex vindmyllur og eru tvær á leið til landsins. Þær eru níu metrar á hæð og spaðarnir spanna 5,6 metra.

AKUREYRI „Þetta eru fyrstu skrefin í að hefja orkuskipti í Grímsey en eyjan er síðasti svarti blettur Akureyrarbæjar enda eini staðurinn þar sem grunnhiti er framleiddur með olíu," segir Guðmundur Haukur Sigurðarson, framkvæmdastjóri Vistorku á Akureyri

Sótt hefur verið um að að víkka út athafnasvæðið í Grímsey til að reisa tvær vindmyllur til að byrja með, en sex alls.

Vindmyllurnar verða austarlega í eyjunni, þar sem fjarskiptamöstrin eru staðsett og trufla því ekki flugsamgöngur eða fuglalíf. Erindi til að stækka athafnasvæðið var tekið fyrir í skipulagsráði Akureyrar í vikunni.

„Við erum að teygja athafnasvæðið aðeins út til að koma vindmyllunum fyrir," segir Guðmundur. Í gildandi aðalskipulagi er það 0,4 hektarar að stærð er óskað eftir að það stækki upp í heilan hektara þar sem sex vindmyllur komast fyrir.



Akureyrarbær hefur sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Fallorka á Akureyri annast verkefnið í samstarfi við Vistorku og Orkusetur, með stuðningi úr Evrópuverkefninu SMARTrenew og Orkusjóði. Orkuframleiðsla og -notkun í Grímsey er byggð á olíu. Heildarolíunotkun er um 400 þúsund lítrar á ári, enda er olía bæði notuð til raforkuframleiðslu og til húshitunar. Ætla má að losun vegna orkunotkunar í Grímsey sé um þúsund tonn af koltvísýringi á ári.

Stefnt er að því að byrja að reisa tvær sex kílóvatta vindmyllur í sumar, en allt að sex vindmyllur til framtíðar. Möstrin á vindmyllunum verða níu metrar á hæð og spaðarnir spanna um 5,6 metra. Hæsti punktur frá jörðu verður í tæplega 12 metrum og gert er ráð fyrir að fjarlægð á milli mastra verði á bilinu 30 til 50 metrar.

Guðmundur segir að Fallorka muni reka vindmyllurnar þegar þær verða komnar á sinn stað, en þær eru á leiðinni til landsins.

Ýmislegt hefur nú þegar verið gert í Grímsey til að draga úr orkunotkun og þar með brennslu jarðefnaeldsneytis. Má nefna stuðning við heimili til að bæta einangrun í þaki og gluggum sem dregur úr upphitunarþörf. Auk þess hefur lýsingu í ljósastaurum verið skipt út fyrir LED sem skilar bæði betri lýsingu og miklum orkusparnaði.

Vindmyllurnar tvær eiga að framleiða um 30.000 kílóvattstundir á ári. Samið hefur verið við skoska framleiðendur sem framleiða litlar en mjög sterkar vindmyllur, enda skiptir veðurþol miklu máli.

Þessar fyrstu aðgerðir eiga að minnka olíunotkun um 20 þúsund lítra og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50 tonn á ári.

Einnig eru áform um að setja upp sólarorkuver við Múla sem gæti framleitt allt að 10.000 kílóvattstundir á ári. Stefnan er að nýta reynsluna til að þróa lausnir fyrir íbúa sem gætu þá sett upp sólarsellur á og við hús sín án kostnaðar.

Þessar fyrstu aðgerðir eiga að minnka olíunotkun um 20 þúsund lítra og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 50 tonn á ári.

„Þetta eru um 10 prósent orkuskipti með þessum tveimur vindmyllum og ef allt gengur upp og sex vindmyllur verða reistar erum við í 35 til 40 prósentum plús sólarsellurnar. Afgangurinn verður svo líklega en stefnan er að orkuskiptin verði búin árið 2030," segir Guðmundur. **benediktboas@frettabladid.is**



Reykjavík er borgin okkar

Orðaleikur

Við eigum ekki orð yfir „Staycation“ í Reykjavík

Sífellt fleiri nýta sér kosti þess að ferðast ekki langt í sumarfríinu. Tékka sig út úr hversdeginum og gefa sér frí innan borgarinnar, skoða og upplifa eitthvað nýtt og spennandi, versla og njóta í mat og drykk og gista jafnvel á hóteli.

Á ensku kallast þetta „Staycation“ en við leitum að snjöllu íslensku orði til að lýsa þessum valkosti. Hvað dettur þér í hug? Skelltu þér inn á borginokkar.is og sendu okkur þína tillögu. Orðaleiknum lýkur 14. maí og verða úrslit kynnt 22. maí.

Þú gætir unnið glæsilegt „Staycation“ í Reykjavík
Gisting og morgunverður á Hótel Borg í tvær nætur fyrir tvo
Smakkseðill á ROK fyrir tvo
Bröns á Rok Restaurant fyrir tvo
30 þúsund króna gjafakort frá Miðborginni okkar
FlyOver Iceland flug fyrir tvo
Fjölskyldupassi í Perluna fyrir 2 fullorðna og 2 börn
48 tíma Borgarkort fyrir tvo

Aukavinningar
48 tíma Borgarkort fyrir tvo

Nánar á **borginokkar.is**



Dlamini Zulu var 65 ára gömul.

Drottning lést eftir valdatöku

SUÐUR-AFRÍKA Drottning Zulumanna í Suður-Afríku, Shiyiwe Mantfombi Dlamini Zulu, er látin 65 ára að aldri, einungis nokkrum vikum eftir að hún tók við völdum. BBC greinir frá.

Dlamini Zulu var ein sex eiginkvenna Zwelithini konungs og tók hún við völdum eftir að hann lést þann 12. mars síðastliðinn, þá 72 ára gamall. Talsmenn drottningarinnar segja andlát hennar hafa komið mjög á óvart.

Líklegt þykir að elsti sonur Dlamini Zulu taki við völdum eftir móður sína. **– bdj**

Netanjahú lofar rannsókn

ÍSRAEL Benjamin Netanjahú, forseti Ísraels, hefur heitið því að láta rannsaka hvað olli því að áhorfendapallur gaf sig á fjölmennri trúarhátíð í þorpinu Meron í norðurhluta landsins aðfaranótt föstudags. Þetta kemur fram á vef BBC.



Benjamin Netanjahú, forseti Ísraels

Að minnsta kosti 45 manns létu lífið og á annað hundrað eru slösuð eftir að pallurinn hrundi. Leyfi var fyrir 30 þúsund manns á hátíðinni en þangað mættu allt að 90 þúsund manns. **– bdj**

Óvæntur forngripafundur kortagerðarmanns í Svíþjóð

Um fimmtíu forngripir í góðu ástandi fundust óvænt í skógi í vesturhluta Svíþjóðar. Fundurinn er einn sá stærsti sinnar tegundar en sérfræðingar segja sjaldgæft að slíkir munir finnist í skógum. Fornleifafræðingur segir að fundurinn gæti veitt aukna innsýn í bronsaldarmenningu á Norðurlöndunum.

SVÍÞJÓÐ Maður í vesturhluta Svíþjóðar rakst óvænt á forngripi sem taldir eru vera frá bronsöldinni. Á meðal munanna sem fundust voru hálsmen, armbönd og nælur, um fimmtíu talsins. Gripirnir eru taldir vera um 2.500 ára gamlir.

Thomas Karlsson sem fann fjársjóðinn er kortagerðarmaður og var að undirbúa ratleik í skóginum þegar hann kom auga á eitthvað sem glampaði á jörðinni. Talið er að gripunum hafi verið komið fyrir sem fórn.


Að sögn sænskra fornleifafræðinga er sjaldgæft að finna slíka forngripi í skógum, en ættbálkar á svæðinu skildu slíkar fórnir venjulega eftir í ám eða votlendi.

Sænsk lög krefjast þess að hver sem finnur fornleifar á borð við þessar láti yfirvöld vita þar sem litið er á þær sem eign ríkisins sem ákveði svo hvort viðkomandi skuli fá umbun fyrir. Karlsson segir að þótt þau yrðu vel þegin þá skipti verðlaun hann ekki miklu máli.

„Það eru engar skriflegar heimildir til um þessa menningu frá þessum tíma," segir Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur á Fornleifafræðistofunni, um fundinn. „Það er oft miðað við að bronsöldin hafi byrjað um 1500 fyrir Krist og að henni hafi lokið um 500 fyrir Krist svo þessir munir eru frá síðari hluta tímabilsins."

Fornleifafundir á borð við þennan eru sjaldgæfir en sambærilegur fundur átti sér stað skömmu fyrir 1970 en var þó minni í sniðum. Að sögn Bjarna eru gripir frá tímabilinu mjög einkennandi og erfitt að fara villur vegar um að munirnir séu frá bronsöld.

„Þetta var tímabil stórhöfðingja sem réðu yfir misstórum landsvæðum og nýttu sér dýrgripi á borð við þessa til að sýna fram á veldi sitt," segir hann. „Þarna er ef til vill um að ræða fórn frá höfðingja til að sýna fram á ríkidæmi sitt og vald eða þá til að þóknast guðunum."



Hluti af bronsaldargripunum sem fundust. Bjarni segir fundi á borð við þennan sjaldgæfa. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Þessi fundur segir okkur að við þurfum alltaf að vera vakandi.**
>
> Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur á Fornleifafræðistofunni



Bjarni segir að vafalítið muni fundurinn veita aukna innsýn í bronsaldarmenningu í Svíþjóð þótt rannsóknir á gripunum séu enn á frumstigi. Hann segir einnig að óvenjuleg staðsetning fundarins veki upp möguleikann á að fornleifar sé að finna á svæðum þar í kring þar sem áður var talið að væru engar frá þessum tíma.

„Það voru auðvitað ekki fornleifafræðingar sem fundu þessa muni heldur vökull áhugamaður sem átti leið hjá," segir Bjarni sem hefur sjálfur grafið á svæðinu. „Í skráningarvinnu er talað um hvít svæði þar sem ólíklegt þykir að minjar finnist en þessi fundur segir okkur að við þurfum alltaf að vera vakandi." **arnartomas@frettabladid.is**





Fjöldi látinna af völdum veirunnar vex hratt á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Líkbrennslur halda ekki í við mikinn fjölda látinna

INDLAND Í gær létust um 3.500 á Indlandi af völdum COVID-19 og hafa nú þrjátíu þúsund látist á síðustu tíu dögum. Um 210 þúsund hafa látist síðan faraldurinn hófst. Yfirvöld standa nú í strögu við að finna nýja staði fyrir líkbrennslur þar sem útfararþjónustur og líkbrennslustöðvar halda ekki í við gríðarlegan fjölda látinna.

> **Í gær greindust 386.452 smituð af COVID-19 á Indlandi.**

Smit eykst enn og voru ný tilfelli í gær 386.452 talsins en talið er að þau kunni að vera mun fleiri. Yfir átján milljónir hafa greinst með smit í landinu.

Fyrsta sending af neyðarbirgðum frá Bandaríkjunum barst til Indlands í gær með herflugvél. Um borð voru um milljón hraðgreiningarpróf og 100 þúsund andlitsgrímur. Bandaríska ríkisstjórnin hefur heitið að gefa landinu 15 milljón grímur.

Þó er enn mikill skortur á súrefnisbirgðum og sjúkrarýmum víða um landið. Indverska ríkisstjórnin hefur sætt vaxandi gagnrýni vegna viðbragða sinna við faraldrinum en heilbrigðisráðherra varði ríkisstjórnina og sagði að dánartíðni landsins væri sú lægsta í heimi og að súrefnisbirgðir væru „ásættanlegar". **– atv**



Leikskólaplass skortir í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Leigja einingar og kaupa rútur

REYKJAVÍK Borgarráð Reykjavíkur ætlar að taka á leigu 100 til 110 einingar af færanlegu húsnæði til að geta boðið ný leikskólapláss á næsta skólaári.

Þá var óskað heimildar á borgarráðsfundi til að hefja útboðsferli við tvær fullbúnar leikskólarútur.

Kostnaðarmat á búnaði er um 250 milljónir. Áætlaður kostnaður vegna tveggja fullbúinna leikskólarúta er um 120 milljónir.

Sagt er að samkvæmt síðasta yfirliti séu 737 börn á biðlista eftir leikskólaplássi í Reykjavík.

Sjálfstæðismenn bókuðu að samkvæmt síðustu birtu tölum væru 737 börn, 12 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi í borginni.

„Þetta ástand er óviðunandi og hefur því miður verið viðvarandi um árabil. Það er mikilvægt að þær lausnir sem hér eru kynntar mæti þessari miklu þörf, verði útfærðar með hraði og tryggi bætta þjónustu við fjölskyldur í borginni," segir í bókuninni. – bb

Þórdís Kolbrún hoppar í sjóinn

AKRANES Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra Íslands, ætlar að hoppa til góðs í sjóinn í dag.

Viðburðurinn Stokkið fyrir Svenna er áheitasöfnun fyrir Sveinbjörn Rey sem lenti í alvarlegu slysi í fyrra og er það árgangur '71 á Akranesi sem stendur fyrir viðburðinum.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

Fyrir utan Þórdísi ætla Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri, Gísli Einarsson sjónvarpsmaður, Theodór Freyr Hervarsson veðurfræðingur, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, og nokkrir bæjarfulltrúar að láta sig vaða út í sjó.

Tilgangurinn er að safna áheitum til kaupa á sérstöku rafhjóli fyrir Sveinbjörn. Draumurinn er, samkvæmt tilkynningu, að fá 71 stökkvara til að stökkva í sjóinn af smábátabryggjusvæðinu á Akranesi. – bb

Ein í nítján manna stjórn

SJÁVARÚTVEGUR Rósa Guðmundsdóttir, framleiðslustjóri Guðmundar Runólfssonar hf., er eina konan í stjórn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Alls var 19 manna stjórn kosin, þar af 18 karlar.

Ólafur Marteinsson, framkvæmdastjóri Ramma hf., var endurkjörinn formaður SFS á aðalfundi sem haldinn var í gær. Hann var einn í framboði. – bb

Áhyggjur vegna símanúmers Boris Johnson

BRETLAND Símanúmer forsætisráðherra Breta, Boris Johnson, var á veraldarvefnum í 15 ár. Sérfræðingar sem BBC ræddi við sögðu að auðvelt væri fyrir óprúttna aðila að nýta sér að vita persónulegt númer forsætisráðherrans.

Númerið birtist með fréttatilkynningu árið 2006 og slúðurmiðillinn Popbitch vakti athygli á að númerið væri enn aðgengilegt. Tilkynningin hefur nú verið fjarlægð af vefnum.

Símanotkun forsætisráðherrans hefur verið töluvert á milli tannana á fólki eftir að BBC birti skilaboð



Boris Johnson forsætisráðherra Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Persónulegt símanúmer Boris Johnson birtist í fréttatilkynningu fyrir fimmtán árum og mun enn vera aðgengilegt.

milli hans og milljarðamæringsins James Dyson þar sem Johnson lofaði að laga skattaumhverfi fyrir Dyson.

Þá sagði Guardian frá því að krónprins Sádi-Arabíu, Mohammed bin Salman, hefði sent Johnson skilaboð þegar hann vildi kaupa Newcastle. – bb

1. MAÍ

Að lifa eða lifa af?

Við höfum viðurkennt rétt fatlaðs fólks til sífellt batnandi lífskjara og að það verði að veruleika án mismununar
(úr samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks SRFF)

Með staðfestingu SRFF hafa stjórnmálamenn skuldbundið sig til að tryggja þann rétt. Það er löngu kominn tími efnda.






Silungsveiði er hafin fyrir nokkru í Elliðavatni og þangað sækja ungir og aldnir með veiðigræjur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vorstemning á landinu bláa

Erfiður farsóttarvetur er nú að baki og brúnin á Íslendingum er að lyftast með hækkandi sól. Eins og vant er dimmittera nýstúdentar og veiðimenn munda stangir. Linnulítill straumur hefur verið í Laugardalshöll þar sem bólusett er í gríð og erg.



Verðandi nýstúdentar dimmittera nú hver á fætur öðrum. Valli einn kjáði framan í Ingólf í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Sólinni var tekið fagnandi í Grasagarðinum í Laugardal. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ragnar Gunnarsson í Kópavogi undirbýr strandveiðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Menn fóru sigri hrósandi í bólusetningu. Ekki spillti fyrir að sóttvarnalæknir var í hópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Lokað er í dag 1. maí

ID.4 GTX

Alrafmagnaður fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll

Tryggðu þér eintak í forsölu á www.hekla.is/volkswagensalur þar sem alltaf er opið

Verð frá
6.990.000 kr.



ID.4 GTX

Rafhlaða 77 kWst • Dráttargeta 1200 kg • Drægni allt að **480 km** (WLTP)

Kynntu þér ríkulegan staðalbúnað ásamt verðlista á www.volkswagen.is

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Fylgdu okkur! @volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

TAXFREE AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SMÁVÖRUM OG AUKAAFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

Rosenthal · DUTCH DELUXES · EIGHT MOOD · VIDIVÌ Vetri delle Venezie · UMAGE · BROSTE COPENHAGEN · iittala · RIVERDALE · NORDAL · Blitz · eva solo · ester & erik · Verti Copenhagen · by Sommer · ZONE Denmark · KAY BOJESEN Denmark · bodum · Medusa Copenhagen



GIRONA 25% AFSLÁTTUR



EVELYN 50% AFSLÁTTUR



PASSO 30% AFSLÁTTUR



OTTAWA 30% AFSLÁTTUR



BERMUDA 25% AFSLÁTTUR



OSLO 50% AFSLÁTTUR



HYACINT 50% AFSLÁTTUR



RIA 25% AFSLÁTTUR



NAPOLI 35% AFSLÁTTUR





MALCOLM 50% AFSLÁTTUR



LION 50% AFSLÁTTUR



NAPOLI 35% AFSLÁTTUR



FRIDAY 30% AFSLÁTTUR



ASAMA 32% AFSLÁTTUR



HARALD 50% AFSLÁTTUR



HEAVEN SÓFABORÐ 30% AFSLÁTTUR



MALCOLM 50% AFSLÁTTUR



ZONE GT 30% AFSLÁTTUR



GIRONA 25% AFSLÁTTUR



NORDAL 50% AFSLÁTTUR



VDIVI CHEF 30% AFSLÁTTUR



BILOXI 34% AFSLÁTTUR



NIZZA 50% AFSLÁTTUR



MALCOLM 50% AFSLÁTTUR

Reykjavík Bildshöfði 20 — **11 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

Akureyri **Dalsbraut 1** — **11 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

Ísafjörður **Skeiði 1**

www.husgagnahollin.is 558 1100

1. MAÍ TAXFREE

GILDIR LAUGARDAG
OG SUNNUDAG

AF ÖLLU*

25-50%

aukaafsláttur af völdum vörum



* **Taxfree gildir ekki af Skovby eða sérpöntunum og jafngildir 19,35% afslætti.**
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði.
Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA
HÖLLIN

Á röngunni



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Einhver sú alfurðulegasta hugmynd sem skotið hefur upp kollinum nýverið er sú að vernda þurfi sérstaklega opinbera starfsmenn fyrir afleiðingum gerða sinna.

Þessarar dellu hefur reyndar orðið vart áður í öðrum birtingarmyndum en blessunarlega ekki komist í burðarliðinn. Nokkuð kemur á óvart að sá sem kveikir umræðuna nú sé seðlabankastjórinn. Orð hans og æði fram til þessa í starfi bankastjóra hafa borið merki skynsemi og yfirvegunar. Í þessu máli kveður við annan tón.

Málið er sprottið úr farvegi máls bankans gegn Samherja þar sem fyrirtækið freistaði þess að láta reyna á ábyrgð þeirra starfsmanna bankans sem hrundu málinu af stað innan hans. Það mál er út af fyrir sig ekki frekar til umræðu hér en síðasta vending í því var að lögreglustjórinn á Vestfjörðum vísaði kæru fyrirtækisins á hendur fimm starfsmönnum bankans frá nýlega.

Það er við þau tímamót sem seðlabankastjórinn kallar eftir skýrari vernd opinberra starfsmanna í lögum og hefur Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tekið varlega undir og sagt það þurfa ítarlega skoðun.

Rétt er að gera grein fyrir því að opinberir starfsmenn njóta nú þegar talsverðrar verndar í lögum, umfram aðra á vinnumarkaði. Til dæmis er í almennum hegningarlögum sérstakt verndarákvæði í kaflanum um brot gegn valdstjórninni sem segir að hver sá sem ræðst með ofbeldi eða hótunum um það á opinberan starfsmann skuli sæta fangelsi allt að sex árum. Fyrir nú utan atvinnuverndina sem þeir njóta.

Yfirleitt er þannig á litið að menn séu ábyrgir gerða sinna nema fyrir liggi sérstakar ástæður sem leiða eiga til annars. Opinberum starfsmönnum er falið mikið vald og það getur reynst borgurunum bæði kostnaðarsamt og þungbært að rétta sinn hlut gagnvart ofríki og ranglæti hins opinbera.

Í marsmánuði árið 2013 var gefin út ákæra á hendur fjórum mönnum í svonefndu Aserta-máli og þeim gefið að sök að hafa brotið gegn reglum um gjaldeyrismál. Héraðsdómur Reykjaness sýknaði mennina af öllum ákæruliðum í desember 2014. Saksóknari áfrýjaði málinu til Hæstaréttar en féll frá áfrýjun og var sýkna í héraði því endanleg niðurstaða máls. Undir rannsókn málsins máttu mennirnir þola kyrrsetningu eigna sinna, húsleitir, aflað var gagna úr símum þeirra og við upphaf rannsóknarinnar var haldinn sérstakur blaðamannafundur á vegum lögreglu með fulltrúum Seðlabankans þar sem aðild þeirra var kynnt. Þeir höfðu þá enn ekki verið yfirheyrðir.

Gefa má sér að lítil stemning sé fyrir því að víðtækari friðhelgiákvæði til handa opinberum starfsmönnum verði leidd í lög, nema ef vera skyldi á meðal þeirra sjálfra.

Við viljum að opinberu valdi sé beitt hóflega af hálfu þeirra sem með það fara.

Það er engin ástæða til að vernda opinbera starfsmenn sérstaklega fyrir afleiðingum gerða sinna.

Nær að það væri á hinn veginn.


Þessarar dellu hefur reyndar orðið vart áður í öðrum birtingarmyndum en blessunarlega ekki komist í burðarliðinn.



Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Brynjar og geimverurnar

John Sweeney er einn fremsti rannsóknarblaðamaður Bretlands. Hann hefur fjallað um stríð, pólitík og þjóðarmorð. Hann hefur flutt fréttir frá Bosníu, Tsjetsjeníu og Írak. Hann hefur lent í loftárásum, kúlnaregni og upplifað það að serbneskur stuðningsmaður Slobodan Milosevic styngi dínamíttúpu upp í nefið á honum. Verkefnið sem kom honum úr jafnvægi var hins vegar af öðrum meiði.

Vorið 2007 hélt Sweeney til Bandaríkjanna til að gera fréttaskýringaþátt um Vísindakirkjuna fyrir Breska ríkisútvarpið BBC. Meðan á gerð þáttarins stóð voru Sweeney og samstarfsfólk hans elt á röndum af skuggalegum einkaspæjurum og starfsfólki kirkjunnar. Þau voru áreitt, þeim var hótað, á þau var öskrað og um þau var njósnað. „Ég er ekki hræðslugjarn," sagði Sweeney nýverið um atvikið sem markaði feril hans. „En þarna var ég hræddur – og ég er enn hræddur."

Í heila viku stóð Sweeney af sér ógnartilburði háttsettra embættismanna kirkjunnar sem jusu yfir hann svívirðingum á meðan þeir beindu að honum sínum eigin kvikmyndavélum. En á sjöunda degi brást honum æðruleysið. Hann svaraði fyrir sig fullum hálsi og öskraði á ofsækjendur sína.

Vísindakirkjan var stofnuð árið 1953 af vísindaskáldsagnahöfundinum L. Ron Hubbard. Kirkjan boðar að innra með fólki búi andar utan úr geimnum. Meðlimir safnaðarins greiða kirkjunni fúlgur fjár fyrir að hreinsa sig af neikvæðum tilfinningum. Þótt Vísindakirkjan kalli sig trúarsöfnuð hafa aðrir sagt samtökin eiga meira skylt við alþjóðlegt stórfyrirtæki. Enn aðrir hafa sakað kirkjuna um að vera hættulegan sértrúarsöfnuð, eða költ.

Þegar John Sweeney hóf að búa til fréttaskýringaþátt um Vísindakirkjuna upphófst ekki aðeins skipulegt átak til að hræða hann. Vísindakirkjan fór einnig í herferð til að sverta mannorð hans. Myndskeiðið af Sweeney þar sem hann öskrar á kvalara sinn varð uppistaðan í „heimildarmynd" sem kirkjan framleiddi. Í myndinni voru Sweeney og teymi hans sögð brjóta verklagsreglur BBC. Myndinni var komið til yfirmanna Sweeney og afhent breskum þingmönnum á DVD-diskum.

Meðferð Vísindakirkjunnar á Sweeney var langt frá því að vera handahófskennd. Það var L. Ron Hubbard sjálfur sem gerði það að opinberri stefnu kirkjunnar að ráðast harkalega og með öllum ráðum gegn þeim sem gagnrýndu hana. Fyrir barðinu á stefnunni sem gengur undir heitinu „réttmætt skotmark" (e. „fair game") hafa orðið fyrrverandi meðlimir kirkjunnar, blaðamenn, opinberir starfsmenn og stofnanir á borð við skattinn í Bandaríkjunum.

Ef aðferðafræðin hljómar kunnuglega er skýringarinnar ekki langt að leita. Á dögunum birti útgerðarfyrirtækið Samherji enn eitt myndbandið til höfuðs Helga Seljan, blaðamanni hjá fréttaskýringaþættinum Kveik. Samherji hefur sótt hart að gagnrýnendum sínum í kjölfar fréttaflutnings af athæfi fyrirtækisins í Namibíu. Blaðamenn eru ataðir auri svo að atvinnuöryggi þeirra er ógnað, uppljóstrarar eru hundeltir af skuggalegum einkaspæjurum og óbreytt starfsfólk eftirlitsstofnana lifir í ótta við málshöfðanir.


En stjórnunarstefnan „réttmætt skotmark" er ekki það eina sem Samherji og Vísindakirkjan eiga sameiginlegt. Þingmaðurinn Brynjar Níelsson fann sig á dögunum knúinn til að brýna fyrir landsmönnum mikilvægi Samherja sem hann kvað „öflugt fyrirtæki" sem gerði „mikil verðmæti úr auðlindum okkar".

Samherji er ekki aðeins útgerðarfyrirtæki. Samherji er sértrúarsöfnuður sem, rétt eins og Vísindakirkjan, byggir tilvist sína á trú fólks á helberan uppspuna. Samherji segist breyta vatni í vín. En uppspretta verðmætanna sem Brynjar talar um er ekki milliganga Samherja heldur fiskurinn í sjónum.

Það verður ekki fyrr en við látum af trúnni sem ægivaldi költ-leiðtoganna linnir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

















SJÚKRALIÐAR
TIL HAMINGJU MEÐ BARÁTTUDAG LAUNAFÓLKS











SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS

Sjúkraliðafélag Íslands | Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími 553 9493 / 553 9494 | www.slfi.is

Pressan er á Liverpool í stórslagnum

Liverpool þarf nauðsynlega á sigri að halda þegar liðið sækir Manchester United heim, ætli liðið sér að halda lífi í voninni um sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta keppnistímabili. Manchester United siglir hins vegar nokkuð lygnan sjó í deildinni.

ENSKI BOLTINN Manchester United og Liverpool leiða saman hesta sína í 34. umferð ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla á Old Trafford á morgun. Þetta verður í þriðja skiptið á árinu sem liðin etja kappi en þau mættust tvisvar sinnum á einni viku í lok janúar.

Liðin gerðu þá markalaust jafntefli í deildarleik áður en Manchester United sló Liverpool úr leik í enska bikarnum, 3-2, í fjörugri leik. Á þeim tímapunkti var Manchester United á toppi deildarinnar á meðan Liverpool var enn í fínum málum í toppbaráttu deildarinnar.



Thiago Alcantara og Marcus Rashford verða í eldlínunni í leik liðanna á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Margt breyst frá síðasta leik

Síðan þá hefur Manchester United gefið eftir í titilbaráttunni og eiga nú nágrannar þeirra, Manchester City, sigurinn vísan í deildinni. Sigið hefur hins vegar mun meira á ógæfuhliðina hjá Liverpool sem er komið niður í sjötta sæti deildarinnar og er fjórum stigum á eftir Chelsea sem er í fjórða sæti eins og sakir standa.

Því gæti verið að Liverpool verði ekki í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð en það gerðist síðast tímabilið 2015 til 2016. Jürgen Klopp hefur ekki mistekist að koma liðinu áður í Meistaradeildina eftir heilt tímabil við stjórnvölinn.

Nú hafa áform um stofnun Ofurdeildar Evrópu verið slegin út af borðinu í bili hið minnsta, þannig að Liverpool þarf að spýta allhressilega í lófana í síðustu fimm leikjum sínum ætli félagið ekki að missa af peningagullkistunni sem Meistaradeildin er.

> **Liverpool er úr leik í öllum keppnum en er að rembast við að komast í Meistaradeildina.**
>
> Halldór Marteinsson, Manchester United



Ólíkt gengi hjá liðunum

Liðin koma með mismunandi bragð í munninum eftir síðustu leiki sína. Liverpool missti tvö stig í hendur Newcastle United þegar liðin gerðu jafntefli í síðustu umferð deildarinnar, á meðan Manchester United bjó sér til gott veganesti í seinni leik sínum við Roma í undanúrslitum Evrópudeildarinnar með 6-2 sigri á Old Trafford á fimmtudagskvöldið.

Ole Gunnar Solskjær, knattspyrnustjóri Manchester United, minnti hins vegar á að það hafi ekki skipt máli í gegnum tíðina hver staða liðanna í deildinni er þegar að slag erkifjendanna kemur.

„Þetta hafa ávallt verið leikir sem beðið er eftir með mikill spennu og staða liðanna í deildinni hefur hingað til engu máli skipt hvað úrslitin varðar. Þannig verður það einnig á morgun, þetta verður hörkuleikur," sagði Solskjær á blaðamannafundi fyrir leikinn.

Kollegi hans hjá Liverpool, Jürgen Klopp, tók í sama streng: „Bæði knattspyrnustjórar og leikmenn Liverpool gera sér fulla grein fyrir því hversu mikilvægir þessir leikir eru.

Burtséð frá rígnum milli liðanna þá verðum við að vinna til þess að halda okkur áfram í baráttunni um að vera með í Evrópukeppni á næsta tímabili.

Þetta verður leikur sem spilaður verður af mikilli ákefð og við sáum í hversu góðu formi Manchester United er þegar þeir mættu Roma á fimmtudagskvöldið. Þar sáum við hvers megnugir þeir eru ef þeir eru ekki settir undir pressu," sagði Klopp um komandi leik.

Montréttur undir hjá Man.Utd.

Halldór Marteinsson, stuðningsmaður Manchester United, spáir þægilegum sigri sinna manna.

„Nú styttist í lok tímabilsins í ensku úrvalsdeildinni. Manchester United á aðeins fimm leiki eftir í deildinni og þeirra langstærstur er þessi leikur gegn Liverpool. Það er samt dálítið undarlegt að koma inn í þennan leik því það er eiginlega ekki að neinu að keppa fyrir Manchester United og fókusinn frekar á Evrópudeildinni.

> **Þegar fimm umferðir eru eftir er Liverpool fjórum stigum frá sæti sem veitir þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð.**

Eftir frábæran 6-2 sigur í fyrri leiknum gegn Roma er liðið í dauðafæri á að komast í úrslitaleikinn og eiga þar séns á að enda tímabilið með einn góðan Evróputitil," segir Halldór um komandi leik.

Tveir slæmir kostir í stöðunni

„Liverpool er úr leik á öllum vígstöðvum en er að rembast við að reyna að komast í Meistaradeildina svo það er mikið undir hjá þeim. Auðvitað er alltaf eitthvað mikið undir þegar þessi lið mætast, ég segi það ekki.

Það væri hrikalegt að tapa gegn þeim og glatað ef Manchester City tryggir deildartitil af því Liverpool vinnur Manchester United. Það má bara ekki gerast.

Það væri líka sætt að koma í veg fyrir að Liverpool næði Meistaradeildarsæti og helst að þeir næðu ekki heldur Evrópudeildarsæti heldur þyrftu að eyða tíma og orku á næsta tímabili í nýju Evrópukeppnina, Lengjubikar Evrópu eða hvað sem hún heitir," segir hann enn fremur, áður en hann skýtur á að Manchester United fari með 2-0 sigur af hólmi.

Halldór er á því að Edinson Cavani og Bruno Fernandes sjái um markaskorun Manchester United í leiknum.

Hinn eitilharði Liverpool-maður Kristinn Kjærnested er ekki jafn sigurviss fyrir hönd sinna manna og með trega í hjarta spáir hann heimasigri.

> **Það er erfitt að segja það en Manchester United vinnur 2-1 sigur.**
>
> Kristinn Kjærnested, Liverpool

„Nágrannaslagur, en sem fyrr eru engir áhorfendur. Ég held að það væri betra fyrir mína menn ef völlurinn væri stútfullur af áhorfendum með tilheyrandi svívirðingum frá stuðningsmönnum Manchester United.

Það myndi kannski kveikja í mínum mönnum. Ég held að Manchester United muni njóta þess að spila gegn núverandi Englandsmeisturum. Ég hef hins vegar enga trú á Liverpool í þessum leik," segir Kristinn svartsýnn.

„Manchester United vann stórsigur á Roma og þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af seinni leiknum í Rómarborg og geta sett allt í þennan leik. Vitandi að ekkert nema sigur dugir Liverpool munu leikmenn Manchester United, sem fyrr í leikjum liðanna, liggja aftarlega og beita skyndisóknum.

Liverpool-menn mæta dýrvitlausir inn í leikinn og blása til sóknar frá fyrstu sekúndu. Eftir hálftíma verða 10 markskot hjá mínum mönnum en ekkert þeirra á markrammann. Marcus Rashford kemur Manchester United yfir þar sem Trent Alexander-Arnold sefur á verðinum alltof framarlega á vellinum.

Bruno Fernandez skorar svo úr ódýrri vítaspyrnu fljótlega í síðari hálfleik. Digo Jota kemur inn á í seinni hálfleik en hann mun minnka muninn þegar korter er eftir en Manchester United sigla þessu heim," segir hann í sinni spá um þróun leiksins.

„Manchester United hefur getað stillt upp sinni sterkustu vörn nær allt tímabilið og leikurinn mun ráðast á því sem og að miðjumenn Manchester United munu ekki eiga í teljandi vandræðum með hægt spil og enga ógn frá miðjumönnum Rauða hersins sem hafa aðeins skorað fjögur mörk á tímabilinu.

Það er erfitt að segja það, en Manchester United vinnur 2-1 sigur og þarf að bíða viku lengur eftir því að óska „hinum grönnunum" í Manchester City til hamingju með verðskuldaðan titil. Mánudagurinn fer svo í að benda vinnufélögunum sem halda með Manchester United á þá staðreynd á næstu leiktíð.

Þá verður allt annað uppi á teningnum enda munu Liverpool mæta gríðarsterkir og hungraðir til leiks. Þá verður tólfti maðurinn á sínum stað, þetta hörmungartímabil leiðrétt og titilinn fer aftur á Anfield," segir Liverpool-maðurinn enn fremur um næsta daga í lífi stuðningsmanns Liverpool.

hjorvaro@frettabladid.is

KRÓNAN

Gleðilegt sumar!

OPIÐ Í DAG

1. maí, í öllum verslunum!

Nánar á kronan.is

Krónan mælir með!

Gular melónur

296 kr. kg

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Bullandi kvenorka á hæsta tindi landsins

Ef veðurguðirnir eru hliðhollir ættu 128 konur þessa stundina að vera á göngu á hæsta tindi landsins, Hvannadalshnjúki. Leiðangurinn kalla þær Kvennadalshnjúk enda hefur slíkur kvennafans ekki áður sést í rúmlega 2.000 metra hæð hér á landi.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



SUMAR ERU AÐ GANGA Í MINNINGU ÁSTVINAR EÐA HAFA SJÁLFAR FARIÐ Í GEGNUM KRABBAMEINS-MEÐFERÐ. Í HÓPNUM RÍKIR ÁKVEÐIN AUÐMÝKT GAGNVART VERKEFNINU.

Það er engin önnur en Vilborg Arna Gissurardóttir sem stýrir hópnum ásamt Brynhildi Ólafsdóttur, en þeim til halds og trausts eru átján þaulreyndar fjallaleiðsögukonur af þremur kynslóðum, sem fara fyrir hópnum.

Leiðangurinn var á dagskrá fyrir ári síðan sem hluti átaks sem Sirrý Ágústsdóttir setti af stað til að safna fyrir bættum aðbúnaði sjúklinga með krabbamein og blóðsjúkdóma á nýrri lyflækningadeild Landspítalans. En vegna samkomutakmarkana var leiðangrinum frestað og ferðin nú sérstaklega skipulögð með tilliti til sóttvarna.

„Leiðsögukonur hópsins eru af þremur kynslóðum, sumar þeirra hafa verið að leiðsegja á hnjúkinn í tuttugu ár og svo eru þarna líka nokkrar sem eru að ljúka námi núna," útskýrir Vilborg, sem segir mikinn mannafla þurfa í svo stórt verkefni. „Það er alltaf flókið að fara með svona stóra hópa en með COVID viðmiðunum er þetta enn flóknara. Það er búið að skipta hópnum niður og hver hópur hefur sinn lit og armband. Hver minni hópur fer af stað á settum tíma og það eru mjög ítarlegar tímareglur sem hver hópur þarf að fylgja. Svo þetta eru nokkrir aðskildir hópar á jöklinum á sama tíma en ekki sama stað."

Rúmlega árs undirbúningur

Stóra breytan í slíkri skipulagningu er þó alltaf veðrið en Vilborg segir þær vera vongóðar að geta farið af stað og náð að toppa en til þess þarf auðvitað að viðra vel. Konurnar eru vel undirbúnar en fjölmargar þeirra voru skráðar til leiks fyrir rúmi ári síðan og hafa því getað undirbúið sig vel.

„Þær hafa fengið heimaverkefni til að leysa, Collab styrkti leiðangurskonur með fjarþjálfunarprógrammi fyrir fjallgöngur og svo voru þær með verkefni frá okkur eins og til að mynda „double trouble" sem er að ganga Esjuna tvisvar í einni beit. Það er svolítið verkefni enda um 1.200 metra hækkun að ræða." Tekinn var tíminn á Esjuferðinni og konunum raðað saman í jöklalínu eftir þeim en átján línur, hver með átta konum, verða á Hnúknum samtímis.

Mikil stemning í hópnum

Þótt hópurinn hafi ekki undirbúið sig saman hafa þær tengst í gegnum Facebook-hóp og þannig deilt undirbúningi sínum. „Það er rosa stemning í hópnum og þær hafa verið að sýna hvað þær eru að gera þar." Eins og fyrr segir er gangan gengin að tilstuðlan Sirrýjar Ágústsdóttur til styrktar Lífskrafti og segir Vilborg konur taka þátt á mismunandi forsendum. „Sumar eru að ganga í minningu ástvinar eða hafa sjálfar farið í gegnum krabbameinsmeðferð. Í hópnum ríkir ákveðin auðmýkt gagnvart verkefninu."

Fyrsti hópur leggur af stað korter yfir miðnætti aðfaranótt laugardags. „Það eru nokkrar ástæður fyrir því að við göngum að nóttu til en aðallega snýst þetta um færi. Eftir því sem lengra líður á daginn verður færið oft erfiðara enda sólin og hitinn farinn að vinna á því en helst vill maður ganga í hörðu og góðu færi. Svo er auðvitað einstakt að ganga yfir sumarnótt á Íslandi," segir Vilborg.

„Fyrsti hópur ætti svo að toppa í kringum átta eða níu um morguninn og vera kominn niður upp úr klukkan tvö á laugardeginum. Við krossum alla fingur og tær og biðjum til allra almætta að það viðri nógu vel til að við náum að toppa," útskýrir Vilborg sem segir þetta með stærri kvenviðburðum í fjallamennsku sem hún hafi heyrt af.



Fararstjórarnir Vilborg Arna Gissurardóttir og Brynhildur Ólafsdóttir hér með Sirrý Ágústsdóttur upphafskonu átaksins á milli sín. Myndin er tekin þegar þær þveruðu jökulinn í fyrra en nú á að toppa. MYND/SOFFÍA SIGURGEIRS



Kvennasamstaða og orka er ríkjandi í hópnum og fleytir honum vonandi alla leiðina á hæsta tind Íslands í dag.



Snjódrífurnar þveruðu Vatnajökul á síðasta ári og nú toppa þær Hvannadalshnjúk í styrkum kvennahópi.

Hvannadalshnjúkur

Hvannadalshnjúkur er hæsti tindur landsins, 2.110 metrar, staðsettur innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Ganga að honum tekur oftast um tólf til fimmtán klukkustundir og er gengið upp frá Sandfelli. Gangan þarfnast ekki sérstakrar kunnáttu en reynir á þol og úthald göngufólks.

Gangan hefst á frekar brattri hækkun frá 100 metrum og upp í 1.100 metra og mætti líkja þessu upphafi við eina Esjugöngu.

Þá er farið í línur áður en gengið er á jökulinn, en reynt er að raða fólki eftir getu og formi á línu svo auðvelt sé að halda svipuðum gönguhraða. Fremst í hverri línu er leiðsögumaður. Þannig er svo gengið frá 1.100 metrum og upp í 1.800 metra á jöklinum sjálfum. Þessi leið getur reynt á þolinmæðina enda hvítt til allra átta og gangan fremur einhæf.

Þá er komið á Öræfajökul og gengið á jafnsléttu þar til komið er að hnjúknum sjálfum.

Á leiðinni á toppinn er nauðsynlegt að klæðast broddum enda bratt síðasta spölinn. Þegar toppnum er náð er útsýnið magnað ef skyggni er gott og sést vel til nærliggjandi fjalla.



Sirrý Ágústsdóttir upphafskona átaksins hér ásamt Birnu Bragadóttur.

Lífskraftur

Sirrý Ágústsdóttir er upphafsmanneskja átaksins, en hún greindist með leghálskrabbamein árið 2010 og aftur 2015. Í síðara skiptið var ljóst að krabbameinið var króníst og töldu læknar að hún ætti eitt til þrjú ár eftir ólifuð. Á síðastliðnu ári fékk Sirrý útivistarvinkonur sínar Snjódrífurnar til að fagna þessum tímamótum með sér og gengu þær yfir Vatnajökul og söfnuðust sex milljónir króna.

Markmiðið með leiðangrinum á Hnúkinn er að safna frekari áheitum fyrir Lífskraft en allt það fé sem safnast fer í bættan aðbúnað fyrir sjúklinga með krabbamein og blóðsjúkdóma á nýrri lyflækningadeild Landspítalans.

Hægt er að styðja við Lífskraft með því að senda SMS í símanúmerið 1900

Sendið textann *LIF1000* fyrir 1.000 krónur.

Sendið textann *LIF3000* fyrir 3.000 krónur.

Sendið textann *LIF5000* fyrir 5.000 krónur.

Sendið textann *LIF10000* fyrir 10.000 krónur.

Einnig er hægt að leggja inn á reikning 1161-26-9900, kt. 501219-0290, eða með AUR appinu í síma 789 4010.

Heimsborg við höfnina

Lífsgæðin í Austurhöfn eiga sér enga hliðstæðu í staðsetningu, hönnun, efnisvali, þjónustu og aðgengi. Einstakt útsýni er úr öllum íbúðum og beint aðgengi úr bílakjallara. Hver íbúð hefur sinn eigin persónuleika sem henta ólíkum kröfum.

Sannur miðbæjarandi

Tveggja herbergja íbúð í hæsta gæða-flokki. Rúmgott og vel skipulagt svefnherbergi, ítalskar gæðainnréttingar og snjallheimiliskerfi ásamt útsýni í einkagarð Austurhafnar af stórum og björtum svölum.

Íbúð 316, Reykjastræti 7
2 herb. 71,5 m², Verð: 74,5 m.

Rými og útsýni yfir borgina

Rúmgóð fjögurra herbergja íbúð á þriðju hæð í Austurhöfn. Svalir í báðum endum íbúðarinnar veita ómótstæðilegt útsýni yfir Hörpu og Reykjatorg. Auka-herbergi með sér-baðherbergi.

Íbúð 312, Reykjastræti 5
4 herb. 146m², Verð: 149 m.

Glæsileg, björt og opin

Vegleg stofa með einstöku útsýni að Hörpu og Reykjatorgi. Rúmgott hönnunareldhús með aðstöðu á heims-mælikvarða býður gesti velkomna. Stórt baðherbergi með baðkari og fataherbergi.

Íbúð 314, Reykjastræti 7
2 herb. 102,3 m², Verð: 110 m.







AUSTURHÖFN
101 REYKJAVÍK

MIKLABORG
Sími 569 7000
austurhofn@miklaborg.is



Sigurborg Ósk Haraldsdóttir treystir sér ekki til þess að leggja pólitíkina á andlega og líkamlega heilsu sína lengur og gefur ekki kost á sér í borgarstjórn áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þetta er mín erfiðasta ákvörðun

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir ræðir í fyrsta skipti opinberlega um veikindin sem binda nú endi á stjórnmálaferil hennar. Hún er í gigtarrannsóknum og glímir við þunglyndi sem hún rekur til of mikils álags í of langan tíma.

Oddur Ævar Gunnarsson
odduraevar@frettabladid.is



Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, borgarfulltrúi Pírata og formaður skipulags- og samgönguráðs, undirgengst nú gigtarrannsóknir og hyggst veikinda sinna vegna hætta í borgarstjórn. Hún segir gífurlegt álag í starfi hafa ýtt undir veikindi sín og segir ákvörðunina um að hætta alfarið hafa verið þá erfiðustu sem hún hafi tekið.

„Núna í nóvember fór ég í veikindaleyfi, ég hélt að ég þyrfti bara smá tíma og byrjaði svo aftur að vinna 1. mars. En það gekk ekkert rosa vel. Þannig að ég er sem sagt komin aftur í veikindaleyfi. Það er svolítið bara niðurstaðan eftir að hafa farið yfir þetta og í gegnum þetta með fjölskyldunni, að hætta í bili og við ætlum svolítið að kúpla okkur niður og einfalda lífið.“

Flytja til Húsavíkur

Sigurborg og eiginmaður hennar, sjúkraþjálfarinn Björn Hákon Sveinsson og synir þeirra tveir, Sveinn Jörundur og Freyr Völundur, hyggja á flutninga til Húsavíkur. „Maðurinn minn er sem sagt þaðan og tengdaforeldrar mínir búa þar. Þannig að við sjáum fyrir okkur að geta fengið góðan stuðning þar með strákana okkar. Hann er svo með vinnu þar sem sjúkraþjálfari og ég get þá vonandi hlaðið batteríin og náð aftur heilsu.“

Sigurborg hefur verið formaður skipulags-og samgönguráðs síðan nefndin var klofin frá umhverfis-og skipulagsráði árið 2018. Hún hefur undanfarin ár vakið athygli fyrir skelegga framgöngu sína í baráttunni fyrir bíllausum lífsstíl og segist alla tíð hafa haft brennandi áhuga á skipulags- og umhverfismálum. Ákvörðunin um að stíga til hliðar er því gríðarlega erfið.

„Þetta var örugglega erfiðasta ákvörðun sem ég hef tekið um ævina. Þegar þú ert að gera eitthvað sem þú elskar, brennur fyrir og er þín ástríða, langar þig ekkert að hætta eða fara og það að fá að starfa sem kjörinn fulltrúi í borgarstjórn eru náttúrulega forréttindi. Maður yfirgefur ekki slíka stöðu svona af því bara.“

Ætlaði að harka af sér

Sigurborg hefur aldrei rætt veikindi sín opinberlega áður og segist hafa ætlað að harka af sér og bera harm sinn í hljóði, að íslenskum sið. Hún fór eins og fyrr segir í veikindaleyfi síðasta vor í einn mánuð og svo aftur í nóvember síðastliðnum og mætti aftur til vinnu í síðasta mánuði. „Ég skipulagði mig þannig að ég skrifaði greinar og birti hluti á meðan ég var í veikindaleyfi. Ég vildi ekki að fólk héldi að ég væri í veikindaleyfi og gerði allt til að fela það. Ég vildi sýnast vera nógu sterk.“ Hún segir ýmsa hafa ýjað að því að hún gæti ekki valdið stöðunni sem formaður skipulagsráðs. „Að ég væri ekki nógu sterk. Þannig að mér fannst ég þurfa að fela það.“

Hún segir að í nóvember hafi líkaminn hins vegar hreinlega gefið sig. „Ég var bara alveg komin upp að vegg. Ég var hætt að geta staðið í lappirnar. Ég var algjörlega búin með alla orku og komst ekki fram úr á morgnana, gat ekki hugsað um mig né börnin mín. Þetta er í raun-inni algjör örmögnun, þar sem þú ert bara algjörlega máttlaus, hefur enga orku og ert bara síþreytt. Ég hef verið að glíma við stanslausan skjálfta líka sem hefur fylgt þessu og er mjög leiðinlegur.“

> ÉG VILDI EKKI AÐ FÓLK HÉLDI AÐ ÉG VÆRI Í VEIKINDALEYFI OG GERÐI ALLT TIL AÐ FELA ÞAÐ. ÉG VILDI SÝNAST VERA NÓGU STERK.

Hættulegur kokteill

Aðspurð út í veikindi sín segist Sigurborg nú vera í gigtarrannsóknum. „En það er ekki komin nein niðurstaða í það ennþá.“ Hún segir ástæðurnar eflaust fjölþættar en þá berst talið að því mikla álagi sem fylgir starfinu í borgarstjórn og skipulagsráði.

„Þegar maður vinnur í pólitík ... þá ertu bara í vinnunni frá því að þú vaknar og þangað til að þú sofnar. Ég var að vinna frá morgni til kvölds, dag eftir dag eftir dag, viku eftir viku. Þú færð ekkert frí um helgar eða á sumrin. Það er ekki þannig. Á sumrin er Alþingi í fríi svo þá er allur fókusinn á borgarstjórn og mikið á skipulagsmál, sem er frábært ... en ég var í eilífu kapphlaupi við sjálfa mig. Mér fannst ég aldrei vera að gera nóg, mér fannst ég aldrei standa mig og var alltaf að reyna að gera betur hvern einasta dag.“

Sigurborg brennur fyrir skipulagsmálum, lærði landslagsarkitektúr í Osló og gerði þar lokaverkefni um sjálfbært samgöngukerfi á höfuðborgarsvæðinu. Þannig var hún í sinni draumastöðu sem formaður skipulags-og samgöngunefndar. „Og það held ég að sé kannski hættulegur kokteill,“ segir hún og vísar til álagsins og veikinda sinna.

Hún bendir jafnframt á mikinn hraða í samfélaginu og þrýsting um að svara fyrir allt öllum stundum, hvort sem það sé á Twitter, Facebook eða í tölvupósti. „Og þú reynir náttúrulega þitt besta við að svara öllu. Ég myndi segja að það sé svolítið stór faktor sem að slítur fólki.“

Áreiti úti á götu og í sundi

Þá nefnir Sigurborg heiftina í umræðunni um skipulagsmál og segist hafa fengið aragrúa af skilaboðum sem voru full af heift vegna vinnu sinnar og stefnu borgarinnar í málaflokknum. „Þau eru yfirleitt frá eldri karlmönnum,“ segir hún. „Sumir skilja eftir bréf heima hjá mér. Aðrir senda manni SMS svo maður kemst ekki hjá því að sjá það.“

Hún segir áreitið þó ekki bundið við skilaboð. „Sumir líta á það að fá að keyra bílinn sinn hratt sem einhver mannréttindi. Sem það er að sjálfsögðu ekki og á endanum er maður farinn að fá skammir fyrir það eitt að vera til. Ég upplifi áreiti úti á götu ... ég er að hjóla einhvers staðar og það er öskrað á mig,“ segir Sigurborg.

Hún segist ekki muna eftir neinum ákveðnum tímapunkti þar sem veikindin bönkuðu skyndilega upp á. „Nei, þetta gerist smátt og smátt. Það er baunað yfir mig þegar ég er í sturtu í Vesturbæjarlauginni, þegar ég er að taka leigubíl eða hvað sem er, það bara stoppar ekkert,“ segir hún hlæjandi og hefur greinilega húmor fyrir aðstæðunum.

Þú ert ekki einu sinni örugg í sturtu?

„Nei! Það er alveg ótrúlegt. Málið er bara að vegna þess að ég brann svo rosalega fyrir þessu, þá horfðist ég ekki í augu við hvað væri að gerast. Að ég væri að klára bensíntankinn og ganga á einhverjar birgðir sem voru ekki til staðar í líkamanum.“

„Að geta voðalega lítið gert,“ segir Sigurborg aðspurð hvernig hún upplifi veikindin.

„Það var mikið um fjarfundi á þessum tíma og ef ég gat ekki setið lengur þá bara slökkti ég á myndavélinni og lagðist. Það tók enginn eftir því,“ segir hún.



NÝTT HAPPDRÆTTISÁR ER HAFIÐ!

Sex 30 milljón króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir á einfaldan miða

Miðaverð er 1.700 kr. fyrir einfaldan miða og 3.400 kr. fyrir tvöfaldan miða

Drögum út meira en 51 þúsund vinninga á árinu

VERTU MEÐ | das.is | 561 7757

das
HAPPDRÆTTI



Sigurborg Ósk er þjökuð af þreytu, máttleysi og þunglyndi sem rænir hana öllum mætti til þess að berjast í stjórnmálum þótt viljinn sé enn mikill.

ÞAÐ ER BAUNAÐ YFIR MIG ÞEGAR ÉG ER Í STURTU Í VESTURBÆJARLAUGINNI, ÞEGAR ÉG ER AÐ TAKA LEIGUBÍL EÐA HVAÐ SEM ER, ÞAÐ BARA STOPPAR EKKERT.

ÞVÍ MAÐUR HÉLT AÐ ALLIR TÖLUÐU BARA SAMAN, EINS OG ÉG OG ÞÚ GERUM NÚNA. EN ÞAÐ ER EKKI ÞANNIG Í BORGARSTJÓRN.



Umhverfismálin eru Sigurborgu Ósk afar hugleikin og hún er einna stoltust af göngugötum og lækkuðum hámarkshraða.

➡ Skreið milli rúms og borðs

Eiginmaður Sigurborgar eyddi viku í sóttkví fjarri heimili þeirra hjóna á þessum tíma í fyrra.

„Þegar hann kom til baka, heim úr sóttkvínni, sá hann að ég var bara ekki sama manneskjan lengur. Þá var ég búin að vera ein heima með strákana í þessu og skreið bara á milli rúmsins og borðsins og gerði ekkert annað. Það er ótrúlegt hvað maður getur pínt sig lengi.“

Eftir að hafa rætt álagið og áreitið sem fylgir starfinu ítrekar Sigurborg að hún elski vinnuna sína. Hún fái til að mynda mikið af hrósi, mest frá eldri konum. „Starfið er líka dásamlegt. Það er líka gefandi og það eru algjör forréttindi að fá að starfa við þetta og ég hef kynnst mikið af yndislegu fólki. Það besta af öllu er að geta hjálpað fólki. Það er bara stórkostlegt, að geta unnið með íbúum að þeirra málefnum.“

Sigurborg nefnir sem dæmi hraðalækkunina á höfuðborgarsvæðinu sem kynnt var á dögunum. „Þetta kemur upprunalega frá íbúum í öllum hverfum, sem hafa verið að berjast fyrir lægri hraða. Og sums staðar í áratugi. Jú, jú, það hefur verið gagnrýni á þetta en við sjáum líka að íbúaráðin og foreldrarnir í hverfunum, þeir eru ánægðir. Þetta er bara framtíðin. Þannig að starfið er líka dásamlega gefandi.“

Sérstaklega erfitt fyrir konur

Hún segir aðstæður í borgarstjórn sérstaklega erfiðar fyrir konur. „Það er miklu oftar gert lítið úr mér og mínum málflutningi. Sérstaklega þegar kemur að samgöngumálum, eðli málsins samkvæmt.“

Hún segir álagið hafa aukist til muna með breyttu fyrirkomulagi og fjölgun borgarfulltrúa samhliða kosningum árið 2018. Nú sitja allir borgarfulltrúar í ráðum og nefndum. „Það er miklu meira álag. Ég upplifi í borgarstjórninni sjálfri að það sé meira um ómálefnalega gagnrýni og það er oft mikið um heift og reiði sem eru kannski ekki beint eðlileg samskipti. Mér fannst rosalega erfitt að koma inn í þann heim,“ segir hún. „Því maður hélt að allir töluðu bara saman, eins og ég og þú gerum núna. En það er ekki þannig í borgarstjórn.“

Bíllinn er ekki framtíðin

Talið berst að samgöngumálum og er augljóst að borgarfulltrúinn brennur fyrir málaflokknum og veit sínu viti. Aðspurð hvort hún hafi alltaf stefnt að starfi sínu í skipulags- og samgönguráði Reykjavíkur hlær Sigurborg og segir svo ekki vera. Áhuginn hafi kviknað á námsárunum í Osló.

„Ég vann með þessi þema allt námið úti,“ segir Sigurborg. „Ég sá bara, vegna þess að ég hafði tíma til að sökkva mér ofan í efnið, og það blasir við öllum þeim sem virkilega stúdera þessi mál; samgöngur og umhverfismál, að bíllinn er ekki framtíðin eins og hann er í dag. Það er bara alveg skýrt.“

Sama sé hvort litið sé til loftslagsmála, öryggisins eða rekstrarkostnaðar heimilanna vegna bílsins. „Þetta gengur ekki upp fyrir hvorki ríki né sveitarfélög að ætla að viðhalda svona ofboðslega dýru samgöngukerfi. Það er alveg sama frá hvaða hlið þú horfir á það, í raun og veru er það bara dálítið skrítið hvernig við höfum leyft þessum öflum, sem bílaiðnaðurinn er, að móta okkar samfélag. Það er eiginlega hálf sturlað.“

Ef ætlunin sé að skapa besta samgöngukerfið, segir Sigurborg að það yrði sjálfbært samgöngukerfi sem allir hafi jafnan aðgang að. „Það er ekki háð því að þú fáir nægar tekjur til að eiga og reka bíl. Uppistaðan væri almenningssamgöngur og síðan værum við með allar þessar deililausnir.“

Þú ert fljót að komast í þennan gír.

„Já! Ég spóla bara áfram. Ég held ég verði í þessu alla ævi sko,“ svarar Sigurborg hlæjandi og viðurkennir að það verði erfitt að kúpla sig út. Hún eigi eftir að sakna þess að mæta í viðtöl og ræða þessi mál. „Því að oft vantar svona mótvægi. Mér finnst allt of oft birtast viðtöl við forstjóra olíufyrirtækja eða bílaumboða sem fá að slá fram einhverjum fyrirsögnum eins og „Íslendingar hafa valið einkabílinn.“ Þeir hafa ekki einu sinni spurt þjóðina! Þetta er bara það sem þeir vilja selja,“ segir hún létt í bragði og bendir á að kannanir hafi sýnt fram á að einungis 40 prósent Íslendinga vilji fyrst og fremst nýta einkabílinn, aðrir kjósi aðra samgöngumáta. „En alls ekki allir hafa möguleika á því. Mér finnst það vera hlutverk stjórnvalda að skapa þann möguleika en ekki að eltast við dynti þeirra sem eru að selja eða framleiða bíla. Það er alveg galið.“

Fannst ég aldrei gera nóg

Ef við lítum um öxl. Er eitthvað ákveðið sem þú ert stoltust af, á þínum ferli í borgarstjórn?

„Ef þú hefðir spurt mig fyrir nokkru síðan þá hefði ég ekki getað svarað neinu sko, því mér fannst ég aldrei gera neitt og aldrei gera nóg. En svo núna í veikindafríinu hef ég aðeins þurft að gíra mig niður og aðeins getað horft yfir. Og það er náttúrulega rosalega margt, í raun og veru.“

Hún nefnir að aldrei hafi verið jafn margar göngugötur í borginni og þá nefnir hún hraðalækkun sem kynnt var á dögunum. Sigurborg nefnir að þegar ekið var á barn á Hringbraut árið 2017 hafi hreyfing loks orðið á þeim málum. „Það var eins og að lenda í einhverri stórkostlegri hringiðu. Ég hefði aldrei trúað því að það þyrfti að berjast, bókstaflega, fyrir því að ná niður hraða. Sem ég gerði að sjálfsögðu því þetta var allt mjög vel unnið á sínum tíma og er allt byggt á reynslu annarra landa í kringum okkur og þá sérstaklega Svíþjóðar. Þetta er því ekki skot út í bláinn, þetta eru bara niðurstöður rannsókna.“

Þunglyndið jókst á tímabilinu

Talið berst aftur að Sigurborgu sjálfri. „Ég er náttúrulega bara númer eitt, tvö og þrjú núna að hugsa um að ná heilsu aftur, ég held áfram í Pírötum og sé fyrir mér að geta unnið áfram með flokknum. Við sjáum svo bara til hvað tíminn leiðir í ljós. Ég hef ekkert leyft mér að hugsa neitt lengra út af því að ég get bara tekið eitt skref í einu. En ég held að það sé alltaf eitthvað skemmtilegt, segir hún.

„En ég hef líka verið að glíma við þunglyndi. Sem hefur aukist eftir því sem hefur liðið á kjörtímabilið. En ég er með frábæran geðlækni, sem hjálpar mér mikið en þetta gerir svolítið vont verra. Á sama tíma og þú brennur fyrir starfinu þínu, gengurðu kannski um með ákveðið tilgangsleysi í bringunni. Það gerir allt erfiðara. Auk þess sem ég vildi aldrei viðurkenna að ég væri þunglynd,“ segir hún. Hún hafi ætlað að harka þetta af sér. „Af því að mér fannst ég ekki eiga rétt á því. Ég væri bara á góðum stað í lífinu, með heilbrigð börn og vinnu, af hverju í ósköpunum ætti ég að vera þunglynd?“

Borgarstjóri er límið

Sigurborg segir samstarf meirihlutans hafa gengið vonum framar. Horfa megi til þess við ríkisstjórnarmyndun. „Ég held nefnilega að fólk átti sig ekki alltaf á því hvað það eru ólíkir flokkar að vinna saman.“ Hún segist hafa þroskast mikið sem róttækur Pírati. „Ég held að framtíðarríkisstjórnir gætu grætt mikið á því að líta til þessa samstarfs. Hvernig ólíkir flokkar og ólíkir einstaklingar geta unnið saman að hagsmunum heildarinnar.“

Hún hrósar borgarstjóra í hástert. „Hann er límið. Og það er hann sem leggur sig svona óendanlega mikið fram um að fólk vinni saman. Við fundum saman nánast alla daga. Það er það mikil samvinna, það er lykillinn að þessu. Og við sjáum það bara í framtíðarpólitík að flokkum er sífellt að fjölga, alveg sama hvort það er í sveitarstjórnum eða á Alþingi og þá verðum við að geta unnið saman, svo ég held að við getum lært mikið af honum.“

Hún vill áframhaldandi samstarf sömu flokka næsta kjörtímabil en hefur áhyggjur af því að starfsumhverfi stjórnmálanna muni skila sér í einsleitari stjórnmálamönnum. „Ég held þetta henti síður konum, síður barnafólki. Og líka bara fólki sem kannski hefur lent í ofbeldi gegnum ævina. Ég held að þetta sé erfitt umhverfi fyrir fólk til að koma inn í. Við þurfum svolítið að hlúa betur hvert að öðru og mannkærleikanum. Við erum öll mannleg, við gleymum því bara stundum.“

Baráttan heldur áfram!

1. maí er baráttudagur verkalýðsins

Við höldum daginn hátíðlegan bæði til þess að fagna samstöðunni og mætti hennar en einnig til að minnast þess að nauðsynlegt er að halda áfram að berjast fyrir réttlæti og mannsæmandi launakjörum fyrir okkur öll.

Til hamingju með daginn!



VR | Kringlunni 7 | 103 Reykjavík | Sími 510 1700 | vr@vr.is | vr.is



Móðirin kannaðist við hegðunarbreytingar sem urðu á dóttur hennar enda hafði hún sjálf orðið fyrir kynferðisofbeldi sem barn. Hún vill að við lærum að þekkja þau merki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Maður á ekkert að treysta öllum

Móðir þolanda í kynferðisbrotamáli segist hafa lamast þegar hún heyrði að nákominn einstaklingur hefði brotið á dóttur hennar. Hún þakkar síendurteknu samtali þeirra á milli að barnið hafi þó sagt frá og vill efla forvarnir.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Móðirin vill ekki koma fram undir nafni til að vernda dóttur sína sem er á unglingsaldri. Þær mæðgur fóru á sínum tíma með málið fyrir dóm og kom þá í ljós að það var fyrnt en kynferðisbrotamál fyrndust þá á fimm árum, jafn löngum tíma og leið frá því að atburðurinn átti sér stað og dóttir hennar opnaði sig um reynslu sína. Árið 2007 var almennum hegningarlögum um kynferðisbrot breytt þannig að í mörgum tilfellum fyrnast þau ekki.

„Ég skil í dag fólk sem treystir sér ekki í þennan slag, er ekki nógu sterkt. Ég tel mér það til tekna að ég er nógu sterk og réttlætiskennd mín nægilega rík til að ég gat bara ekki látið þetta mál fara forgörðum. Barnsins míns vegna. Og allra hinna barnanna. Ég finn þegar ég tala um þetta að ég fyllist orku því mér finnst ég þurfa að passa öll börnin. Það finnst mér ég gera með því að tala um þetta og minna foreldra á að tala við börnin sín og opna eyrun. Þetta gerist alls staðar, það eru engir útvaldir, við erum öll í valinu og það er bara spurning hver verður fyrir valinu," útskýrir móðirin, sem vill leggja enn meiri áherslu á forvarnarstarfið og að fólk þekki táknin og geti lesið í þau. „Maður á ekkert að treysta öllum. Af hverju ætti maður að treysta öllum?

Oftar en ekki er þetta innan fjölskyldu eða mjög nálægt fjölskyldunni. Fólkið sem maður vill treysta sem best fyrir börnum sínum," útskýrir móðirin. „Þessi aðili sem braut á dóttur minni var mikið inni á heimilinu og umgekkst börnin mín mikið.

17 - 36%

BARNA Á ÍSLANDI ERU TALIN VERA BEITT KYNFERÐISOFBELDI EÐA ÁREITNI FYRIR 18 ÁRA ALDUR.

1 AF HVERJUM 5 STRÁKUM

VERÐUR FYRIR KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI EÐA OFBELDI Á ÍSLANDI FYRIR 18 ÁRA ALDUR.

1 AF HVERJUM 3 STÚLKUM

VERÐUR FYRIR KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI EÐA OFBELDI Á ÍSLANDI FYRIR 18 ÁRA ALDUR.

FLEST BÖRN SEM ORÐIÐ HAFA FYRIR KYNFERÐISOFBELDI KÆRA ALDREI OFBELDIÐ.

Var alltaf á varðbergi

Hún segir teiknin hafa verið uppi á borðinu en maðurinn hafi notað ósæmilegt orðalag við eldri börn hennar. „Hann hafði þannig gefið í skyn hvernig maður hann var en ég reiknaði það ekki rétt að yngsta barnið væri í hættu. Ég tók hann á teppið og sagði honum að slík framkoma væri ekki í lagi og ekki boðleg. Ég var alltaf á varðbergi en þó greinilega ekki nægilega vökul."

Sjálf segist hún hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sem barn, þeirri reynslu sagði hún ekki frá fyrr en þrjátíu árum síðar. Reynslan markaði djúp spor og varð til þess að hún hefur alltaf verið dugleg að ræða við börnin sín um mörk og fræða þau um hvað sé rétt og rangt í þessum efnum. Hennar eigin reynsla varð einnig til þess að hún taldi sig vita hvað hefði gerst, þegar yngsta dóttir hennar fór að sýna af sér óeðlilega hegðun um fimm ára aldur.

„Ég var alltaf með þessa umræðu opna á heimilinu. Alla þessa punkta sem voru mjög vakandi í mér. Þrátt fyrir það sagði hún mér ekki frá því hvað hafði komið fyrir hana fyrr en fimm árum síðar. Þegar hún var orðin tíu ára gömul."

Reiðiköst og óöryggi

Aðspurð hvers lags breytingum á hegðun hún hafi tekið eftir hjá fimm ára gamalli dóttur sinni svarar hún: „Hún sýndi hegðun sem ég tengdi sjálf við og var ekki hægt að tengja við neitt annað en að eitthvað hefði komið fyrir. En ég fékk ekkert upp úr henni, alveg sama hvaða leið ég reyndi að fara, hún var þögul sem gröfin." Móðirin tengdi við reiðiköst, óánægju og óöryggi, í ljósi eigin reynslu af kynferðisofbeldi.

„Eitt sinn þegar við vorum búnar að vera einar lengi og njóta okkar tíma, án truflana, þá gerðist það að dóttir mín opnaði sig og það var eins og flóðgáttir hefðu opnast og fyrirstaðan var engin.

Fyrir guðs mildi brást ég rétt við. Ég hlustaði á hana og sagði henni að ég heyrði hvað hún væri að segja, leyfði henni bara að tala. Ég sagðist trúa henni og passaði mig á að útskýra ekki né tala heldur leyfði henni bara að fá sinn tíma. Eða í raun þurfti ég ekki að passa mig, heldur varð vanmátturinn algjör og ég dvaldi í honum lengi vel."

Þarf að sættast við sjálfa mig

Hún segir það hafa verið magnað að sjá hvaða áhrif það hafi haft á barnið að segja frá. „Umbreytingin á einu barni á svo stuttum tíma var með ólíkindum að horfa á," segir hún og ræður ekki við tárin. „Það er oft talað um að létta fargi af fólki. Það hreinlega holdgerðist. Síðan þá hefur þetta barn verið allt annað barn. Þarna byrjaði breytingin sem hefur svo stöðugt haldið áfram. Hún hefur blómstrað."

Hún segist strax hafa gert dótturinni grein fyrir því að hún vildi ➡

Staldraðu við

Barnaheill standa fyrir landssöfnun sem lýkur á mánudag. Söfnunin í ár ber heitið „Staldraðu við. Með þinni hjálp getum við verndað börn" og rennur allur ágóði af sölunni í forvarnarfræðslu Verndara barna.

Barnaheill hvetja einstaklinga og félagasamtök til að taka þátt í að gera Ísland að betri stað fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Það er hægt að gera með því að staldra aðeins við og athuga hvar hægt er að sækja sér þekkingu og komast að því hvaða bjargir eru til staðar til að vernda börn. Í sameiningu getum við stuðlað að góðri félagslegri og tilfinningalegri líðan barna og komið í veg fyrir ofbeldi innan fjölskyldna og samfélagsins alls.

Verndarar barna

Verkefnið Verndarar barna var fyrst sett á laggirnar árið 2006 á vegum samtakanna Blátt áfram sem voru stofnuð árið 2004. Í byrjun mars árið 2019 tóku stjórnir Barnaheilla og Blátt áfram þá ákvörðun að sameina krafta sína undir nafni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

Boðið er upp á fjölda námskeiða og fyrirlestra í forvörnum gegn kynferðisofbeldi. Fyrir foreldra, fólk sem vinnur með börnum og fyrir börn á aldrinum 13-16 ára.

Er þetta **eðlilegt?**

Á nýafstaðinni loðnuvertíð fengu íslenskir sjómenn greiddar að meðaltali **110 kr. á kíló** frá íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum fyrir loðnuna.

Á sömu loðnuvertíð borguðu sömu íslensku sjávarútvegsfyrirtæki norskum sjómönnum að meðaltali **224 kr. á kíló** fyrir loðnuna.

Þetta gerðist þrátt fyrir að loðnan sem íslensku sjómennirnir veiddu hafi verið mun verðmætari útflutningsvara á þeim tíma sem þeir veiddu loðnuna en þegar norsku sjómennirnir máttu veiða hana.



110 kr/kg

verð á loðnu
til íslenskra sjómanna

224 kr/kg

verð á loðnu til
norskra sjómanna

Ef íslenskir sjómenn hefðu fengið a.m.k það sama greitt fyrir loðnuna og norskir sjómenn, þá hefðu rétt tæpir **8 milljarðar** komið til skipta til viðbótar á þessari litlu vertíð.

Hverjir tapa á ógagnsæju fiskverði í sjávarútvegi á Íslandi?

- **Sjómenn tapa launum**
- **Hafnir tapa hafnargjöldum**
- **Sveitarfélögin tapa útsvari**
- **Ríkið tapar tekjuskatti og auðlindagjöldum**

VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna

➡ að gerandinn svaraði fyrir sakir sínar. Hún myndi þó ekkert aðhafast án hennar samþykkis.

„Hún samþykkti það og bað mig líka að tala við föður sinn, hún treysti sér ekki í það," útskýrir móðirin.

„Þetta er ofboðslegt högg og þegar ég horfi til baka sé ég að þetta var enn stærra áfall en ég gerði mér grein fyrir þá. Getur maður einhvern tíma verið tilbúinn að taka á móti svona upplýsingum? Ég held ekki. En ég þarf að takast á við þetta með barninu mínu og hjálpa því í gegnum ferlið. Ég þarf líka að sættast við sjálfa mig, því það var ég sem klikkaði. Af hverju kom ég ekki í veg fyrir þetta og af hverju þetta og hitt?

Slíkar spurningar koma sífellt upp og jafnvel enn meira hjá mér sem vissi hverjar afleiðingar slíks ofbeldis eru. Ég hreinlega lamaðist. Eftir að daglegt líf tók við eftir okkar sæludaga sem breyttust á síðustu metrunum í martröð tók það mig viku að manna mig upp í að eiga samtalið við pabba hennar. Ég kom mér ekki af stað í neitt og gat ekki einu sinni orðað þetta við nánustu vinkonur mínar í mjög langan tíma, mánuðir liðu."

Kynfræðsla hluti uppeldisins

Hún segir mikilvægt að foreldrar fræði börn sín um eðlileg mörk í kynlífi. „Sú fræðsla verður að byrja nokkuð snemma, allavega um það leyti sem kynþroskinn fer af stað. Kynfræðsla hefur alltaf farið fram á mínu heimili og það þarf að taka hana þar. Það er partur af uppeldinu."

Aðspurð hvers vegna hún sjálf hafi beðið í þrjá áratugi með að segja frá sinni reynslu svarar hún: „Ég fékk alltaf á tilfinninguna að það þýddi ekkert að segja því enginn myndi trúa mér. Dóttir mín vissi aftur á móti að hún gæti sagt mömmu sinni og að hún myndi trúa henni. Allt hefur þetta áhrif og því opnari sem þessi umræða er, því meiri líkur eru á að gerendur þori ekki að fara af stað. Það er svo mikilvægt að innræta börnunum að það sé hægt að koma til mömmu og pabba og segja þeim, hversu erfitt sem það er," segir hún og leggur áherslu á að hefja þessa umræðu um leið og hægt er. Byrja strax.

„Ég spyr, hversu mörg fórnarlömb meðal barna fá aldrei hjálp? Börn eru alls ekki í stakk búin til að greina frá kynferðisofbeldi því þau vita ekki hvernig þau eiga að biðja um hjálp og jafnvel vita ekki að þau geta beðið um hana. „Ég þakka því að ég hafði alltaf talað opinskátt um þetta, að þetta varð ekki lengra ferli, ekki hálf ævin eins og hjá mér sjálfri. Hugsaðu þér að ég hefði aldrei talað um þetta? Þá hefði hún kannski aldrei sagt frá þessu. Það er svo gríðarlega mikilvægt fyrir foreldra og forráðamenn barna að læra að þekkja merki um kynferðisofbeldi



Móðirin segist hafa þurft að sættast við sjálfa sig og þá staðreynd að hún hafi ekki komið í veg fyrir að dóttir hennar yrði fyrir ofbeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Foreldrar sem fá stuðning betur settir



Sigríður Björnsdóttir, verkefnastjóri Barnaheilla. MYND/AÐSEND

Sigríður Björnsdóttir, verkefnastjóri innlendra verkefna hjá Barnaheillum, segir þá foreldra sem fái stuðning betur setta til að hlúa að börnum sínum.

„Við bjóðum upp á fræðslukvöld undir leiðsögn fagaðila sem er ætlað að efla foreldra til að takast á við það að eiga barn sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi. Með verkefninu vilja Barnaheill mæta þörf og einnig vinna að forvörnum gegn ofbeldi á börnum. Foreldrar sem fá stuðning eru betur settir til að hlúa að börnum sínum."

Hún segir að ef um kærumál sé að ræða sé málum vísað í farveg hjá lögreglu og barnavernd. „Þar eru sérfræðingar sem aðstoða börn við að vinna úr slíkum málum og er foreldrum vísað á þá aðila sem vinna með börnum."

Sigríður segir aðsóknina á námskeiðin hafa verið góða og að stofnanir og skólar séu að auka við fræðslu gegn kynferðisofbeldi á börnum.

„Starfsfólk er tilbúið að læra að þekkja merki sem vekja grun um slíkt ofbeldi til að hjálpa börnum. Við vitum að það geta verið þung skref að horfast í augu við staðreyndir um að börn séu beitt kynferðisofbeldi og að fólk hafi oft ekki forsendur til þess að bregðast rétt við.

Námskeiðið felst aðallega í að hafa áhrif á hugarfar og viðmið og finna leiðir til að fyrirbyggja ofbeldið svo börn lendi síður í því. Við verðum að gera allt sem við getum til að fækka slíkum brotum. Við viljum gjarnan fá fleiri foreldra og erum því að bjóða í maí upp á ókeypis netnámskeið svo að hver sem er getur haft samband og setið námskeið."

ÉG SKIL Í DAG FÓLK SEM TREYSTIR SÉR EKKI Í ÞENNAN SLAG, ER EKKI NÓGU STERKT.

Nýta sára reynslu til góðs

Móðirin segist hafa leitað faglegrar aðstoðar fyrir þær báðar. „Þetta verður svo stórt og fyrirferðarmikið í manni að maður hvorki heyrir né sér.

Ég fór á námskeiðið Verndarar barna hjá Barnaheillum en ég brenn fyrir þessu málefni." Námskeiðið er fræðsla í forvörnum og viðbrögðum við kynferðisofbeldi á börnum. Markmiðið er að veita fullorðnu fólki öfluga fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðisofbeldi af festu og ábyrgð. „Svo var ég að klára leiðbeinendanámskeið hjá þeim. Þetta er eitthvað sem ég get lagt til samfélagsins."

Nokkur ár eru liðin frá því að málaferlum lauk og viðurkennir móðirin að það hafi reynt á dótturina að komast að því að málið væri fyrnt, henni hafi sárnað að fara í gegnum allt ferlið til þess eins að komast að þeirri niðurstöðu. Hún sé þó á góðum stað í dag og hafi unnið vel úr erfiðri reynslu með góðri hjálp.

„Við eigum þessa umræðu eins oft og hún hefur þörf fyrir. Égýti ekki á það. Hún á fjölskyldu sem hefur stutt hana í gegnum þetta ferli. Hún hefur komið vel út úr þessu og er að eflast og þroskast. Hún losnar aldrei við lífsreynsluna en er vonandi að ná að nýta sér hana til góðs. Það er mikið gleðiefni að hún ætlar ekki að festast í fortíðinni heldur nýta reynsluna áfram," segir hún að lokum.

Móðirin vildi segja sögu þeirra mæðgna til að vekja foreldra til umhugsunar, hún segist ekki geta annað en haldið áfram baráttunni fyrir börnin sín og önnur börn, eða eins og hún segir: „Ljónynjan fæðist um leið og fyrsta barnið kemur í heiminn."

FERÐALÖG INNANLANDS

Föstudaginn 7. maí gefur Fréttablaðið út stórt og flott Ferðaþema.

Nú er það undir okkur komið að halda hjólum ferðaþjónustunnar gangandi og vera dugleg að ferðast innanlands í sumar og væntanlega fram á haust. Og þá er það ferðaþjónustunnar að vera dugleg að auglýsa hvað er í boði fyrir hinn almenna ferðamann, tilboð á gistingu, afþreyingu og veitingum.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:
Jóhann Waage Markaðsfulltúi Fréttablaðsins
johannwaage@frettabladid.is eða 550-5656

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Halló.
Við erum Wise.

Tengjumst.

wise.is

wise

Einþykki sérvitringurinn Elon Musk

Nafn **Elons Musk** kemur æ oftar fyrir í fréttaflutningi en frægðarsól þessa sérlundaða viðskiptamógúls og sex barna föður rís sífellt hærra á meðan innistæður á bankareikningum hans hækka.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Elon Reeve Musk er fæddur árið 1971 og fagnar fimmtugsafmæli í júní næstkomandi. Hann ólst upp í Suður-Afríku þaðan sem faðir hans er upprunninn en móðir hans er kanadísk. Hann var ekki hár í loftinu þegar hann var farinn að sýna mikla færni þegar kom að tölvum og frumkvæði, en hann seldi sinn fyrsta tölvuleik aðeins tólf ára gamall. Það var tölvutímarit sem greiddi honum 500 dollara fyrir leikinn og má segja að þar hafi tónninn að framtíð hans verið sleginn.

Elon fluttist til heimalands móður sinnar sautján ára gamall til að stunda nám við Queen's-háskólann. Tveimur árum síðar færði hann sig í Pennsylvaníu-háskóla þaðan sem hann útskrifaðist með tvöfalda BA gráðu í hagfræði og eðlisfræði. Stefnan var svo tekin á frekara nám við Stanford-háskóla og flutti hann því til Kaliforníu. Ekkert varð þó úr frekari göngu á menntaveginum því eftir aðeins tvo daga í Stanford var ljóst að hugur Elons stefndi í viðskipti á vefnum og ákvað hann að einbeita sér að þeim.



Elon Musk fagnar fimmtugsafmæli í júní og er þegar orðinn ríkasti maður heims en eignir hans eru metnar á 185 milljarða dollara. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Elon hér ásamt fyrrverandi eiginkonu sinni Talulah Riley sem hann giftist tvisvar og skildi einnig í tvígang við, á góðri stundu í Playboy-höllinni í veislu hjá Hugh Hefner heitnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Elon Musk ásamt sambýliskonu sinni og barnsmóður, tónlistarkonunni Claire Boucher eða Grimes. Myndin er tekin árið 2018 þegar parið sást fyrst saman á Met-Gala kvöldinu í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Milljarðamæringur 28 ára

Fyrsta fyrirtækið, vefhugbúnaðarfyrirtækið Zip2 stofnaði hann með bróður sínum Kimbal og fjórum árum síðar var fyrirtækið keypt á 307 milljónir dollara. Elon var því orðinn 28 ára gamall milljarðamæringur. Einhver hefði nú slakað aðeins á og notið auðsins en ekki Elon, sem stofnaði sama ár, 1999, vefbankann X.com. Hann sameinaðist svo Confinity árið eftir og úr varð fyrirtækið PayPal sem flestir þekkja í dag og eBay keypti árið 2002 á 1.5 milljarða dollara.

Þá fór Elon að hugsa enn stærra og stofnaði flugtækniframleiðslu- og geimferðafyrirtækið SpaceX þar sem hann er ekki aðeins framkvæmdastjóri og tæknistjóri heldur var hann einnig yfirhönnuður við hönnun þriggja geimflauga fyrirtækisins. Elon hefur alltaf litið svo á að mannkynið þurfi að koma sér fyrir á fleiri stöðum en jörðinni, en til þess þyrfti að hanna ódýrari geimflaugar og einbeitir SpaceX sér að því.

Tesla og taugatækni

Hann er svo ekki síst þekktur fyrir aðkomu sína að Tesla Motors, sem framleiða rafbílana vinsælu Teslu þar sem hann hefur verið framkvæmdastjóri frá árinu 2008 og á 21 prósents hlut. Hann kom einnig að stofnun SolarCity, dótturfyrirtækis Teslu, sem framleiðir sólarrafhlöður. Undanfarin fimm ár hefur hann einnig komið að Neuralink, taugatæknifyrirtæki sem vinnur að þróun tækis sem ætlað er að koma fyrir í höfuðkúpunni til að hjálpa fólki sem orðið hefur fyrir taugaskaða með tölvutengingum við heila.

Sonarmissir

Elon býr í Austin, Texas, ásamt sambýliskonu sinni, indie-tónlistarkonunni Grimes eða Claire Boucher, en samband þeirra hófst um mitt ár 2018 og eiga þau saman eins árs soninn X Æ A-12 Musk sem þau kalla oftast X til styttingar.

Fyrir átti Elon fimm syni með fyrstu eiginkonu sinni, Justine, en þau kynntust á háskólaárunum í Kanada. Frumburður þeirra, Nevada Alexander Mush, dó vöggudauða árið 2002, 10 vikna gamall, en fljótlega fór Justine í frjósemismeðferð sem gaf þeim tvíburasyni árið 2004 og þríburasyni árið 2006.

Justine sagði frá missinum í grein sem hún skrifaði fyrir tímaritið Marie Claire.

„Í sömu viku og eignir Elons fóru vel yfir 100 milljónir dollara, við söluna á PayPal, lagði Nevada sig, hann lá á bakinu eins og alltaf, og hætti að anda."

Dramatískur skilnaður

Skilnaður þeirra hjóna varð fjölmiðlaefni, þvert á vilja Elons, sem alltaf hefur lagt mikið upp úr að halda einkalífi sínu utan þeirra. Á endanum skrifuðu fyrrum hjónin hvort sína greinina sem birtust í fjölmiðlum og sögðu frá sinni upplifun. Elon hóf grein sína í Business Insider á orðunum að frekar langaði hann að stinga sig í höndina með gaffli en ræða einkalíf sitt opinberlega. Hann hélt áfram og sagði að í ljósi þess að slíkar lygar hefðu komið fram væri hann nauðbeygður til að svara fyrir þær.

Þar má segja að hæst hafi farið sagan um að hann hafi stungið af með ungri leikkonu, en eftir skilnaðinn hóf Elon samband við ensku leikkonuna Talulah Riley. Þau giftu sig árið 2010, skildu árið 2012, giftu sig aftur árið 2013 en skildu svo endanlega árið 2016. Í greininni þvertók Elon fyrir að framhjáhald hefði verið ástæða skilnaðarins, hvorki af hans hálfu né Justine.

Hann sagðist jafnframt vera umhyggjusamur faðir, synir hans njóti hans sönnu ástar og með þeim verji hann öllum frítíma sínum. Synirnir fimm frá fyrsta hjónabandinu eru til jafns hjá foreldrum sínum og samkvæmt Elon sjálfum ferðast hann varla nema um fjölskylduferð sé að ræða.

Ríkasti maður heims

Í janúar síðastliðnum ýtti Elon Jeff Bezos, stofnanda Amazon, úr toppsætinu yfir ríkustu einstaklinga heims. Eru eignir Elons metnar á 185 milljarða dollara. Það er hækkandi hlutabréfaverð Teslu sem ýtti Elon enn ofar, en fyrirtækið er nú meira virði en Toyota, Volkswagen, Hyundai, GM og Ford samanlagt. Sjálfur birti Elon fréttina á Twitter með orðunum „En skrítið." En áður hafði hann skrifað færslu á miðilinn þar sem hann ræðir auðæfi sín:

„Um það bil helmingi auðæfa minna er ætlað að aðstoða við lausnir vandamála á jörðinni, og um helmingur til að koma upp sjálfbærri borg á Mars til að tryggja framhald lífs (allra tegunda) ef jörðin skildi verða fyrir loftsteini eins og risaeðlurnar eða ef þriðja heimsstyrjöldin brýst út og við tortímum sjálfum okkur."

Tugir milljóna fylgjenda

Elon Musk er sérvitringur og hefur reglulega orðið fyrir gagnrýni vegna afstöðu sinnar í hinum og þessum málum. Hann á í eins konar ástar-haturssambandi við samskiptamiðilinn Twitter þar sem í kringum 45 milljónir fylgjast með færslum hans sem ná oftar en ekki athygli fjölmiðla. Hann tilkynnir reglulega að hann sé hættur að nota miðilinn en birtist svo aftur nokkrum dögum síðar. Twitter-færslur hans hafa oftar en ekki haft áhrif á verðbréfamarkaðinn og undir lok síðasta árs fékk hann yfir sig mikla gagnrýni fyrir að dreifa rökleysu um heimsfaraldur COVID-19.

Dæmi um hvernig áhugasamir lesa í Twitter-færslur Elons er að Bitcoin hækkaði um 15 prósentustig á verðbréfamarkaðnum eftir að Elon bætti #bitcoin í Twitter upplýsingar sínar. Netmarkaðstorgið Etsy hækkaði svo um 3,5 prósent í janúar, nokkrum mínútum eftir að Elon birti „I kinda love Etsy," og sagði frá því að hann hefði þar keypt handprjónaðan „Marvin the Martian"-hjálm fyrir hundinn sinn.

EFLING


Barátta fyrir betra lífi

VIÐ ERUM ÓMISSANDI


Stöndum saman í baráttunni
fyrir betra lífi og réttlátara samfélagi.
Gleðilegan baráttudag verkalýðsins 1. maí!

Út fyrir kassann

Sigmundur Ernir Rúnarsson



Ofgnótt á ofgnótt ofan



Höfundur er sjónvarpsstjóri Hringbrautar, sem rekin er af Torgi, sem jafnframt gefur út Fréttablaðið.

Í heimasveitinni, fyrir svo sem hálfri öld, voru húsreglurnar skýrar. Í öllu falli þær sem ríktu í eldhúsinu. Þar réð Ragnheiður, frúin hans Munda, bróður afa, en sá hæfileiki hennar að skipa okkur vinnufólkinu fyrir með fasinu, er mér ennþá harla minnisstæður. Og augnasvipurinn var ýmist mildur og elskulegur, ellegar hastur og herkinn. Svo og allt þar á milli, eftir því sem við átti.

Einkum og sér í lagi átti þetta við þegar liðið sat hringinn í kringum litla matarborðið, á þunnum bekkjunum við horngluggann og kollunum þar sem næst – og neytti matar síns í friði og spekt á meðan útvarpsfréttirnar ómuðu, alla leiðina að sunnan; þeirri samkundu stjórnaði hún, blessunin, með skotrunum einum.

Og reglan var þessi: maður borðaði það sem fyrir mann var lagt, hvorki meira né minna. Enda vissi maddama Ragnheiður upp á agnarögn úr nálús hvað hver og einn þurfti að innbyrða fyrir annir dagsins. Gott ef hún taldi ekki baunirnar ofan í hvurn og einn, svo akkúrat sem hún var. Og héðan fer hvorki svangur maður né svörgulslegur, sagði hún á stundum þar sem hún sat tvívega á sínum mjúka gumpi á útdreginni skúffunni við hliðina á kolafíringunni, eins og hver annar opinber eftirlitsmaður með því að maturinn færi ekki til spillis. En það mátti aldrei vera.

Þessi mynd af Melum, í ystu sveit á Ströndum norður, kemur æ oftar upp í hugann á þeim seinni árunum sem líða nú í lífi manns. Það er hlaupinn ofvöxtur í alla matarskammta. Og viðurværið er út um allt. Aðgangur fólks að æti er fáránlega auðveldur. Matarsóunin er eftir því yfirgengileg. Svo að segja hamslaus, ég segi ekki dýrsleg, því engin dýr sem þurfa að hafa fyrir æti sínu myndu haga sér eins og maðurinn, að sögn helsta vitsmunavera jarðarinnar.

> **Það er hlaupinn ofvöxtur í alla matarskammta. Og viðurværið er út um allt. Aðgangur fólks að æti er fáránlega auðveldur.**

Og liðin er sú tíð að allur forðinn er geymdur í lokuðum tunnum eða harðlæstu búri – og eini lykillinn að því ofan í svuntuvasa húsfreyjunnar. Það eru gamlir dagar.

Ég á það stundum til í seinni tíðinni að kaupa heimtökumat á veitingastöðunum í kringum heimili mitt í miðborginni. Það hefur kennt mér lexíu. Einn réttur dugar alltaf fyrir tvo. Og ef við erum fimm í mat, svo sem þegar einhverjir krakkar manns sem ekki búa í útlöndum, kíkja í gamla hreiðrið sitt, þá kaupi ég þrjá rétti.

Um daginn fór ég þessara erinda á taílenskan stað á Laugaveginum og keypti einmitt þriggja rétta skammt fyrir okkur fimm – og viti menn, sá pakki var svo vel útilátinn að afganginn gat bæði ég og yngsta dóttirin tekið með sér í hádegisnestið í vinnu og skóla.

Þrír réttir, fimm manns, nesti daginn eftir.

Fyrir fimmtungi aldar, eða svo, sótti ég alþjóðlegan kúrs í rannsóknarblaðamennsku í bænum Columbia í Missouri-fylki í Bandaríkjunum sem er eftirminnilegur fyrir þrennar sakir; fyrirlestrarnir voru einstaklega fróðlegir, nemendahópurinn samanstóð af áhugaverðum manneskjum alls staðar að úr heiminum, en svo ber ekki síst að nefna sérstakar matarvenjur þessa yndislega fólks sem var með mér á námskeiðinu.

Einkum eru mér ógleymanlegar fjórar afrískar blaðakonur sem héldu hópinn æ meira og betur eftir því sem leið á misserið. Þær áttuðu sig fljótlega á því að diskarnir á bandarískum veitingastöðum eru ekki einasta miklir um sig, heldur er slumpurinn á þeim svo óhóflega stór að ætla mætti að hann væri ætlaður fjölskyldu fremur en einstaklingi.

Því fór það fljótlega svo að stöllurnar skiptu á milli sín skerfunum sem skellt var á borðið fyrir framan þær, í fyrstu deildu tvær þeirra hverjum skammti, en seinni vikurnar voru þær farnar að panta einn rétt fyrir þær fjórar. Það reyndist hæfilegt.

Einn réttur, fjórar manneskjur.

Aðra lífsreynslu er við hæfi að rifja upp af þessu tilefni, en hennar staður var á austurströnd Bandaríkjanna, stundin líklega fimm árum fyrir aldamótin. Ferðafélaginn var þáverandi fréttastjóri minn, feitlaginn fremur og einhver mesti áhugamaður um allra handa kræsingar sem ég hef kynnst á eigin skinni.

Gott og vel.

Við vorum varla sestir upp í leigubílinn framan við alþjóðlegu flugstöðina á milli borganna Baltimore og Washtington að kolleginn segir hárri raustu að nú muni hann láta slag standa, steikin fari ofan í hann, hvað svo sem rauli og tauti. Og gott ef hann strauk ekki á sér kviðinn, heldur nautnalega, í þeim töluðu orðum.

Nema hvað. Stefnan var tekin á eitthvert frægasta steikhús Ameríku niðri við höfnina í Baltimore, skammt frá hótelinu sem við höfðum pantað gistingu á, en daginn eftir átti að halda aftur af stað með flugi á fréttastjóraráðstefnu í strandbænum Fort Lauderdale í Flórída.

En fyrst þetta, okkar maður hlammaði sér niður á besta stað á steikhúsinu, augljóslega ekki að koma þangað í fyrsta skipti – og pantaði sér réttinn án þess að kíkja á matseðilinn. Svo horfði hann á mig lymskulegum augum; Sigmundur minn, þetta er dagurinn. Og þegar ég hváði, sagði hann með tilþrifum nautnaseggsins: Þetta er dagurinn sem ofursteikin fer ofan í mig. Og af því að ég hváði enn og aftur, sagði hann með glottið á vörunum: Ég er að tala um stærstu steikina í þessu gósenlandi.

Svo viðurkenndi hann fyrir mér, á meðan hann beið eftir stykkinu, að hann hefði alltaf verið með konunni sinni í fyrri skiptin sem hann hefði komið á þennan veitingastað – og honum hefði aldrei fundist það við hæfi að spordrenna þvílíkri býsn sem steikin téða væri fyrir framan augun á henni.

Og svo kom hún, the American supreme steak. Og ég gapti. Hafði aldrei áður horft á viðlíka kjötfjall á einum og sama diskinum, ætlað manni í eintölu. Hvað er þetta eiginlega mikið, stundi ég upp úr mér, útflenntur í andliti. Og ég gleymi aldrei hvað sessunautur minn var hróðugur þegar hann treysti mér fyrir tölunni, rúmt kíló, karlinn minn.

Þetta var sum sé sunnudagsmatur fyrir heila fjölskyldu, hugsaður á ameríska vísu fyrir holdmikið fólk, sem okkar maður gúffaði í sig á klukkustund.

Og það sem mér fannst ég vera vesællegur með 150 gramma kjötflísina mína, gegnt þessu ferlíki á hinum diskinum á borðinu.

Síðan er liðinn aldarfjórðungur.

Og síst hafa skammtarnir minnkað.

Ekki frekar en fólkið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 1. maí 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Frá kröfugöngu í Reykjavík 1. maí.

Gleðilegan 1. maí

Fyrsti maí er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins. Hann á upphaf sitt að rekja allt til ársins 1889 en þá hittust fulltrúar alþjóðasamtaka kommúnista á ráðstefnu í París, í tilefni þess að hundrað ár væru liðin frá því að Parísarbúar tóku Bastilluna. Á þeirri ráðstefnu var ákveðið að gera 1. maí að baráttudegi hreyfingarinnar. Þessi tiltekni dagur var einnig valinn meðal annars til að minnast blóðbaðsins í Haymarket í Chicago í Bandaríkjunum þremur árum áður.

Frídagur síðan 1966

Á Íslandi var fyrsta kröfugangan á fyrsta maí gengin 1923 og hefur dagurinn verið löggiltur frídagur á Íslandi síðan 1966.

Opinberir starfsmenn hér á landi tóku þó ekki þátt í göngunni fyrr en 20 árum síðar eða 1. maí 1943 eftir að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) hafði verið stofnað. Við stofnun BSRB fagnaði ritstjóri Alþýðublaðsins tímamótunum enda taldi hann stöðu opinberra starfsmanna fram að því ekki hafa verið öfundsverða.

„Opinberir starfsmenn eiga við mjög bág kjör að búa. Réttur þeirra er sáralítill. Um langan tíma hefir þeim verið skammtað án þess að hafi verið spurðir til ráða. Og starfsmenn ríkisins mega ekki beita hinu eina vopni [verkfallsvopninu], sem verkalýðurinn hefir að minnsta kosti hingað til getað gripið til, þegar í nauðir rekur. Það bíður því mikið starf hins nýstofnaða bandalags opinberra starfsmanna – og í því starfi nýtur það samúðar og stuðnings allra samtaka alþýðunnar á Íslandi.“

Heimild: sameyki.is

thordisg@frettabladid.is






Ástríða fyrir fagurri hönnun og fallegum húsmunum varð til þess að Elísabet Helgadóttir opnaði hönnunar- og sýningarrýmið Vest. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mublur til lífstíðar hjá Vest

Langar þig að prófa að sofa 120 dásamlegar nætur á heilsudýnu eða dýnu sem eykur djúpsvefn um 45 prósent? Fá að máta draumamubluna þína heima? Kíktu þá í Vest, þar sem heimsþekkt hönnun hús- og listmuna og einstakar svefnlausnir eru í hávegum hafðar. 2



Hjónin Elísabet Helgadóttir og Pétur Freyr Pétursson í glæsilegu sýningarrými Vest. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Náttúrufegurð Vestfjarða hefur ávallt heillað okkur og þangað sóttum við nafnið á Vest. Okkur þótti það svo fallega rammíslenskt en í senn alþjóðlegt líka; stutt og laggott en um leið svo sterkt," segir Elísabet Helgadóttir sem með eiginmanni sínum Pétri Frey Péturssyni opnaði nýlega eina glæsilegustu hönnunarverslun lýðveldisins, Vest, í Ármúla 17.

„Við vorum búin að vera á flakki um heiminn í heil fimm ár og bjuggum bæði og störfuðum í Lundúnum, Lúxemborg og Svíþjóð þegar fluttum aftur heim í árslok 2020. Það ár opnuðum við vefverslunina vest.is og ákváðum að láta draum um eigin rekstur rætast og nýta þá fjölbreyttu þekkingu sem við höfum öðlast í gegnum áralöng ferðalög, bæði vegna vinnu okkar og ástríðu fyrir hönnun og listum," segir Elísabet sem er menntaður fatahönnuður en Pétur er viðskipta- og markaðsfræðingur.

Pétur gerðist aðili að sprotafyrirtæki sem sérhæfir sig í svefnlausnum í ársbyrjun 2017.

„Svefnlausnir urðu þá fljótt að mikilli ástríðu hjá Pétri og á sama tíma má segja að áhugi minn á hönnun, innanstokksmunum og öllu sem tengist heimilinu hafi rokið upp úr öllu valdi. Við förum oft á milli landa til að sækja vörusýningar og skoða húsgagnaverksmiðjur og þar fengum við innsýn í allt sem viðkemur húsgagnabransanum og hönnunarferlinu og viðuðum að okkur dýrmætri þekkingu sem nýttist vel í stofnun Vest," segir Elísabet.

Draumsvefn að hætti NASA

Vest sameinar ástríðufullan áhuga hjónanna á fagurri innanhússhönnun og byltingarkenndum svefnlausnum, en Pétur er heillaður af svefni og tengingu svefns við heilsufar.

„Við ákváðum að kynna tvö fyrirtæki sem framleiða rúmdýnur sem tryggja endurnærandi gæðasvefn fyrir Íslendingum," segir Pétur um dýnur frá belgíska fyrirtækinu Sleepy og ítalsk-þýska fyrirtækinu Technogel.

„Sleepy-dýnan er margverðlaunuð í Evrópu og hefur meðal annars hlotið alþjóðleg neytendaverðlaun. Hún kemur í litlum kassa og nær fullri stærð á skömmum tíma eftir að henni hefur verið rúllað út. Þá erum við með stillanlegan Sleepy-Hybrid-kodda úr heimskunnu Outlast-efni sem er hannað af NASA," útskýrir Pétur.

Technogel eru frumkvöðull í framleiðslu heilsudýna og sannkallað tækniundur í svefnlausnum.

„Technogel hefur verið notað í allt frá læknisfræðilegum tilgangi yfir í list og nú heilsudýnu. Hún er hönnuð til að stuðla að dýpri og betri svefni, styður einstaklega vel við líkamann, dregur úr líkamshita og dreifir álagi án þess að hafa áhrif á hreyfigetu. Þá hafa niðurstöður rannsókna sýnt að Technogel-heilsudýnur auka djúpsvefn um allt að 45 prósent," greinir Pétur frá og hvetur alla sem þrá góðan nætursvefn að koma í Vest og prófa dýnurnar.

„Við bjóðum upp á 120 nátta prófun á Sleepy-dýnunum því við viljum að viðskiptavinir okkar séu fullkomlega sáttir. Þá sendum við frítt hvert á land sem er og samdægurs á höfuðborgarsvæðinu ef pantað er fyrir klukkan 17."



Costela-stóllinn frá Tacchini gleður augað í einfaldleika sínum og á rætur að rekja til sjötta áratugarins. Hrífandi ásýnd og hugvitsamleg hönnun.



Í Vest fæst hönnun frá mörgum frægustu húsgagnahönnuðum veraldar.

Trend eru fljót að breytast

Vest er ekki bara heillandi verslun heldur líka hönnunarstúdíó sem vakið hefur athygli fyrir glæsilega innanhússhönnun, en Elísabet vinnur að verkefnum í samstarfi við íslenska hönnuði og listamenn.

„Við mubluðum upp sýningaríbúð í Bríetartúni fyrir skemmstu, sem var einstaklega gefandi, og gaman að segja frá því að sala á íbúðum í húsinu tók strax við sér eftir að við höfðum lagt okkar hönd á allt sem var innanstokks," segir Elísabet í glæstum vistarverum Vest.


Þar bjóðast fáguð húsgögn fyrir heimili og fyrirtæki, meðal annars frá Ítalíu, Hollandi, Belgíu, Úkraínu, Noregi og Svíþjóð.

„Hugmyndin er að mublurnar fylgi kaupendum fyrir lífstíð. Við leggjum áherslu á að fylgja vörunni eftir og ganga úr skugga um að hún henti rýminu. Með tilkomu samfélagsmiðla hefur allur heimurinn opnast og það hefur haft áhrif á smekk Íslendinga sem nú geta fylgst með því sem gerist í innanhússhönnun um víða veröld. Litagleði hefur aukist og fólk er óragara við að prófa eitthvað nýtt undir listrænum áhrifum hvaðanæva úr heiminum," segir Elísabet sem sjálf hefur þó haldið sig fjarri öllum trendum í gegnum tíðina.


„Ég vel sígilda gæðahönnun hverju sinni. Trendin eru svo fljót að breytast en ef fólk hefur gaman af því að eltast við þau er einfaldast að velja hluti sem er auðvelt að breyta eða skipta út. Þar erum við í Vest á heimavelli og setjum kúnnann alltaf í fyrsta sæti."

Rétti tíminn fyrir nýjungar

Það er ævintýri líkast að skoða sig um í 265 fermetra sýningarsal Vest. Hvarvetna blasir við undurfalleg hönnun, húsgögn og smáhlutir, sem og heilsurúm, dýnur og koddar.



Narciso teppi frá Tacchini, handhnýtt eftir flókinni og fornri aðferð í Nepal.




Modell 711 stenst tímans tönn, hannaður af Fredrik A. Kayser.



Technogel heilsudýnurnar eru framleiddar á Ítalí og eru sannkallað tækniundur í svefnlausnum.

„Við lögðum upp með upplifunarhönnun sem samanstendur af sýningarrými, listgalleríi og verslun. Við vildum hafa heildarrýmið frekar hrátt og leyfa hverjum hlut að njóta sín, svo að fólk geti komið og fengið bæði innblástur og leiðsögn. Að upplifun þess væri eins og að ganga inn í listgallerí og það finnst okkur hafa tekist vel," segir Elísabet, en hönnun Vest var unnin í samstarfi við Thelmu Guðmundsdóttur innanhússarkitekt hjá Arkís.

„Okkur finnst rétti tíminn nú til að koma með nýjungar í íslenska innanhússflóru og dýpka og auka fjölbreytni á innanhússmarkaðnum. Við bjóðum upp á sígilda og endingargóða hönnun sem getur gengið kynslóða á milli og er alltaf falleg. Við leggjum líka mikið upp úr einstöku viðmóti og þjónustu, og bjóðum upp á þá kærkomnu nýjung að máta húsgögn á heimili áður en lokaákvörðun er tekin, sé þess kostur," segir Elísabet.



Borðstofuborðið Split frá Tacchini, hönnun Claesson, Koivisto og Rune.

Samstarf við listamenn

Meðal vörumerkja í Vest er heimsfræg húsgagnahönnun frá ítalska framleiðandanum Tacchini og gullfalleg skandinavísk húsgögn frá LK Hjelle í Noregi og Asplund í Svíþjóð. Einnig fallegar hillur og rúmbotnar frá ítalska merkinu XAM, smávörur og ljós frá úkraínska hönnunarmerkinu Noom og handblásnir vasar frá hollenska merkinu StudioZar.

„Okkur finnst sérstaklega skemmtilegt að vera í samstarfi við lítil og persónuleg fyrirtæki í hönnunargeiranum og ætlum að auka úrval hönnunarvara frá ýmist rótgrónum hönnunarhúsum sem og ungum og upprennandi listamönnum. Við viljum vera í góðu sambandi við listafólk og hönnuði, og að Vest sé staður þar sem ímyndunaraflið fer á flug og hægt er að sækja sér innblástur og leiðsögn. Sem stendur erum við í samstarfi við Stekk með smávöru frá Nedre Foss og í lok maí stefnum við á listviðburð með Elísabetu Ólmu Svendsen í Listaval. Þá vorum við að setja upp æðislegan spegil frá BERG, sem er íslensk hönnun sem verður í sérpöntun hjá okkur og takmörkuðu upplagi. Sjón er sögu ríkari og við bjóðum alla hjartanlega velkomna til okkar í Vest," segja þau Elísabet og Pétur.

Vest er í Ármúla 17 í Reykjavík.
Sjá vest.is



Vel samsettir þeytingar hafa jákvæð áhrif á blóðsykurinn og geta hjálpað í baráttunni við sykurpúkann.

Góð melting getur skipt sköpum

Nýjustu rannsóknir staðfesta alltaf betur og betur hversu mikilvægt það er að hafa meltingarfærin í lagi fyrir líðan okkar. Hún spilar stórt hlutverk í að viðhalda öflugu ónæmiskerfi.

Við þurfum að geta brotið fæðuna vel niður til að næringarefnin frásogist, til þess að það gerist þarf þarmaflóran að vera í jafnvægi. Meltingarfærin eru það fyrsta sem við þurfum að huga að til að geta nærst vel. Um leið og upptakan er góð og við skilum frá okkur eðlilegum hægðum kemst betra jafnvægi á og höfum við stigið stórt skref í átt að heilbrigðara lífi. Það má líkja þessu við að við séum að byggja hús og við byrjum á grunninum. Því traustari og betur gerður sem grunnurinn er, þeim mun auðveldara verður að byggja ofan á þannig að allt haldi vel.

Góður og grænn á morgnana

Grænn þeytingur eða smoothie eins og sjá má í meðfylgjandi uppskrift er fullur af næringarefnum og trefjum sem eru bæði nauðsynleg og góð fyrir meltinguna. Vel samsettir þeytingar hafa líka jákvæð áhrif á blóðsykurinn og geta hjálpað í baráttunni við sykurpúkann. Það þarf ekki að vera flókið að skella í góðan drykk og tekur varla meira en 2-3 mínútur.

Grænn og vænn

1 lúka blönduð græn blöð, spínat eða grænkál
½-1 banani (má vera frosinn)
1 bolli frosið mangó eða t.d. ananas
1-2 cm engifer
Smá sítrónusafi
1,5 bolli vatn eða t.d. möndlu- eða haframjólk



Meltingarensímin frá Enzymedica eru mest seldu ensímin á markaðinum.



Bio-Kult Candéa er háþróuð góðgerlablanda sem hentar fyrir alla. MYNDIR/ADSENDAR

Ýmislegt má svo nota til að „poppa“ drykkinn aðeins upp en það getur verið smá kanill, túrmerik, ein matskeið hörfræ eða chiafræ, smá epladjús eða tvær döðlur til að sæta aðeins. Berjadrykkir eru líka einstaklega næringaríkir og um að gera að finna hvað hentar.

Þreyta eftir máltíðir

Ensím eru nauðsynleg í öllum efnaskiptum í líkamanum en í hráu fæði eru ensím sem verða óvirk við eldun. Þegar við borðum eldaðan og unninn mat notar líkaminn orkuna í að finna og flytja ensím til meltingarvegarins, en hver hefur ekki fundið fyrir þreytu eftir stórar máltíðir? Með hækkandi aldri gerist það líka að framleiðsla ensíma í líkamanum minnkar en ensímskortur getur lýst sér í eftirfarandi:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Ónot í maga og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Skapsveiflur
- Eymsli í liðum
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Það er mikilvægt að borða „lifandi fæðu“ eins og grænmeti og ávexti með elduðum mat. Fjölmargir hafa einnig fundið lausn í að taka inn meltingarensím til að auðvelda líkamanum verkið og nýta fæðuna betur. Þetta er grundvallaratriði í átt að heilbrigðari lífsstíl. Meltingarensímin frá Enzymedica eru tekin inn með mat og hafa losað fólk við ótrúlegustu óþægindi og aukið orku til muna. Aðferð við vinnslu á Enzymedica ensímunum kallast Thera-Blend og er það einkaleyfisvarin aðferð sem gerir þeim kleift að vinna á mismunandi pH-gildum í líkamanum sem gerir þau margfalt öflugri en önnur meltingarensím.

Öflugasta viðbótin

Fyrir utan D-vítamín og ómega-3 fitusýrur sem er okkur lífsnauðsynlegar, eigum við að taka inn öfluga mjólkursýrugerla. Oft er sagt að heilsan búi í þörmunum og mikið er til í því. Stöðugt álag er á meltingunni, atriði eins og streita, lyf, áfengi, sykur og koffín valda því að þarmaflóran er ekki í nógu góðu jafnvægi. Bio-Kult

Á tímum sem þessum er sterkt ónæmiskerfi lykilatriði. Þættir eins og hreyfing, góður svefn, hollt mataræði og góð melting eru undirstaðan að öflugu ónæmiskerfi.

eru öflugir góðgerlar sem styrkja meltinguna. Bio-Kult Candéa er háþróuð og fjölvirk örverublanda sem inniheldur 7 frostþurrkaða og sýruþolna gerlastofna ásamt hvítlauk og GSE (Grapefruit Seed Extract) sem getur haft góð áhrif á meltinguna. Bio-Kult Candéa er öruggt og hentar vel fyrir alla, einnig barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn.

Guðdómlega fallegt afmæli með kisuívafi



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@frettabladid.is

Berglind Hreiðars heldur úti síðunni Gotterí og gersemar. Á dögunum hélt hún langþráða afmælisveislu fyrir yngstu dóttur sína, Huldu Sif, sem varð fjögurra ára. Berglind fór að venju létt með að hrista fram úr erminni undurfallega afmælisveislu eins og myndirnar bera með sér og endurspegla kökuskreytingar og umgjörð veislunnar listræna hæfileika Berglindar.

„Veislukona eins og ég hef átt pínu bágt með að halda engar veislur eða boð í gott ár núna. Ég elska að bjóða fólki heim en eins og gefur að skilja hafa engin veisluhöld átt sér stað í dágóðan tíma," segir Berglind sem var harðákveðin í því að afmælisveisla skyldi haldin núna, innan sóttvarnamarka að sjálfsögðu.

Bleikt, hvítt, svart og gyllt þema með kisuívafi

Þemað í ár var með kisuívafi, bleikt, hvítt, svart og gyllt.

„Það spratt út frá því að ég sá undurfallega kisudiska í Allt í köku. Svo ég gekk um alla búð með kisudótið og valdi fleiri hluti í sömu litum til að para með. Katrín eigandi Allt í köku kom síðan með hugmynd að borðaskreytingu og almáttugur hvað hún kom vel út. Elsku Hemmi minn tæmdi í sér lungun kvöldinu áður þegar hann blés í skrilljón litlar blöðrur sem ég raðaði upp á blöðruborða og úr varð þessi gullfallega blöðrulengja sem lá yfir allt borðið. Venjulega byrjar þema bara á því að ég sé eitthvað fallegt, eins og kisudiskana í þetta skiptið, og svo spila ég út frá því, skoða hugmyndir á netinu, fer að fabúlera með kökur og veitingar og allt þar á milli."

Andlitsmálning fyrir börnin

„Ein mesta snilld sem ég veit er að fá andlitsmálun fyrir börnin og fékk ég yndislegu Ingunni hjá Andlitsmálun Ingunnar til að koma eins og oft áður. Við vissum ekki af krökkunum heillengi á meðan þau biðu í röð eftir að kæmi að sér og þau fylgdust með listamanninum að störfum," segir Berglind.

Veitingar fyrir alla aldurshópa

Berglindi fannst ekki nóg að hafa fallegt skraut og kökur.

„Það þarf að passa að eitthvað sé fyrir alla, börn og fullorðna, og að enginn fari svangur heim. Það væri líklega mín versta martröð. Þar sem mikill tími fer í skreytingar finnst mér dásamlegt að úthýsa ákveðnum þáttum hjá ættingjum, vinum eða veitingaþjónustum og að þessu sinni pantaði ég hjá Lemon til að allir fengju eitthvað matarkyns áður en smakkað væri á sætindunum. Svo sóttum við Dons Donuts en ég elska þá ljúffengu, litlu kleinuhringi. Afmælið var eftir vinnu á mánudegi og þetta hitti þvílíkt í mark."

Boðið var upp á eftirfarandi veitingar í kisuaafmælinu:

- Samlokur og djús frá Lemon
- Pavlovu
- Kransakökubita
- Vanilluköku
- Kisuköku (súkkulaðikaka)
- Bollakökur
- Kökupinna
- Hrískökupinna
- Partí- kókosbollur
- COVID-vænan nammibar (nammi í litlum ílátum)
- Mini kleinuhringi frá Dons Donuts
- Snakk og nammi

„Ég geri alltaf hluta veitinganna í stíl við þemað fyrir sjálft afmælisborðið. Ég er alltaf með of mikið af veitingum og því voru vinir sendir heim með nesti og nágrannar fengu kökusendingu þetta kvöld," segir Berglind sem deilir uppskriftum úr þessu guðdómlega fallega og frumlega barnaafmæli.



Afmælisprinsessan Hulda Sif var hamingjan uppmáluð og fékk glæsilega veislu í tilefni fjögurra ára afmælisins. MYNDIR/BERGLIND HREIÐARS

Sjá fleiri uppskriftir úr afmælinu á frettabladid.is



Kisukakan sem stal senunni í afmælisboði Huldu Sifjar.



Kisuþema í afmælisinu var í bleiku, gylltu og svörtu.

Dásamlega fallegir kökupinnar með skrauti féllu svo sannarlega í kramið hjá veislugestum, enda upplifun fyrir munn og maga og sannkallað augnakonfekt.





Blöðrur, súkkulaðihrískpinnar og flott afmælismerki.



Afmælisgestirnir fengu andlitsmálun sem hitti í mark.

Kisukaka

Súkkulaðibotnar

240 g hveiti
350 g sykur
90 g bökunarkakó
2 tsk. matarsódi
1 tsk. salt
250 ml súrmjólk
150 ml matarolía
4 egg
250 ml heitt vatn
1 tsk. vanilludropar

Hitið ofn í 170°C.

Hrærið saman öllum þurrefnum og leggið til hliðar.

Pískið egg og blandið súrmjólk, olíu, vanilludropum og vatni saman við.

Hellið vökvanum varlega saman við þurrefnin, hrærið og skafið niður á milli (deigið er þunnt).

Takið til 4x15 cm smelluform, setjið bökunarpappír í botninn og spreyið vel með matarolíuspreyi.

Skiptið deiginu jafnt á milli formanna og bakið í um 25-35 mínútur eða þar til prjónn kemur út með smá kökumylsnu á en ekki blautu deigi.

Kælið alveg og skerið ofan af botnunum svo þeir verði alveg sléttir.

Krem á milli

125 g smjör við stofuhita
3 msk. bökunarkakó
2 tsk. vanilludropar
3 msk. hlynsíróp
3 msk. rjómi
400 g flórsykur

Þeytið smjör stutta stund. Bætið öðrum hráefnum saman við til skiptis, skafið niður á milli og hrærið vel. Þegar létt og þétt krem hefur myndast má smyrja því á milli botnanna og raða kökunni saman fyrir hjúp.

Krem í hjúp og skreytingu

250 g smjör við stofuhita
2 tsk. vanillusykur
100 ml rjómi
900 g flórsykur

Þeytið smjör stutta stund. Bætið öðrum hráefnum saman við til skiptis, skafið niður á milli og þeytið þar til létt og ljóst. Smyrjið fyrst þunnu lagi yfir allt til að hjúpa kökuna, geymið í kæli í um 30 mínútur.

Litið hluta af kreminu í tónum sem þið ætlið að skreyta með, setjið í sprautupoka og geymið.

Hjúpið kökuna að nýju með hvítu kremi, nú um ½ cm þykkt lag allan hringinn (notið smá litað krem ef þið viljið draga lit í eins og er gert neðarlega á þessari köku) og skreytið að vild. Hér eru sprautaðar rósir og stjörnur í mismunandi gerðum og skreytt með kökuskrauti.

Annað skraut og samsetning

Svartur matarlitur
Duft matarlitir
Sykurmassaskraut (hér stjörnur og eyru búin til úr slíku)
Kökuskraut, kerti og pinnar.

Útbúið eyru og stjörnur, leyfið því að storkna yfir nótt og litið síðan með duftmatarlitum. Teiknið augu, munn og veiðihár með fínum pensli og matarlit. Setjið

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Deildarstjóri stjórnstöðvar

RARIK

RARIK ohf. óskar eftir að ráða deildarstjóra stjórnstöðvar. Stjórnstöð er ný deild sem ber ábyrgð á vöktun dreifikerfis og hitaveitu og sinnir verkefnum sem tengjast því.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Þátttaka í uppbyggingu og mótun stefnu og starfsemi stjórnstöðvar
- Ábyrgð á vöktun og kerfisstjórnun dreifikerfis og vöktun hitaveitna
- Samræming aðgerða stjórnstöðvar og rekstrarsvæða
- Stjórnunarleg ábyrgð á starfsmönnum deildarinnar og góðu starfsumhverfi
- Ábyrgð á uppsetningu og framkvæmd vaktaplans
- Ábyrgð á áætlanagerð, kostnaðareftirliti og frávikagreiningu
- Þátttaka í vöktum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði, -tæknifræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af rekstri raforkukerfis/stjórnstöðvar er æskileg
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar og drifkraftur
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta

RARIK ohf. er opinbert hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.

Starfsfólk RARIK eru um 200 og starfsstöðvar 20.

RARIK hefur á undanförnum áratugum unnið jafnt og þétt að uppbyggingu rafdreifikerfisins og er nú svo komið að um 70% þess er jarðstrengir.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.rarik.is**

Umsóknarfrestur er til og með **17. maí 2021**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Stafrænt Suðurland - Verkefnastjóri

Sveitarfélagið Suðurland

Kosið verður um sameiningu Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps 25. september 2021. Verkefnisheitið er Sveitarfélagið Suðurland. Verkefnið Stafrænt Suðurland er undirverkefni þess og er markmiðið að undirbúa sveitarfélögin undir veitingu stafrænnar þjónustu og stjórnsýslu með því að móta einskonar stafrænt ráðhús og þjónustuver fyrir Sveitarfélagið Suðurland og ná þannig fram hagræðingu í rekstri, auknu öryggi í vinnslu gagna og meiri sérhæfingu í störfum. Stafrænt ráðhús auðveldar stafræn samskipti við almenning og eykur möguleika á sjálfsafgreiðslu. Auglýst er eftir metnaðarfullum og framsæknum einstaklingi til að leiða verkefnið.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Mótun verkefnisins Stafrænt Suðurland og gerð verkefnisáætlunar
- Stöðumat og greining stafrænna innviða sveitarfélaganna í samstarfi við starfsfólk
- Verkefnastjórnun og innleiðing á sameiginlegum verkefnum sveitarfélaganna s.s. við samræmingu upplýsingatæknikerfa og gerð skjalavistunaráætlunar
- Vinna að hagnýtingu þekkingar og lausna er snúa að stafrænni umbreytingu í stjórnsýslu, þjónustu og rekstri
- Gerð fræðsluefnis til að greiða fyrir innleiðingu verkefna og lausna
- Stuðla með virkum hætti að auknu samstarfi sveitarfélaganna, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkis á sviði stafrænnar þróunar
- Uppbygging rafræns upplýsingavettvangs fyrir sveitarfélögin sem felur í sér framsetningu efnis, miðlun og deilingu þekkingar, lausna og verkefna
- Uppbygging faglegs verklags fyrir samstarf og sameiginleg verkefni og innleiðing þvert á sveitarfélögin

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Meistarapróf eða reynsla sem nýtist í starfi er kostur
- Þekking og reynsla af faglegri verkefnastjórnun þar sem margir hagaðilar koma að verkefnum er skilyrði
- Færni til að undirbúa, skipuleggja og stýra verkefnum og fylgja þeim eftir
- Þekking og reynsla af upplýsingatækni og stafrænum umbreytingaverkefnum
- Framúrskarandi samskiptahæfni og geta til að koma skoðunum, upplýsingum og röksemdarfærslum frá sér á skýran hátt
- Geta til að byggja upp, hanna og viðhalda vef með faglegri framsetningu upplýsinga og gagna
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Mjög góð færni í íslensku og ensku í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **3. maí 2021.** Nánari upplýsingar um starfið má finna á **www.intellecta.is.**
Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is).

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

JAFNLAUNAMERKIÐ

Við styrkjum hópinn

Alcoa hefur verið leiðandi í áliðnaði frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1888. Álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkomnustu í heiminum.

Raf- og véliðnaðarmenn

Við leitum að góðum raf- og véliðnaðarmönnum í fjölbreytt dagvinnustörf. Framleiðslutæki Fjarðaáls eru að stórum hluta sjálfvirk og mikið um iðnstýringar. Áhersla er lögð á að tryggja áreiðanleika með fyrirbyggjandi viðhaldi sem tekur mið af raunverulegu ástandi búnaðar. Fjögur teymi sinna skipulögðu viðhaldi í dagvinnu, sérhæft greiningarteymi fylgist með ástandi búnaðar og miðlæg viðhaldsvakt bregst við bilunum allan sólarhringinn. Iðnaðarmenn vinna náið með framleiðslustarfsfólki, skipuleggjendum viðhalds og öðrum sérfræðingum.

Hvers vegna að velja starf hjá Alcoa Fjarðaáli?

- Góð laun og fjölskylduvænn vinnutími
- Tækifæri til starfsþróunar í gegnum þjálfun, fræðslu og fjölbreytta starfsreynslu
- Ýmis fríðindi á borð við akstur til og frá vinnu, gott mötuneyti, heilsugæslu og velferðarþjónustu
- Fjarðaál er vinnustaður þar sem komið er fram við alla af vinsemd og virðingu
- Heilsa og öryggi starfsfólks eru ávallt forgangsmál
- Við trúum því að samhent teymi ólíkra einstaklinga séu lykillinn að árangri, við erum framsækin í jafnréttismálum og viljum fjölga konum í hópi iðnaðarmanna

Frekari upplýsingar veitir Elísabet Sveinsdóttir á elisabet.sveinsdottir@alcoa.com eða í síma 470 7700.

Verkefnastjóri í framleiðsluþróunar- og upplýsingatækniteymi

Við leitum að verkefnastjóra í framleiðsluþróunar- og upplýsingatækniteymi. Verkefnastjóri heldur utan um fjölbreytta verkefnaskrá og samræmir hana við stefnu fyrirtækisins. Verkefnastjóri vinnur með öllum teymum Fjarðaáls að betri rekstrarárangri.

Menntun og hæfni

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem verkefnastjórnun, verkfræði eða sambærilegt
- Þriggja ára reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Viðskiptavit, frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði
- Miklir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Ábyrgð og verkefni

- Árangursríkt umbótastarf og stuðningur við nýjar hugmyndir
- Koma verkefnum í réttan farveg til að tryggja árangursríka innleiðingu
- Leiðbeina og fræða um aðferðafræði verkefnastjórnunar
- Forgangsraða verkefnum skv. stefnu fyrirtækisins
- Tryggja að verklag sé í samræmi við innri og ytri kröfur
- Setja fram og fylgja eftir árangursviðmiðum verkefna
- Tryggja að verkefnum ljúki innan gæða-, kostnaðar- og tímamarka
- Eiga góð samskipti við hagsmunaaðila verkefna

Frekari upplýsingar veitir María Ósk Kristmundsdóttir á maria.kristmundsdottir@alcoa.com eða í síma 470 7700.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um störfin. Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2021.
Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á www.alcoa.is







Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa

HÉÐINN

Sérfræðingur

Héðinn hf. er fyrirtæki með nærri 100 ára sögu af þjónustu við sjávarútveg og iðnað. Hjá Héðni starfa um 100 manns við fjölbreytt störf, allt frá hönnun til framleiðslu fullbúins tækjabúnaðar ásamt eftirfylgni og þjónustu. www.hedinn.com.

KONGSBERG



Kongsberg Maritime búnaður og skipahönnun er í fremstu röð í heiminum og hefur þjónað íslenskum útgerðum í áratugi með áreiðanleika og endingu að leiðarljósi.

Héðinn óskar eftir að ráða áhugasaman og þjónustulipran sérfræðing inn á Kongsberg Marine og véladeild. Um er að ræða þjónustu við viðskiptavini sem eru með búnað frá Kongsberg Maritime, sérstaklega á sviði stýringa og stjórnkerfa. Starfið felur einnig í sér ferðalög þegar um uppfærslur eða uppsetningu á búnaði er að ræða.

Helstu verkefni:

- Uppsetning og uppfærslur á stjórnbúnaði.
- Þjónusta við viðskiptavini á sviði stjórnunar vélbúnaðar.
- Önnur þjónusta við Kongsberg búnað.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Vélstjóri, vélvirki, rafvirki eða sambærileg iðnmenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Reynsla af stýringu vélbúnaðar.
- Þekking af vél-, tækni- og rafbúnaði.
- Framúrskarandi þjónustulund, jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar.
- Drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Góð tölvukunnátta.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

LÖGFRÆÐINGUR HJÁ MAGNA LÖGMÖNNUM.

MAGNA Lögmenn óska eftir að ráða öflugan lögfræðing til að sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Fullnaðarpróf í lögfræði (cand.jur/meistarpróf).
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og rituðu máli.
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.


MAGNA Lögmenn er leiðandi lögfræðifyrirtæki á sviði stjórnsýsluréttar, eignaréttar, orku- og skipulagsréttar, verktaka- og útboðsréttar og almennum fyrirtækjarétti. Fyrirtækið er ört stækkandi lögmannsstofa sem býður uppá hvetjandi vinnuumhverfi.

Umsóknir berist á logmenn@magna.is.
Umsóknarfrestur er til og með 7. maí 2021.

MAGNA
LÖGMENN

MAGNA LÖGMENN
HÖFÐABAKKA 9 110 REYKJAVÍK
LOGMENN@MAGNA.IS
MAGNA.IS | 571 5400





Sumarstörf – sjálfbærni og nýsköpun

Íslandsbanki leggur áherslu á samþættingu sjálfbærnisjónarmiða í starfsemi sína til viðbótar við arðsemismarkmið sín. Við viljum vera til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi og taka virkan þátt í samfélaginu sem við búum í.

Með því að stuðla að sjálfbærni í sinni víðustu mynd höfum við jákvæð áhrif, við erum hreyfiafl til góðra verka, því það er mikilvægt fyrir okkur og okkar viðskiptavini. Við leitum að nemum í sumarstörf sem eru tileinkuð nýsköpun og sjálfbærni til framtíðar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Mæling á umfangi kolefnislosunar lána- og eignasafns bankans
- Greining á sjálfbærum fyrirtækjalánum
- Útbúa fræðsluefni sem ýtir undir fjármálalæsi, nýsköpun og sjálfbærni
- Gagnasöfnun og samanburðargreining á sviði sjálfbærni og umhverfisþátta

Hæfniskröfur:

- Háskólanám, meistaranám eða á lokaári í grunnámi
- Brennandi áhugi á sjálfbærni og nýsköpun
- Gagnrýnin og skapandi hugsun
- Frumkvæði og geta til að hrinda verkefnum í framkvæmd
- Mikil samskiptafærni og geta til að starfa í ólíkum hópum

Nánari upplýsingar eru á https://jobs.50skills.com/isb/is. Umsækjendur eru beðnir um að senda inn ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur á hæfni í þessi spennandi nýsköpunarstörf.

Umsóknarfrestur er til og með 9. maí.

Hjá Íslandsbanka starfa um 750 manns með ástríðu fyrir árangri. Við vinnum saman að lausnum fyrir viðskiptavini með fagmennsku að leiðarljósi. Íslandsbanki hefur staðist jafnlaunavottun og hlotið Jafnlaunamerki Velferðaráðuneytis.

JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022

RÁÐGJÖF RÁÐNINGAR RANNSÓKNIR

RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

Komdu út að leika

Við leitum að öflugu starfsfólki

Finndu rétta starfið á *flyplay.com/storf*

PLAY

Spennandi störf hjá Umbru – Þjónustumiðstöð stjórnarráðsins

Umbra - þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins veitir ráðuneytum og stofnunum margvíslega þjónustu á sviði upplýsingatækni og annars sameiginlegs rekstrar.
Hjá Umbru vinnur fjölbreyttur hópur saman að því að veita framúrskarandi þjónustu í góðu umhverfi. Starfsmenn eru 39 og notendur þjónustunnar á sjötta hundrað.
Umbra er ISO27001 vottuð.

Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og viðkomandi stéttarfélags.

Kerfisstjóri

Umbra óskar eftir að ráða öflugan kerfisstjóra með þekkingu á miðlægum Microsoft lausnum til að sinna kerfisstjórn og þjónustu við notendur ráðuneyta og stofnana. Viðkomandi skal hafa ríka öryggisvitund og getu til að stýra verkefnum.

Helstu verkefni
- Kerfisstjórnun og stuðningur við notendaþjónustu
- Innleiðing og uppsetning nýrra kerfa og lausna
- Þátttaka í rekstri Microsoft 365 kerfa þar sem staðbundnum og skýjalausnum er blandað saman
- Þátttaka í vali á lausnum í takt við tækniþróun á hverjum tíma
- Önnur tilfallandi verkefni í tengslum við þróun og rekstur á innri kerfum Umbru

Menntunar- og hæfniskröfur
- Nám í tölvunarfræði, kerfisfræði, sambærilegt nám eða reynsla
- Reynsla af rekstri og innleiðingu tölvukerfa
- Góð þekking og reynsla af Microsoft hugbúnaði, t.d. Active Directory, Azure og Exchange
- Þekking á Microsoft 365 skýjalausnum og staðbundnum lausnum Microsoft
- Þekking á VMware
- Þekking á net- og öryggislausnum
- Þekking á Veeam afritunarlausn er kostur
- Góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti
- Frumkvæði og góð samskiptahæfni, ásamt ríkri þjónustulund
- Metnaður til að ná árangri og hæfni til að tileinka sér nýjungar og breytingar
- Sjálfstæði í starfi og ögguð vinnubrögð

Notendaþjónusta

Umbra óskar eftir að ráða öflugan og þjónustulundaðan liðsfélaga til að sinna tölvuþjónustu fyrir starfsfólk ráðuneyta Stjórnarráðs Íslands.

Helstu verkefni
- Almenn þjónusta við notendur og umsýsla í Microsoft umhverfi
- Uppsetning og rekstur á endabúnaði
- Önnur tilfallandi kerfisstjórn

Menntunar- og hæfniskröfur
- Nám í kerfisfræði, sambærilegt nám eða reynsla
- Reynsla af notendaþjónustu
- Góð þekking á Microsoft notendalausnum, m.a. Microsoft 365 og Teams
- Mjög góð samskiptahæfni ásamt ríkri þjónustulund
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til hópavinnu
- Metnaður til að ná árangri og hæfni til að tileinka sér nýjungar og breytingar
- Rík vitund um upplýsingaöryggi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2021.
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi.

Nánari upplýsingar um störfin veita Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

ESA | EFTA Surveillance Authority

Assistants

Competition & State Aid Directorate and Internal Market Affairs Directorate

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 450 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs staff members of 19 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

ESA is recruiting Assistants to join its Competition & State Aid Directorate (CSA) and its Internal Market Affairs Directorate (IMA).

Competition & State Aid Directorate:

CSA, a multi-disciplinary team comprising both economists and lawyers, enforces the competition and state aid rules of the EEA Agreement.

The successful candidate will provide administrative support to the management and staff of the CSA Directorate in a dynamic and international working environment. This includes monitoring and updating databases and portals used by both EFTA national authorities and the EU Commission, updating webpages, and efficient use of IT systems to handle data. The role also involves undertaking other general administrative tasks, including travel arrangements as well as organising meetings and smaller events, as assigned by the Director and Deputy Directors.

Internal Market Affairs Directorate:

IMA is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law.

The successful candidate will join a team of 2 other Assistants to provide administrative support to the management and staff of the IMA Directorate (approximately 35 staff) in a dynamic and international working environment. This includes monitoring deadlines and efficient use of IT systems to generate legal documents, reports and statistics. The intention is for the successful candidate to receive training to become a 'super-user' of our internal document archive and case-management system. The role also involves organising meetings in the EEA EFTA Member States and undertaking other general administrative tasks as assigned by the Director.

We are looking for highly motivated and well-qualified individuals, who have the confidence and initiative to take on a variety of tasks and ensure timely compliance with procedures.

Job Reference: 09/2021 - Deadline for applications: Monday 24 May 2021 (midnight CET) - Start date: Autumn 2021

For full details of this position and to apply, please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

HOF MENNINGARHÚS

Menningarhúsið Hof leitar að kaffibarþjóni

Um er að ræða 100% starf en möguleikar eru einnig á hlutastarfi, unnið er á vöktum og um helgar.

Kröfur sem gerðar eru til umsækjanda eru:

- Þekking á kaffigerð og/eða áhugi á að læra góða kaffigerð
- Reynsla af þjónustustörfum æskileg
- Rík þjónustulund og kurteisi
- Reynsla af störfum í veitingaþjónustu æskileg en ekki skilyrði
- Samviskusemi, stundvísi og áreiðanleiki
- Jákvætt viðmót og lausnamiðuð hugsun
- Viðkomandi þarf að geta tekið að sér ábyrgð

Helstu verkefni:

- Afgreiðsla veitinga, kaffigerð og þjónusta
- Frágangur, uppvask og þrif

Umsóknir þar sem fram kemur rökstuðningur viðkomandi fyrir hæfni í starfið ásamt ferilskrá sendist á *siljabjork@mak.is* Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2021. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. júní 2021.

Menningarhúsið HOF Strandgata 12 600 Akureyri 450 1000 www.mak.is

TÆKNIMENN / BIFVÉLAVIRKJAR

ALFA ROMEO · CHRYSLER · DODGE · FIAT · Jeep · RAM · MOPAR



Leitum að drífandi og öflugum tæknimönnum á ört vaxandi verkstæði sem sinnir fjölbreyttum verkefnum s.s. umboðsþjónustu, almennum bifreiðaviðgerðum á öllum tegundum bifreiða og tæknimönnum í breytingar á Jeep og RAM.

Helstu verkefni

- Almennar bílaviðgerðir á öllum tegundum bifreiða
- Bilanagreiningar
- Almennt viðhald
- Þjónustuskoðanir
- Breytingar á Jeep og RAM

Menntunar- og hæfniskröfur

- Bifvélavirki eða reynsla af bílaviðgerðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Óskum einnig eftir bifvélavirkjameistara

Upplýsingar um starfið gefur Kristján Guðmundsson kristjan@isband.is
Umsóknir sendist í gegnum https://alfred.is/starf/taeknimenn-bifvelavirkjar

Um ÍSBAND

Íslensk-Bandaríska (ÍSBAND) er umboðs- og dreifingaraðili fyrir vörumerkin Jeep, RAM, Fiat, Fiat Professional, Alfa Romeo, Chrysler og Dodge á Íslandi. Hjá ÍSBAND eru nú um 30 stöðugildi. ÍSBAND bílaverkstæði sinnir ofantöldum vörumerkjum sem og öllum öðrum bílategundum. Verkstæði og varahlutaverslun eru í rúmgóðu húsnæði að Smiðshöfða 5, 110 Reykjavík. Söludeild er staðsett í Þverholti í Mosfellsbæ.

ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00

BIOEFFECT

VEIST ÞÚ ALLT UM VERÖLDINA Á VEFNUM?

Stjórnandi vefmála BIOEFFECT

Við leitum að öflugum stjórnanda með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af vefþróun. Stefna okkar er að fjárfesta enn frekar í þróun og uppbyggingu á vefumhverfi fyrirtækisins. Við viljum efla ásýnd og upplifun viðskiptavina okkar ásamt því að auka sölu og krosssölu. Vefurinn gegnir lykilhlutverki í sölu- og markaðsstarfi okkar á heimsvísu. BIOEFFECT rekur eigin vefi en auk þess reka dreifiaðilar um allan heim útgáfur af vef og vefverslun. Umhverfið er því sérstaklega krefjandi.


Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil þekking af þróun og rekstri vefja og vefverslana
- Reynsla af innleiðingu á vef
- Reynsla af netmarkaðssetningu og hönnun þjónustuferla
- Reynsla og þekking á Google Analytics er kostur
- Þekking á Shopify, HTML, CSS og JavaScript er kostur
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði, sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Metnaður og löngun til að ná árangri

Nánari upplýsingar veitir Elísabet Austmann, framkvæmdastjóri markaðssviðs, elisabet.austmann@bioeffect.com.

Sækið um á alfred.is til og með 10. maí 2021.
Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

bioeffect.com bioeffect.co.uk bioeffect.is



Starfsmaður í frumgerðarsmíði (Prototyping)

Við leitum að áhugasömum og skapandi starfsmanni til að starfa við frumgerðarsmíði. Starfsmaðurinn tilheyrir nýrri deild sem sér um frumgerðarsmíði hjá Þróunarsviði Össurar. Gerðar verða miklar kröfur um að tileinka sér nýja tækni og samskipti við tæknifyrirtæki.

STARFSSVIÐ

- Vinna við þróun og hönnun vörulínu
- Þróun vélbúnaðar / hugbúnaðar
- Notkun og þróun róbóta og servo stýringa
- Þátttaka í hönnun og smíði framleiðslu 3D prentara

HÆFNISKRÖFUR

- Brennandi verkefnaáhugi
- Reynsla af smíði / hönnun – sýnidæmi æskileg
- Tæknimenntun
- Áhugi á vélum og tækni
- Reynsla af forritun
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

CNC starfsmaður í frumgerðarsmíði (Prototyping)

Við leitum að færum CNC starfsmanni á fræsivélar og rennibekki. Starfsmaðurinn tilheyrir nýrri deild sem sér um frumgerðarsmíði hjá Þróunarsviði Össurar.

STARFSSVIÐ

- Smíði á frumgerðum (prototyping)
- Þátttaka í smíði framleiðslu 3D prentara

HÆFNISKRÖFUR

- Brennandi verkefnaáhugi
- Reynsla af CNC og smíði
- Áhugi á vélum og tækni
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 10. maí 2021.
Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna. Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf. Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 27 löndum.
Gildi félagsins eru: **Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki**



Bókari í fullt starf

Rafholt ehf. leitar að reynslumiklum og öflugum einstaklingi á skrifstofu fyrirtækisins. Starfið felur í sér færslu bókhalds, reikningagerð og innheimtu, afstemmingar og önnur störf er snúa að bókhaldi og uppgjörsvinnu. Um er að ræða 100% stöðugildi og hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Helstu verkefni:
- Dagleg færsla bókhalds og afstemmingar
- Reikningagerð - innheimta
- Mánaðarleg uppgjör
- Frágangur og samskipti við endurskoðanda
- Verkbókhald - uppgjör verka
- Önnur tilfallandi störf á skrifstofu

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði viðskipta/rekstrar og/eða viðurkenndur bókari
- Reynsla af uppgjörsvinnu og ársreikningagerð
- Þekking á lögum og reglum bókhalds, virðisaukaskatts og reikningsskila
- Reynsla af verkbókhaldi er æskileg
- Reynsla af launaútreikningum er æskileg
- Þekking og reynsla af DK bókhaldskerfi er æskileg
- Lipurð í samskiptum, stundvísi, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til 15.maí 20201 í gegnum **starf@rafholt.is**

Rafholt er framsækið fyrirtæki sem starfar jafnt á útboðsmarkaði og í þjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Fyrirtækið er eitt stærsta sinnar tegundar á sviði rafverktöku á Íslandi.

Helstu verkefni eru almennar raflagnir, tölvu- og ljósleiðaralagnir, töflu- og stjórnskápasmíði og loftnetaþjónusta fyrir fjarskiptafyrirtæki.

Rafholt leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem hafa áhuga á að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu.

Fagleg vinnubrögð og framúrskarandi árangur eru leiðarljós fyrirtækisins. Öflugt starfsmannafélag er starfrækt hjá fyrirtækinu og er aðstaða starfsmanna öll hin glæsilegasta.

Rafholt er á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki á Íslandi 2020 áttunda árið í röð.

Framúrskarandi fyrirtæki 2013 2020

RAFHOLT

Rafholt ehf. | Smiðjuvegur 8 | 200 Kópavogur | 517-7600 | www.rafholt.is

Snjall sölumaður

Vélar og verkfæri er sölu- og þjónustufyrirtæki á sviði rafbúnaðar, aðgangsstýringa, hurða- og gluggabúnaðar, lása og lykla ásamt verkfærum.

Við óskum eftir að ráða öflugan sölumann í samhent söluteymi til starfa sem fyrst.

Við leitum að aðila með reynslu af sölu á fyrirtækjamarkaði sem hefur metnað til að ná framúrskarandi árangri.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Heimsóknir til núverandi viðskiptavina og öflun nýrra viðskiptasambanda.
- Tilboðsgerð og eftirfylgni.
- Ráðgjöf og afgreiðsla viðskiptavina.
- Önnur tengd verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Haldgóð reynsla af sölumennsku á fyrirtækjamarkaði er mikill kostur.
- Geta til að vinna sjálfstætt og skipulega, þjónustulund og góð framkoma.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, bæði töluðu og rituðu máli. Kunnátta í Norðurlandamálum og/eða þýsku er kostur.
- Iðn- eða háskólamenntun á sviði rafiðnaðar er mikill kostur.
- Þekking og áhugi á byggingavörumarkaði er kostur.
- Góð tölvukunnátta.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Siglaugsson í síma 550 8500. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á **starf@vv.is í síðasta lagi 5. maí 2021.**

VÉLAR & VERKFÆRI

Skútuvogur 1 c • 104 Reykjavík • Sími 550 8500 • www.vv.is



Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

EINAR P. & KÓ

Smiðir óskast

Einar P. & Kó óskar eftir reyndum smiðum í framtíðarstarf.
Mjög góð verkefnastaða og fjölbreytt verkefni framundan.

Kostur væri ef aðili gæti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir og frekari upplýsingar sendist á netfangið helgi@epogko.is

NW NORTHWEAR

Sölu- og þjónustufulltrúi

Northwear leitar að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingi 35 ára eða eldri í fjölbreytt og skemmtilegt starf.

Starfssvið:
- Upplýsingagjöf og sala
- Mátun á viðskiptavinum og ráðgjöf
- Samskipti við erlenda birgja
- Vörupantanir og innkaup
- Móttaka vörusendinga og útgáfa reikninga

Hæfniskröfur:
- Þjónustulund og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af starfi í fataverslun eða fagmenntun í fatasaum
- Mikill áhugi á fatnaði
- Talandi og skrifandi á ensku og íslensku
- Almenn tölvukunnátta
- Stundvísi og skipulagshæfileikar

Northwear er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í framleiðslu og sölu á einkennis- og starfsmannfatnaði auk þess að reka öfluga heildsöludeild sem flytur inn og selur m.a. Lee og Wrangler.

Umsóknir sendist á godi@northwear.is fyrir 7. maí.

Northwear ehf, Sundaborg 7-9 | 104 Reykjavík | Sími 511 4747 | www.northwear.is



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Starfsmaður á rekstrardeild

Laust er starf a rekstrardeild Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðinu. Um 100% starf er að ræða.

Í starfinu felast öll almenn lagerstörf á inni- og útisvæði, s.s. vörumóttaka, vörutiltekt, áfylling, útkeyrsla, skráning í birgðabókhald og lagerkerfi svo og sendiferðir með vörur, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Almenn grunnmenntun
- Ökuréttindi
- Vinnuvélaréttindi/lyftarapróf, a.m.k. réttindi F – I og J er skilyrði
- Meirapróf bifreiðastjóra er kostur
Eftir tvær tilraunir tókst Nashyrningum Eugéne Ionesco loksins að brjóta sér leið á stóra svið Þjóðleikhússins en sýningin átti að vera jólasýning Þjóðleikhússins á þessu leikári. Frumsýningar voru tvær sökum takmarkana, sú fyrri á sumardaginn fyrsta og sú seinni daginn eftir. Benedikt Erlingsson tekst hér aftur á við klassískar leikhúsbókmenntir á stóra sviðinu en síðast leikstýrði hann Húsinu eftir Guðmund Steinsson á sömu fjölum og nú reynir hann að smala saman annars konar óargadýrum. Eða svo virðist í fyrstu.

Nashyrningarnir voru upphaflega skrifaðir sem viðbragð við styrjaldarárunum en bestu leikritin eru tímalaus og styrjaldarástand birtist í mörgum myndum. Ionesco flettir ofan af hjarðhegðun borgarastéttarinnar, smáborgurunum sem apa vitleysuna hver eftir öðrum en tekst aldrei að rýna efnislega í málefni samtímans eða bregðast við af rökfestu. Ætla mætti að mannkynið væri lengra komið eftir sextíu ár en upprisa öfgaflokka, taumlaus naflaskoðun samfélagsins og ringulreiðin í heiminum sýnir að lítið hefur breyst. Mannskepnan er söm við sig. Benedikt Erlingsson er trúr textanum, meistaralega þýddum af Guðrúnu Vilmundardóttur, þó með ansi djörfum undantekningum og viðbótum sem betra er að þegja um. Áhorfendur verða hreinlega að gera sér ferð og taka afstöðu, krafa sem leikskáldið setti sömuleiðis fram á sínum tíma.

Burðarstólpi sýningarinnar
Ein af viðbótunum er sú að persónur leikritsins bera nöfn þeirra leikara sem tóku þátt í upprunalegu sýningunni á Nashyrningunum á sama sviði árið 1961. Lárus, Róbert, Rúrik og Herdís eiga þannig aftur fund með áhorfendum Þjóðleikhússins. Þetta er lagleg lausn og nærir sýninguna. Erlingur æðir líka inn í söguna, óvænt boðflenna.

Guðjón Davíð Karlsson leikur Lárus, skrifstofublók sem finnst sopinn ansi góður og hefur ekki fundið sér stað í tilvistinni. Slíkur hvunndagsmaður hentar hæfileikum Guðjóns Davíðs prýðilega, örvænting hans verður áþreifanleg eftir því sem líða tekur. Hér er hann í essinu sínu og burðarstólpi sýningarinnar.

Aðrar persónur eru fremur táknmyndir heldur en þrívíðir karakterar. Kvenpersónur Ionesco í Nashyrningunum líða kannski mest fyrir tilfinningalegu flatneskjuna en sýningin græðir ríkulega á reynslumiklum leikkonum. Ilmur Kristjánsdóttir leikur Herdísi, samstarfskonu Lárusar sem hann elskar í laumi, af staðfestu með skvettu af húmor. Lokaatriði hennar er gífurlega krefjandi og hún skilar því nokkuð vel en þurft hefði að fínstilla aðeins betur til að lokaákvörðun Herdísar verði skiljanleg. Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir staldrar stutt við í hlutverki rökfræðingsins á sviðinu en hún skilar svo sannarlega sínu. Orka hennar er svo mikil að hún gerir dýrindis máltíð úr leiðindapúkanum þrátt fyrir púkalegu draktina. Svo bætir hún í þegar kemur að smærri hlutverkum.

Hilmir Snær umturnast
Hilmir Snær Guðnason leikur Róbert, kassalaga meðaljón sem stökkbreytist í villidýr. Hilmir Snær hreinlega umturnast í einu besta atriði kvöldsins enda leikari á öðrum mælikvarða. Arnmundur Ernst Backman leikur Rúrik, táknmynd þeirra ungu og sterku sem munu erfa heiminn. Hlutverkið leysir hann af aga með kímnigáfuna að vopni. Undir lokin í snúnum samræðum þeirra Lárusar vinna fimleikaæfingar hans þó á móti senunni og þeim hefði átt að sleppa. Lokaaugnablikin í síðustu senum þeirra beggja þyrftu aðeins meira andrými og næg innistæða er fyrir slíku.

Aðrir fara með smærri hlutverk en breidd leikhópsins kemur til góða. Pálmi Gestsson og Örn Árnason grípa til reynslunnar, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og kötturinn Rúfus stela senunni snemma í sýningunni en Hákon Jóhannesson og Hildur Vala Baldursdóttir njóta sín í hléi. Áhorfendur eru hvattir til að fara eftir tilmælum þeirra og bregða sér í forsalinn. Siobhán Antoinette Henry fer fyrir hópi starfsfólks Þjóðleikhússins sem tekur þátt í sýningunni og gefur hún síðari senum fjarstæðukenndan blæ með fínni sviðsframkomu og skemmtilegum leiklestri.

Listrænt innsæi
Í gegnum tíðina hafa sviðsmyndir Barkar Jónssonar stundum verið of íburðarmiklar en í Nashyrningunum fer hann aðrar leiðir. Hér ræður einfaldleikinn ríkjum. Fyrsti þáttur gerist ekki á sviðinu en seinna færist leikurinn þangað. Leikmyndin nánast andar með leikritinu. Svo sprengir hann allt í loft upp. Hljóðhönnun Kristjáns Sigmundar Einarssonar og ljósahönnun Björns Bergsteins Guðmundssonar hamrar á áhorfendum úr öllum áttum. Ógnarhljóðin frá nashyrningunum heyrast úr ýmsum hornum og iðrum hússins, umvafðir þokukenndu ljósi sýfa þeir upp ónotatilfinningu og ótta. Tónlistarlausnir Davíðs Þórs Jónssonar, með aðstoð harmónikkuspilarans Flemmings Viðars Valmundssonar, skortir heilsteypta sýn. Sum innskotin hitta beint í mark en önnur eru of löng. Filippía I. Elísdóttir hefði sömuleiðis þurft djarfari sýn á fatnaðinn sem er fremur hversdagslegur en grímurnar eru stórfenglegar, grímugerðarteymið á hrós skilið.

Benedikt Erlingsson leiðir hópinn af listrænu innsæi í frábærri en stundum óagaðri sýningu. Nashyrningarnir varpa fram áleitnum spurningum sem snerta okkur öll. Er mannkynið í eðli sínu óargadýr? Er hjarðhegðun alltaf slæm? Er siðgæði óhagganlegur fasti í heiminum? Hvað gerir sá sem upplifir sig vera einn á móti heiminum? Eftirminnilegustu leiksýningarnar eru ekki endilega þær sem eru gallalausar eða fylgja hefðbundinni túlkun heldur þær sem fá áhorfendur til að hugsa og dvelja með sýningunni, jafnvel löngu eftir að tjaldið fellur. Nashyrningarnir eru svo sannarlega slík sýning – þannig að hvín í.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Nashyrningarnir eru skylduáhorf.



Verk Errós, Mercury Astronauts.

Erró á Akureyri

Í dag, laugardaginn 1. maí, kl. 12-17 verður opnuð sýning á verkum Errós, Ferðagarpurinn Erró, í Listasafninu á Akureyri. Á sýningunni má sjá verk sem tengjast ferðalögum.

Verkin á sýningunni eru hluti af Erró-safneign Listasafns Reykjavíkur og sýningarstjóri er Danielle Kvaran Erró – sérfræðingur safnsins. Sýningin stendur til 12. september og er samstarfsverkefni Listasafnsins á Akureyri og Listasafns Reykjavíkur.



Hrólfur Sæmundsson tónskáld.

Corona og Söknuður

Á Sígildum sunnudögum í Norðurljósasal Hörpu 2. maí nk. kl. 16.00 verður frumflutt verkið Corona eftir Hrólf Sæmundsson, Söknuður eftir Kristínu Lárusdóttur og Elegy eftir John Speight. Flytjendur eru Ármann Helgason klarínett, Kristín Lárusdóttir kvæðakona, Hrólfur Sæmundsson baríton og Íslenskir strengir, sem er strengjasveit skipuð fiðlum, víólum, selló og kontrabassa.



Eiríkur Rögnvaldsson prófessor.

Alls konar íslenska

Miðstöð íslenskra bókmennta hefur úthlutað 55 útgáfustyrkjum. Bækur um bókmenntir, náttúru, byggingalist, sagnfræði, hönnun, þjóðmál, tungumál og ýmislegt fleira hljóta útgáfustyrki í ár. Meðal bókanna eru Í leit að listrænu frelsi / Ævi og listsköpun Muggs, Guðmundar Thorsteinssonar. Aðalhöfundur er Kristín Guðnadóttir. Alls konar íslenska - Málstefna fyrir 21. öldina. Höfundur: Eiríkur Rögnvaldsson. Skáldkonur. Höfundur: Guðrún Ingólfsdóttir. Skrímsl. Jöðrun og afmennskun í íslenskum miðaldabókmenntum. Höfundur: Arngrímur Vídalín.

Fyrsta óperusýningin í Hofi

Óperan La Traviata eftir Verdi verður sýnd í Menningarhúsinu Hofi 13. nóvember næstkomandi.

Samkvæmt Þorvaldi Bjarna Þorvaldssyni, tónlistarstjóra Menningarfélags Akureyrar, er þetta í fyrsta sinn sem óperusýning er flutt í Hofi. „Hof er alvöru nútíma sviðslistahús og fullkomið fyrir flutning á óperum, ballett, söngleikjum og tónleikum af öllum stærðum og gerðum. Og í nóvember verður þar óperulist í hæsta gæðaflokki," segir Þorvaldur Bjarni.

Aðalhlutverkið verður sem fyrr sungið af Herdísi Önnu Jónasdóttur sem fékk frábæra dóma og hlaut Grímuverðlaunin sem söngvari ársins fyrir túlkun sína á hlutverki Víólettu.

Þetta mun verða í fyrsta sinn sem Íslenska óperan og Menningarfélag Akureyrar stofna til formlegs samstarfs varðandi óperuuppfærslur. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands mun sjá um hljómsveitarleik á öllum sýningunum undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar, tónlistarstjóra Íslensku óperunnar.



Herdís Anna Jónasdóttir syngur í Hofi í nóvember.



RISARÆKJUR

HRÁAR



1.198 kr./pk.

Risarækjur Hráar
454 g í pk.

ELDAÐAR



1.398 kr./pk.

Risarækjur Eldaðar
454 g í pk.

13% LÆGRA VERÐ



649 kr./kg

Bónus Ferskur Kjúklingur
heill - verð áður 749 kr./kg

EINFALDUR OG GÓMSÆTUR FORRÉTTUR



2.998 kr./ks.

Nauta Carpaccio
frosið - 10x80 g

898 kr./flaskan

Himneskt Jómfrúar Ólífuolía
500 ml - lífræn

259 kr./pokinn

Bónus Klettasalat
75 g



598 kr./pk.

Toppur
330 ml x 10 stk. - 2 tegundir

SMÁGÚRKUR



359 kr./pk.

Ferskar Smágúrkur
200 g í pk.

19% LÆGRA VERÐ



ATH: SELT Í STÖKUM DÓSUM

69 kr./dósin

Coca-Cola Án Sykurs
330 ml - verð áður 85 kr.

25% LÆGRA VERÐ



69 kr./dósin

AVA Aldinvatn
330 ml - verð áður 92 kr.

Verð gildir til og með **2. maí** eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS
GRILLVERSLUN ALLRA LANDSMANNA



4.998 kr./kg

Íslandsnaut Ungnautaribeye
100% íslenskt



4.998 kr./kg


Íslandsnaut Ungnautafillet
100% íslenskt

STEIK OG FRANSKAR



298 kr./pk.

Aviko Steikarfranskar
750 g



OPIÐ 1. MAÍ
ALLAR VERSLANIR
10:00 - 18:00*
*SMÁRATORG, SKEIFAN OG LANGHOLT
10:00 - 19:00

Gerir góðan drykk enn betri!



GOTT "KOMBÓ"
Nesquik og mjólk, D-vítamínbætt

428 kr./saman

Léttmjólk eða nýmjólk
D-Vítamín, 1 ltr., 189kr.
Nesquik, 400g, 239 kr.

Almennur afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti (Akureyri): Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Sýningar

Eilíf endur koma Eternal Recurrence


Jóhannes S. Kjarval
&
Eggert Pétursson
Egill Sæbjörnsson
Einar Garibaldi
Gjörningaklúbburinn
Guðrún Einarsdóttir
Guðrún Kristjánsdóttir
Hrafnkell Sigurðsson
Katrín Elvarsdóttir
Katrín Sigurðardóttir
Kristján Guðmundsson
Ólafur Elíasson
Páll Guðmundsson
Ragna Róbertsdóttir
Ragnar Kjartansson
Sigurður Guðjónsson
Steina

Eilíf endur koma
27.03.–19.09.2021
Kjarvalsstaðir


LISTASAFN REYKJAVÍKUR



Hulda Rós Guðnadóttir
WERK – *Labor Move*
04.02.–09.05.2021
Hafnarhús



Dýrslegur kraftur
18.02.–16.05.2021
Hafnarhús



Ragnar Axelsson
Þar sem heimurinn bráðnar
30.01.–09.05.2021
Hafnarhús



D43 Auður Lóa Guðnadóttir
Já/Nei
18.03.–09.05.2021
Hafnarhús

Hafnarhús
Tryggvagata 17
101 Reykjavík

Kjarvalsstaðir
Flókagata 24
105 Reykjavík

Ásmundarsafn
Lokað vegna breytinga

Opið daglega
listasafnreykjavikur.is
+354 411 6400

DAGSKRÁ

Laugardagur

HRINGBRAUT

20.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Heima er bezt (e) Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
21.00 Hin rámu regindjúp (e) Fræðsluþættir úr smiðju Jóns Hermannssonar og Guðmundar E. Sigvaldasonar um eldvirknina undir fótum okkar.
21.30 Söfnin á Íslandi – Skógar (e) Þáttaröð um íslensk söfn og safnamenningu.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Rán
07.21 Poppý kisukló
07.32 Lundaklettur
07.39 Tölukubbar
07.44 Eðlukrúttin
07.55 Bubbi byggir
08.06 Millý spyr
08.13 Unnar og vinur
08.35 Stuðboltarnir
08.46 Hvolpasveitin
09.09 Grettir
09.21 Söguspilið
09.45 Húllumhæ
10.00 Gettu betur - Bransastríð
11.05 Vikan með Gísla Marteini
11.50 Hvað getum við gert? Þörungar á Hellisheiði.
11.55 Kiljan
12.35 Músíkmolar
12.45 Ísland. bíóland Ný öld, ný kynslóð
13.45 Regína
15.15 Tímaritið Rolling Stone. Á ystu nöf - Seinni hluti
17.10 Byggjum réttlátt þjóðfélag
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn Jamie
18.29 Herra Bean
18.40 Hjá dýralækninum
18.45 Landakort Fertugasta orgelið fór til Bolungarvíkur.
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Alla leið
21.00 Það er nóg til! Útsending frá sérstakri skemmti- og hvatningardagskrá heildarsamtaka launafólks í tilefni baráttudags verkalýðsins. Landsþekktir tónlistarmenn, skemmtiatriði og hvatningarorð frá launafólki, einkenna þennan sögulega viðburð. Útsendingin er táknmálstúlkuð. Stjórn upptöku: Helgi Jóhannesson. Handrit og leikstjórn: Kolbrún Halldórsdóttir.
21.50 Bíóást. Spotlight Spotlight
21.55 Spotlight Í sviðsljósið
00.00 Poirot - Smámyndaránið Agatha Christie's Poirot II. Double Sin
00.50 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.30 European Tour 2021 Útsending frá Magical Kenya Open.
11.55 Atvinnumennirnir okkar
12.30 European Tour 2021 Bein útsending frá Tenerife Open.
17.00 PGA Tour 2021 Bein útsending frá Valspar Championship.
22.05 PGA Special. AT&T Every Shot Counts - Charity Event Góðgerðarþáttur í sambandi við AT&T Pebble Beach Pro-Am mótið.
02.30 LPGA Tour Bein útsending frá HSBC Women's World Championship.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.15 The Block
12.20 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby
13.30 Brighton - Leeds Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.10 The King of Queens
16.30 Everybody Loves Raymond
16.55 The Bachelor
18.20 For the People Dramatískur þáttur um unga lögfræðinga sem takast á í réttarsalnum.
19.05 The Block
20.10 A Hologram for the King Kvikmynd frá 2016 með Tom Hanks í aðalhlutverki.
21.45 Downsizing
23.55 Seal Team Six. The Raid on Osama Bin Laden
01.30 And So It Goes
03.00 The Walking Dead
03.45 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Vinill vikunnar
08.00 Morgunfréttir
08.05 Tónlist að morgni 1. maí
08.35 Þegar fer að vora. Smásaga
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Orðin sem við skiljum ekki
11.00 Fréttir
11.03 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Heimskviður
13.15 Gestaboð
14.00 Fylgikvillar framfara
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Skáldkonan Renée Vivien
17.00 Þar sem orðunum sleppir
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar Billy Eckstine, Red Garland, Lee Konitz & Warne Marsh, Bolou Ferré
20.50 Úr gullkistunni „Vakri Skjóni hann skal heita“
21.16 Bók vikunnar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Litla flugan Eurovision 1969-72 og íslensk lög sem hefðu átt að fara í keppnina
23.00 Vikulokin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

09.25 Charlie and the Chocolate Factory
11.15 Overboard
13.05 Something's Gotta Give
15.10 Charlie and the Chocolate Factory
17.05 Overboard
18.50 Something's Gotta Give
21.00 1917 Hörkuspennandi stríðsmynd frá 2019.
22.55 Deadpool Óvenjuleg spennumynd frá 2016 sem fjallar um fyrrverandi sérsveitarmanninn Wade Wilson sem veikist af ólæknanlegu krabbameini. Hann ákveður að gangast undir tilraunakennda læknismeðferð sem afmyndar andlit hans og líkama, en breytir honum um leið í ódrepandi andhetjuna Deadpool.
00.40 Us Hrollvekja frá 2019.
02.35 1917

STÖÐ 2

08.00 Laugardagssögur
08.01 Sögur af svöngum björnum
08.05 Örstutt ævintýri
08.10 Ég er kynlegt kvikyndi
08.13 Örstutt ævintýri
08.15 Greinda Brenda
08.18 Börn sem bjarga heiminum
08.20 Hæna Væna
08.25 Vanda og geimveran
08.35 Blíða og Blær
08.55 Leikfélag Esóps
09.05 Ella Bella Bingó
09.15 Víkingurinn Viggó
09.25 Latibær
09.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.51 Dagur Diðrik
10.20 Svínasögur
10.25 Angelo ræður
10.30 Monsurnar
10.40 Mia og ég
11.05 Angry Birds Stella
11.10 Hunter Street
11.35 Friends
12.00 Bold and the Beautiful
13.25 Bold and the Beautiful
13.45 The Office
14.05 Mom
14.25 Foster
16.15 Heimsókn
16.45 Skítamix
17.15 The Masked Singer
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.53 Lottó
18.55 Blindur bakstur
19.25 Trolls
20.55 Neighbors 2. Sorority Rising
22.30 Adrift
00.05 Everybody Knows
02.15 Friends
02.35 The Office
02.55 Mom
03.20 Foster

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 The Office
21.10 Simpson-fjölskyldan
21.40 Bob's Burgers
22.05 Gentleman Jack
23.10 The Tunnel. Vengeance
00.00 Friends
00.25 Friends
00.45 The Office

STÖÐ 2 SPORT

08.45 Dominos Körfuboltakvöld
10.00 FH - Stjarnan
11.20 Manstu 2
11.55 Stjarnan - KA/Þór
13.20 Stjarnan - ÍBV Bein útsending frá leik í Olís deild kvenna.
15.00 Valur - ÍA Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
16.45 Seinni bylgjan - karla
18.30 Fyrsti þáttur 1. umferðar Upphitun fyrir leik dagsins.
19.05 Stjarnan - Leiknir R. Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
21.15 Fyrsti þáttur 1. umferðar Farið yfir síðustu umferð Pepsi Max deildar karla.
22.30 FH - Stjarnan
23.50 Dominos Körfuboltakvöld

STÖÐ 2 SPORT 2

11.55 Eibar - Alavés Bein útsending.
14.10 Elche - Atlético Madrid Bein útsending.
16.25 Huesca - Real Sociedad Bein útsending.
18.30 La Liga Show
19.15 Inside Serie A
19.55 Real Madrid - Osasuna Bein útsending.
22.00 Evrópudeildarmörkin
22.45 Växjö DFF - Kristianstad DFF
02.00 LA Clippers - Denver Nuggets Bein útsending frá leik í NBA.

JS WATCH CO. REYKJAVIK

Sennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi

ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

GILBERT Ó. GUÐJÓNSSON ÚRSMÍÐAMEISTARI OG ALÞEKKTUR FAGMAÐUR GRANDSKOÐAR HVERT EINSTAKT ÚR ÁÐUR EN ÞAÐ YFIRGEFUR VERKSTÆÐI OKKAR. JS ÚRIN ERU ÍSLENSK HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLA, SETT SAMAN Á ÚRSMÍÐAVERKSTÆÐI GILBERTS, ÞAR SEM VIÐSKIPTAVINIR GETA KOMIÐ OG HITT ÚRSMIÐINA SEM SETJA SAMAN ÚRIN ÞEIRRA.





ISLANDUS 44 MM
HVÍT SKÍFA MEÐ BREGUET VÍSUM
OG SVARTRI ÓL ÚR STRÚTSLÖPP

ISLANDUS 44 MM
SVÖRT SKÍFA MEÐ HVÍTUM
BREGUET VÍSUM OG STÁLKEÐJU

ÚRVALIÐ AF JS ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ SITT HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á VEFSÍÐU WWW.GILBERT.IS EÐA WWW.JSWATCH.COM.

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á
WWW.JSWATCH.COM

JS Watch co.
REYKJAVIK

DAGSKRÁ

Sunnudagur

HRINGBRAUT

20.00 **Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
20.30 **Suðurnesja-magasín Vikurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
21.00 **Leiðtoginn** Leiðtoginn með Jóni G. Haukssyni er viðtalsþáttur þar sem rætt er við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi.
21.30 **Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta. Heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenning, arkitektúr og margt fleira.

RÚV SJÓNVARP

07.15 **KrakkaRÚV**
07.16 **Refurinn Pablo**
07.21 **Hið mikla Bé**
07.44 **Poppý kisukló**
07.55 **Kúlugúbbarnir**
08.18 **Lautarferð með köku**
08.24 **Hæ Sámur**
08.31 **Hvolpasveitin**
08.54 **Hrúturinn Hreinn**
09.00 **Múmínálfarnir**
09.22 **Robbi og Skrímsli**
09.44 **Eldhugar**
09.48 **Sjóræningjarnir í næsta húsi**
10.00 **Ævar vísindamaður**
10.25 **Andrar á flandri** Skotland
11.00 **Silfrið**
12.10 **Alla leið**
13.15 **Fullkomin pláneta**
14.15 **Herra Bean**
14.40 **Landakort**
14.55 **Af fingrum fram** Ragnheiður Gröndal.
15.30 **EM stofan** Upphitun fyrir leik Íslands og Ísraels í undankeppni EM karla í handbolta.
15.50 **Ísland - Ísrael** Bein útsending frá leik í undankeppni EM karla í handbolta.
17.30 **EM stofan** Uppgjör á leik Íslands og Ísraels í undankeppni EM karla í handbolta.
18.00 **Táknmálsfréttir**
18.11 **Frímó**
18.23 **Stundin rokkar**
18.30 **Menningin - samantekt**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.35 **Veður**
19.45 **Landinn**
20.20 **Ísland. bíóland - Heima og heiman Saga Íslenskra kvikmynda**
21.20 **Mýrin**
23.00 **Leyndarmál fortíðar Boomerang**
00.40 **Dagskrárlok**

GOLFSTÖÐIN

07.30 **European Tour 2021**
12.00 **European Tour** Bein útsending frá Tenerife Open.
16.30 **2021 PGA Tour**
16.50 **PGA Profiles. How I Won**
17.00 **PGA Tour** Bein útsending frá Valspar Championship.
22.05 **PGA Special. Must-See Moments**
22.45 **Ryder Cup Official Film 2018**
02.30 **LPGA Tour** Bein útsending frá HSBC Women's World Championship.

SJÓNVARP SÍMANS

11.15 **The Block**
12.20 **Dr. Phil**
13.05 **Dr. Phil**
13.50 **Dr. Phil**
14.35 **Dr. Phil**
15.20 **Dr. Phil**
16.10 **The King of Queens**
16.30 **Everybody Loves Raymond**
16.55 **The Bachelor**
18.25 **The Block**
19.30 **This Is Us**
20.20 **Systrabönd** Glæný íslensk þáttaröð. Á tíunda áratug síðustu aldar hverfur fjórtán ára stúlka sporlaust á Snæfellsnesi. Tuttugu og fimm árum síðar finnast jarðneskar leifar hennar og þrjár æskuvinkonur neyðast til að horfa í augu við fortíð sína.
21.05 **Law and Order. Special Victims Unit**
21.55 **The Good Lord Bird**
22.45 **Penny Dreadful. City of Angels**
23.45 **Love Island**
00.40 **Ray Donovan**
01.30 **The Rookie**
02.15 **Blue Bloods**
03.00 **Mayans M.C.**

RÚV RÁS EITT

06.55 **Morgunbæn og orð dagsins**
07.00 **Fréttir**
07.03 **Hringsól** Um Bissagos eyjar
08.00 **Morgunfréttir**
08.05 **Á tónsviðinu**
09.00 **Fréttir**
09.03 **Svona er þetta**
10.00 **Fréttir**
10.05 **Veðurfregnir**
10.15 **Bók vikunnarBlá**
11.00 **Guðsþjónusta í Brautarholtskirkju á Kjalarnesi**
12.00 **Hádegisútvarp**
12.20 **Hádegisfréttir**
13.00 **Sögur af landi**
14.00 **Víðsjá**
15.00 **Lestin**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Úr tónlistarlífinu**
17.25 **Orð af orði**
18.00 **Kvöldfréttir**
18.10 **Orðin sem við skiljum ekki**
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Óskastundin**
19.40 **Allt er betra en einlífið. Smásaga**
20.35 **Gestaboð**
21.30 **Úr gullkistunni- Vinnan**
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Á reki með KK**
23.10 **Frjálsar hendur**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútvarp Rásar 1**

STÖÐ 2 BÍÓ

10.15 **Playmobil. Bíómyndin**
11.55 **Crazy Rich Asians**
13.50 **The Circle**
15.35 **Playmobil. Bíómyndin**
17.15 **Crazy Rich Asians**
19.10 **The Circle** Spennumynd frá 2017 með Emmu Watson, Tom Hanks og John Boyega ásamt fleiri stórgóðum leikurum.
21.00 **Tag** Gamanmynd frá 2018 einvala liði leikara.
22.35 **Ready or Not**
00.10 **Beatriz at Dinner**
01.30 **Tag**

STÖÐ 2

08.00 **Uppskriftir fyrir svanga birni**
08.02 **Laugardagsklúbburinn**
08.05 **Rita og krókódíll**
08.10 **Veira vertu blessuð**
08.11 **Ég er fiskur**
08.13 **Örstutt ævintýri**
08.15 **Ást er ást**
08.18 **Blíða og Blær**
08.35 **Adda klóka**
09.00 **Monsurnar**
09.10 **Víkingurinn Viggó**
09.25 **Mörgæsirnar**
09.45 **Lukku láki**
10.10 **Ævintýri Tinna**
10.30 **Mia og ég**
10.55 **It's Pony**
11.25 **Angry Birds Stella**
11.30 **The Office**
11.55 **Nágrannar**
13.20 **Nágrannar**
13.45 **Friends**
14.05 **Friends**
14.30 **Um land allt**
14.50 **Dagbók Urriða**
15.20 **Blindur bakstur**
15.45 **Grand Designs**
16.50 **60 Minutes**
17.35 **Víglínan**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.40 **Sportpakkinn**
18.50 **Ísland í dag**
19.05 **Skítamix**
19.35 **Vegferð**
20.10 **Mr. Mayor**
20.35 **Tell Me Your Secrets**
21.25 **We Are Who We Are**
22.15 **Shameless**
23.15 **Warrior**
00.05 **Warrior**
00.45 **Empire**
01.30 **Empire**
02.10 **The Office**
02.35 **Friends**
02.55 **Friends**
03.15 **60 Minutes**

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 **Barnaefni**
20.00 **Friends**
20.20 **Friends**
20.50 **The Office**
21.10 **Punky Brewster**
21.40 **True Blood**
22.30 **True Blood**
23.30 **Steypustöðin**
00.00 **Last Man Standing**
00.20 **Friends**
00.45 **Friends**
01.05 **The Office**

STÖÐ 2 SPORT

07.45 **Fyrsti þáttur 1. umferðar**
08.55 **Seinni bylgjan - karla**
10.20 **Grindavík - ÍR**
12.00 **Þór Þ. - Valur**
13.40 **Keflavík - KR**
15.20 **Stjarnan - Leiknir R.**
17.00 **Haukar - Valur**
18.45 **Annar þáttur 1. umferðar**
19.05 **Breiðablik - KR** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
21.15 **Annar þáttur 1. umferðar**
22.30 **Seinni bylgjan - karla**

STÖÐ 2 SPORT 2

08.40 **Real Madrid - Osasuna**
10.25 **Lazio - Genoa** Bein útsending.
12.55 **Napoli - Cagliari** Bein útsending.
15.00 **Evrópudeildarmörkin**
15.55 **Udinese - Juventus** Bein útsending.
18.00 **La Liga Show**
18.25 **Inside Serie A**
18.55 **Valencia - Barcelona** Bein útsending.
21.00 **LA Clippers - Denver Nuggets**
23.00 **Sassuolo - Atalanta**

Mánudagur

HRINGBRAUT

18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 **Atvinnulífið** Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfsemi þeirra. Fjölbreyttir og fróðlegir þættir sem endurspegla þá grósku sem er í íslensku atvinnulífi og fyrirtækjarekstri.
19.30 **Heima er bezt** Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
20.00 **Karlmennskan (e)** Femíníst sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.
20.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV SJÓNVARP

11.00 **Heimaleikfimi**
11.10 **Silfrið**
12.10 **Ísland. bíóland Heima og heiman**
13.05 **Í takt við tímann**
14.35 **Merkisdagar - Ferming**
15.05 **Chris Packham. Lifað með asperger**
16.05 **Nile Rodgers. Galdurinn við að slá í gegn**
17.05 **Séra Brown**
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Loðmundur**
18.08 **Skotti og Fló**
18.15 **Lestrarhvutti**
18.22 **Stuðboltarnir**
18.33 **Nellý og Nóra**
18.40 **Sammi brunavörður**
18.50 **Krakkafréttir**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Kastljós**
19.50 **Menningin**
20.00 **Hvað getum við gert?** Matvæli sem flutt eru yfir hálfan hnöttinn skilja vissulega eftir sig einhver spor. Fyrst og fremst tapa þau þó bæði bragðgæðum og næringargildi á leiðinni á diskinn þinn. Á Íslandi er enginn vandi að rækta hvað sem er á svölunum heima, úti í glugga eða bara rölta niður í fjöru og sækja sér lostæti.
20.10 **Fullkomin pláneta Perfect Planet**
21.15 **Sáttasemjarinn Peacemaker**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Útrás Exit**
23.00 **Afdrifarík kynni af R. Kelly Surviving R. Kelly**
23.45 **Dagskrárlok**

GOLFSTÖÐIN

07.30 **PGA Tour 2021** Útsending frá Valspar Championship.
11.30 **PGA Tour 2021** Útsending frá Valspar Championship.
15.30 **PGA Tour 2021**
20.30 **PGA Highlights 2021**
21.25 **PGA Tour 2021** Útsending frá Valspar Championship.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 **Síminn + Spotify**
12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late**
14.00 **The Block**
15.05 **Zoey's Extraordinary Playlist**
15.50 **90210**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.35 **Dr. Phil**
18.20 **The Late Late**
19.05 **The Block**
20.10 **Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back**
21.00 **The Rookie**
21.50 **Blue Bloods**
22.35 **Mayans M.C.**
23.30 **The Late Late**
00.15 **Love Island**
01.10 **Ray Donovan**
02.00 **We Hunt Together**
02.45 **Pose**
03.35 **Síminn + Spotify**

RÚV RÁS EITT

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér**
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Flugur** Magnús og Jóhann, Pal Brothers og Change
11.00 **Fréttir**
11.03 **Mannlegi þátturinn**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Hádegið**
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið** seinni hluti
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Samfélagið**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Hringsól** Um Bissagos eyjar
15.00 **Fréttir**
15.03 **Orð um bækur**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Víðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Spegillinn**
18.30 **Krakkakiljan**
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Endurómur úr Evrópu**
20.35 **Mannlegi þátturinn**
21.21 **Kvöldsagan. Eyrbyggja saga** (23 af 26)
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Samfélagið**
23.05 **Lestin**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútvarp Rásar 1**

STÖÐ 2 BÍÓ

11.00 **Early Release**
12.30 **Music of Silence**
14.25 **50 First Dates** Rómantísk gamanmynd með Adam Sandler og Drew Barrymore.
Stöð 2 Bíó
16.00 **Early Release**
17.30 **Music of Silence**
19.20 **50 First Dates**
21.00 **Anon** Anon gerist í framtíðinni þegar öllum upplýsingum um alla hefur verið safnað í gagnabanka sem nefnist The Ether.
22.35 **Wedding Crashers**
00.30 **Delirium**
02.05 **Anon**

STÖÐ 2

08.00 **Heimsókn**
08.15 **Veronica Mars**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **The O.C.**
10.05 **The Goldbergs**
10.25 **Life and Birth**
11.15 **Lodgers For Codgers**
12.05 **Golfarinn**
12.35 **Nágrannar**
12.55 **Hálendisvaktin**
13.20 **Modern Family**
13.45 **Manifest 3**
14.30 **Last Man Standing**
14.50 **Last Man Standing**
15.15 **Ísskápastríð**
15.45 **First Dates**
17.35 **Bold and the Beautiful**
18.00 **Nágrannar**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.50 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.10 **Inside Ikea**
20.10 **Ofsóknir**
20.40 **All Rise**
21.25 **C.B. Strike. Lethal White**
22.30 **Queen Sugar 5**
23.15 **60 Minutes**
00.00 **S.W.A.T.**
00.45 **Magnum P.I.**
01.25 **The Red Line**
02.05 **Veronica Mars**
02.55 **The O.C.**
03.35 **The Goldbergs**

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 **Barnaefni**
20.00 **Friends**
20.20 **Friends**
20.55 **The Office**
21.20 **Last Man Standing**
21.45 **Killing Eve**
22.25 **Euphoria. F*ck Anyone Who's Not A Sea Blob**
23.20 **The Bold Type**
00 Castle Rock
00.40 **Friends**
01.05 **Friends**
01.35 **The Office**

STÖÐ 2 SPORT

08.45 **Seinni bylgjan - kvenna**
09.45 **Dominos Tilþrifin 20. umferð**
10.30 **Annar þáttur 1. umferðar**
11.40 **Goðsagnir - Sigursteinn Gíslason**
12.25 **Njarðvík - Þór Ak.**
14.05 **Stjarnan - ÍBV**
15.35 **Tindastóll - Keflavík**
17.15 **Breiðablik - KR**
19.00 **KR - Grindavík** Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
21.00 **Dominos Körfuboltakvöld**
22.15 **Dominos Tilþrifin 20. umferð**
23.00 **Seinni bylgjan - kvenna**

STÖÐ 2 SPORT 2

07.55 **Valencia Basket Club - Movistar Estudiantes**
09.30 **Casademont Zaragoza - Real Madrid**
11.05 **Udinese - Juventus**
12.45 **Valencia - Barcelona**
14.25 **Villarreal - Getafe**
16.05 **Football League Show**
16.30 **Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
16.55 **LA Clippers - Denver Nuggets**
19.00 **Fréttaþáttur EM**
19.30 **Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar**
20.00 **Milwaukee Bucks - Brooklyn Nets**
22.10 **Sampdoria - Roma**
23.50 **Ítölsku mörkin**

Appotek.is

Í netapótekinu appotek.is getur þú pantað lyf, fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur og fleira
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og frí póstsending út á land*



Netapótekið er á vefslóðinni www.appotek.is
Hægt er að fara í netapótekið með tölvum og farsímum



Í Appótekinu (appotek.is) getur þú:

- Séð hvaða lyfseðla þú átt í gáttinni
- Látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið
- Fengið lyfin send til þín hvert á land sem er

Í Appótekinu getur þú einnig:

- Séð og pantað lyf sem fást án lyfseðils
- Pantað fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur ofl.

Foreldrar barna 15 ára og yngri með sama lögheimili geta séð hvaða lyfseðla börnin eiga í gáttinni, látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið eða fengið lyfin þeirra send heim

Appótekið (appotek.is) er netapótek Garðs Apóteks
*Sjá nánari skilmála á appotek.is

GARÐS APÓTEK -rétt leið

APPÓTEK GARÐS APÓTEKS

GARÐS APÓTEK · Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Netfang: gardsapotek@gardsapotek.is
Vefsíða: gardsapotek.is · Netapótek: appotek.is · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



Breska hljómsveitin Mumford and sons spilaði árið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Airwaves snýr aftur

Nú hefur verið tilkynnt að tónlistarhátíðin Airwaves verði haldin með sínu upprunalega sniði á sviði, í nóvember. Þar kemur fram allt helsta tónlistarfólk landsins.

Nú á fimmtudaginn tilkynnti Iceland Airwaves 28 ný atriði sem munu verða á hátíðinni í haust. Um leið er það orðið ljóst að stefnt er að því að halda hátíðina í allri sinni dýrð dagana 3. til 6. nóvember næstkomandi í miðborg Reykjavíkur. Atriðin sem tilkynnt voru bætast í hóp fjölda annarra sem þegar höfðu verið tilkynnt en alls verða um 100 atriði á dagskrá Iceland Airwaves.

„Við erum ótrúlega spennt fyrir hátíðinni í ár. Þetta gefur okkur svo mikið bara að geta hlakkað til Iceland Airwaves," segir Sindri Ástmarsson, dagskrárstjóri hátíðarinnar. „Við Íslendingar erum náttúrulega svo lánsamir að ein allra skemmtilegasta og umtalaðasta tónlistarhátíð heims fari fram hér í miðborg Reykjavíkur og svo virðist sem Iceland Airwaves verði fyrsta hátíð sinnar tegundar sem nær að fara fram í eðlilegri mynd án takmarkana."

Eitt af stærstu nöfnunum í tilkynningunni að þessu sinni er breska söngkonan Arlo Parks, en hún hefur slegið í gegn að undanförnu og fékk meðal annars þrjár tilnefningar til Brit-verðlauna á dögunum. „Við erum svakalega heppin að fá Arlo. Oft þegar við bókum tónlistaratriði erum við að bóka stjörnur framtíðarinnar og oft springa tónlistarmennirnir út einum eða tveimur árum eftir að þau spila hér, en Arlo er akkúrat að springa út núna og því erum við gríðarlega ánægð með þessa bókun."

> VIÐ LEGGJUM MIKLA ÁHERSLU Á FJÖLBREYTNI OG EYÐUM GÓÐUM TÍMA Í AÐ HLUSTA Á TÓNLIST.

Fleiri nöfn sem vert er að nefna eru meðal annars breska hljómsveitin Sad Night Dynamite, KeiyA og Bartees Strange. „Við leggjum mikla áherslu á fjölbreytni og eyðum góðum tíma í að hlusta á tónlist. Í venjulegu árferði erum við mikið á ferðinni á tónlistarhátíðum erlendis og höfum því oft séð stóran hluta tónlistaratriðanna áður en við kynnum þau á hátíðina, en af augljósum ástæðum var ekkert um ferðalög þetta árið þannig að við erum jafn spennt og aðrir að sjá þessi atriði."



Margir hlakka eflaust til að komast á tónlistarhátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Alvia Islandia hefur slegið í gegn á tónlistarhátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sindri segir hátíðina í ár sérstaklega veglega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það er mikið um nýliða á Iceland Airwaves og þar á meðal má nefna til dæmis Laufeyju sem var valin bjartasta vonin í flokki djass- og blústónlistar á Íslensku tónlistarverðlaununum auk Ouse sem gert hefur stórkostlega hluti á Spotify, Kristín Sesselja sem hefur verið fastagestur í útvarpstækjum landsmanna og indírokksveitin superserious sem hefur komið skemmtilega á óvart að undanförnu.

Miðasala á Airwaves er í fullum gangi, verðið hækkar þegar nær dregur þannig að við mælum með að fólk tryggi sér miða strax.

Eftirfarandi flytjendur er búið að tilkynna að komi fram:

Arlo Parks, Aron Can, Axel Flóvent, Bartees Strange, Countess Malaise, Denise Chaila, Eydís Evensen, Francis of Delirium, Holdgervlar, Inspector Spacetime, KAMARA, Kælan Mikla, KeiyaA, Kristín Sesselja, Laufey, Magnús Jóhann, Ouse, Power Paladin, Sad Night Dynamite, Smoothboi Ezra, Snny, Superserious, TootArd, The Vintage Caravan, Tuys, Tyson Vök, Wu-Lu.

steingerdur@frettabladid.is



MS er stoltur styrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Á Íslandi eru starfræktar 93 björgunarsveitir og 37 slysavarnadeildir sem búa yfir nauðsynlegum búnaði til björgunarstarfa. Bakverðir styðja við starf björgunarsveita með mánaðarlegum stuðningi og tryggja að vel þjálfað björgunarsveitarfólk sé ávallt reiðubúið þegar á þarf að halda.



Hjálpaðu okkur að bjarga mannslífum.
Vertu bakvörður björgunarsveitanna.

Landsbjorg.is

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Lífið í vikunni

25.04.21-
01.05.21



STÓR SKAMMTUR AF KK


KK gaf loks út sína fyrstu vínilplötu í gær. Tvöföldu safnplötuna KK – Árin 1985-2000. Andri Freyr Viðarsson, útvarpsmaður og vinur tónlistarmannsins, átti hugmyndina að útgáfunni og tók að sér að hlusta á tónlist KK stanslaust í tvo mánuði til þess að velja lög á gripinn.



SPOCK Á MOKKA

Sýning Þórdísar Claessen, Djöfulgangur og heiðríkja, stendur yfir á Kaffi Mokka. Þar mætast til dæmis sexhentur Jesús og stóiski Vúlkaninn herra Spock úr Star Trek sem flytur íslenskar sjónvarpsveðurfregnir í einu verkanna.

NÁND INNAN MARKA



Hjónin Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona og Stefán Magnússon tónlistarmaður ásamt félögum fundu uppsetningu sinni á verkinu Haukur & Lilja eftir Elísabetu Jökulsdóttur nokkuð óvenjulegan stað í Ásmundarsal sem frægur er orðinn þegar sóttvarnir eru annars vegar en Edda segir vel gætt að öllu slíku og með 24 gesti er boðið upp á nánd innan takmarkana.

ÓSKARSBÖMMERINN



Vikan hófst með beinni útsendingu frá Óskarsverðlaununum þar sem áhorf var í sögulegu lágmarki. Ekki bætti úr skák að Anthony Hopkins var valinn besti leikarinn en ekki Chadwick heitinn Boseman sem flestir höfðu veðjað á. Vakti þetta nokkra hneykslun og jafnvel reiði sem varpaði skugga á árshátíð fallega og fræga fólksins.

DORMA
Láttu drauminn rætast

VIKUTILBOÐ
29. apríl til 5. maí

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF
OPIN



VIKU
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

LICATA
tungusófi

Glæsilegur tungusófi í Licata línunni. Fæst hægri eða vinstri (tunga ófæranlegt). Koníakslitt Kentucky áklæði á mynd en fleiri áklæðisgerðir og litir fáanlegir. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 262 x 226 x 82 cm. **Fullt verð: 244.900 kr.**

Aðeins **195.920 kr.**



KOLDING
hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli.
Svart, rautt eða grátt leður/PVC.

Fullt verð: 139.900 kr.

VIKU
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

Aðeins **111.920 kr.**



VIKU
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

AUSTIN rafdrifinn sjónvarpssófi

Rafdrifinn 3ja sæta leðursófi með niðurfellanlegu borði í miðsæti.
Fáanlegur í Svörtu og gráu leðri. Særð: 198 x 95 x 98 cm

Fullt verð: 234.900 kr.

Aðeins **187.920 kr.**

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Hryllileg ánægja Barða

Barði úr Bang Gang vökvaði ánægjuna með tónlist hryllingsmyndarinnar Agony en verkefninu fylgdi sá yndisauki að Asia Argento, dóttir uppáhalds leikstjórans hans, er í aðalhlutverki.


Tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson, sem enn er jafnan kenndur við Bang Gang, var að gera tónlist sína við hryllingsmyndina Agony aðgengilega á Spotify.

„Myndin kom út fyrir ári síðan og er fyrsta mynd leikstjórans Michele Civetta. Hún átti að fara í bíó en svo kom COVID. Það varð til þess að myndin endaði beint á streymisveitunum.

Skömmu eftir að myndin kom út þá fór ég að dúlla mér við að endurmixa og fínisera tónlistina fyrir útgáfu svo að það sé líka hressandi að hlusta á hana eina og sér," segir Barði, sem er ekki ókunnur hryllingstónlist eftir að hafa samið tónlistina við tryllinn Would You Rather sem hefur gengið vel á streymisveitum þar sem Agony endaði líka.

Barði segir aðspurður að óhætt sé að mæla með Agony. Fyrir rétta fólkið. „Sko, þetta er dulúðleg og draugaleg mynd sem er fallega tekin, gerð fyrir ákveðinn hóp fólks. Þeim sem fíla þessa tegund af bíómyndum á eftir að finnast hún skemmtileg."

Hér talar Barði af marktækri þekkingu þar sem hann tilheyrir sjálfur þessum flokki hryllingsaðdáenda og segist vera með hina þekktu norrænu melankólíu í blóðinu sem leki út í tónlistina við Agony.



Barði hefur samið tónlist fyrir fjölda kvikmynda og horfir ekki í aurinn þegar honum bjóðast hryllingsverkefni á jaðrinum. MYND/SAGA SIG

Heillandi hryllingsfeðgin

„Tónlistin er róleg og flæðandi með undirliggjandi óróa sem lýsir vel stemningunni í myndinni. Síðan hef ég verið mjög hrifinn af gömlum, ítölskum hryllingsmyndum og má gæta áhrifa þaðan," segir Barði og á þá helst við myndir áttunda og níunda áratugarins.

Agony tengist síðan þessum áhuga Barða lóðbeint í gegnum aðalleikkonuna Asiu Argento. „Pabbi aðalleikkonunnar er einn af mínum uppáhaldsleikstjórum," segir Barði, um meistara Dario Argento sem þekktastur er fyrir myndina Suspiria frá 1977. „Suspiria er ein af mínum uppáhaldsmyndum og líka tónlistin úr henni sem Goblin gerði og er alveg stórkostleg."

Barði segir í raun margt við Agony minna sig á ítölsku klassíkina og vekja einhvers konar nútímalega retro-stemningu í huga hans. „Kvikmyndatakan og margt annað minnir mig svolítið á þessar gömlu klassísku. Myndin gerist á Ítalíu, í kastala og það er einhver skrítin drauganornastemning."

Zombíur og spaghettí

Asia Argento hefur meðal annars leikið í myndunum Frida, xXx, Marie Antoinette og uppvakningahrollinum Land of the Dead en auk hennar státar Agony af þeim fornfræga Franco Nero í aukahlutverki. Hann er þekktastur fyrir að hafa leikið Django í samnefndum spaghettívestra en hefur í seinni tíð látið að sér kveða sem illmenni í Die Hard 2 og John Wick 2 auk þess sem Quentin Tarantino gat ekki stillt sig um að tefla honum fram í Django Unchained.

Leikstjórinn, Michele Civetta, hefur hins vegar verið iðinn við auglýsingagerð og verið tilnefndur til Emmy-verðlauna í þeim bransa auk þess sem hann hefur leikstýrt tónlistarmyndböndum fyrir ekki ómerkara fólk en Lou Reed og Yoko Ono.

Hryllileg ánægja

Þannig að víða liggja þræðir og Barði telur líklegt að þeir eigi eftir að vinna meira saman. „Við erum í góðum fíling," segir Barði sem hefur samið og lagt til tónlist í yfir tugi verkefna í kvikmyndum, leikhúsi og sjónvarpi. Hvað aðsókn varðar ber þar einna hæst tónlistin við íþróttadramað De toutes nos forces (The Finishers) frá 2013 sem fór á toppinn í Frakklandi og ætla má að um 800.000 manns hafi séð í bíó.



Agony skartar þeirri mögnuðu leikkonu Asiu Argento í aðalhlutverki.

„Þetta er allt önnur stemning en fjölskyldumynd," segir Barði um Agony og hryllinginn. „Sko, þetta finnst mér skemmtilegt en það er meiri peningur og áhorf á fjölskyldumyndirnar. Þannig að þetta er meira til að vökva ánægjuna. Ég skemmti mér alveg konunglega að gera þetta. Dulúðin, draugagangurinn og áttundi áratugurinn létta lundina og auka á hressleikann."

toti@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrimsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*



2F Í KRAFTI SAMSTÖÐUNNAR

1. maí er stór dagur í Húsi Fagfélaganna því hann minnir okkur á allt sem hefur áunnist í krafti samstöðunnar til að bæta lífsgæði vinnandi fólks í landinu.

Aukið samstarf — betri þjónusta — bætt kjör

Nú eru um tvö ár frá því við sameinuðumst um húsnæði að Stórhöfða 31 undir heitinu 2F Hús Fagfélaganna. Þannig hefur okkur gefist kostur á að stórauka samstarf um baráttumál félagsmanna okkar en þeir eru samanlagt hátt í 20.000 talsins á landinu öllu og starfa undir fjölda viðurkenndra iðn- og tæknigreina.

HÚSFAGFÉLAGANNA

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS · MATVÍS · VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna · Samiðn · FIT Félag iðn- og tæknigreina · BYGGIÐN

BYKO

Broil King®
Great Barbecues Every Time



Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Vinsælasta grillið í BYKO

Tilboðsverð

Gasgrill

GEM 320, eldunarsvæði: 2774 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt eldunarkerfi. Þrír ryðfríir brennarar.

39.995

50657519

Almennt verð: 49.995

Þú sparar: **10.000**

20%

Kílóvött **6,9** | Brennarar **3**

Broil King
Great Barbecues Every Time

Gasgrill

ROYAL 320 með þremur ryðfríum brennurum, og grillgrindum úr pottjárni sem hægt er að snúa við.

79.995

50657512



Kílóvött **8,8** | Brennarar **3**

Broil King
Great Barbecues Every Time

Gasgrill

MONARCH 320, eldunarsvæði 3350 cm². Ryðfrítt eldunarkerfi. Þrír ryðfríir brennarar. Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni.

89.995

50657511



Kílóvött **8,8** | Brennarar **3**

NAPOLEON
ROGUE

Gasgrill

ROGUE 365 RPG. Napoleon grill með tveimur aðal-brennurum og kraft upp á 13,5kw. Ytra byrði grillsins, grillgrindur, brennaraskildir og brennarar er allt úr ryðfríu stáli. Grillflötur er 46x51cm.

83.995

506600047

Nýtt í BYKO



Kílóvött **13,5** | Brennarar **2**



NAPOLEON
ROGUE

Kílóvött **19,6** | Brennarar **4+1**

23%

Þú sparar: **60.000**

Tilboðsverð

Gasgrill

ROGUE R525SIB, SIZZLE-ZONE™ hliðarbrennari. grillgrind 73x46cm, grillgrindur úr pottjárni. Innrauður brennari með pottjárnsgrind, til dæmis fyrir snöggsteikingu eða sósugerð, er í hinu hliðarborðinu. Brennari í bakinu til að fá meiri hita í efri grind eða til að nota grillið eins og tveggja elementa ofn.

198.495

506600054

Almennt verð: 258.495

NAPOLEON

Þú sparar: **5.000**



Tilboðsverð

Ferðagasgrill

TRAVELQ Pro 2B. Hægt er að nota við hvaða tilefni sem er. Tvöfalt ryðfrítt brennarakerfi með JETFIRE™ kveikikerfi. Mjög góð hönnun - einfalt í uppsetningu og notkun!

49.995

506600016

Almennt verð: 54.995

NAPOLEON

Grilltöng

Ryðfrí po 15"".

4.175

506655011





NAPOLEON

Pizzasteinn

2 stykki, 10".

5.495

506670000

Hamborgarapressa

3in1 Kit úr plasti.

3.695

506670060

NAPOLEON





Verslaðu á netinu á byko.is



Geislahitari
Á borð 1,5Kw. IP44.

29.995

50615037

Garðhúsgögn
Benedorm, 2 stólar og borð

34.995

46325374



Garðstóll
Liva ál/textil, svartur

11.995

41613410





Geislahitari
Hangandi 1,5Kw. IP44.

19.995

50615035



3,5x3 m

Markísa
3,5x3m grá

93.995

41629148

Garðstóll
Rattan, svartur

8.995

41629011



Vinsæl vara



Róla
110x165x152cm, svört

21.995

46229002

Vinsæl vara

Borð
á hjólum, 73x43x70cm.

17.995

41647992



Sólbekkur
með hjólum.
179 x 63 x 40cm

24.995

41625119





150x90 cm

Garðborð
150x90cm, ál/poly.

28.995

41629017

Opið er í verslunum BYKO Breidd og Granda
1. maí frá 10-17

Frekari upplýsingar um afgreiðslutíma má finna á byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is



BAKÞANKAR



Margrétar Kristmannsdóttur

Kapítalistar pilsfaldanna

Fyrir um ári skrifaði ég bakþanka sem báru yfirskriftina „Þarftu í raun aðstoð?“ Var þar vísað til þess að við værum lánsöm sem þjóð að eiga mörg öflug fyrirtæki sem þyrftu ekki aðstoð vegna COVID enda ættu stöndug fyrirtæki að leita fyrst í eigin sjóði þegar gæfi á bátinn. Það væri einfaldlega hneisa ef öflug fyrirtæki leituðu í opinbera sjóði við fyrstu ágjöf.

Sem atvinnurekandi man ég þó enn angistina sem reið yfir íslenskt atvinnulíf fyrstu vikur COVID – það var eins og kippt hefði verið í handbremsuna og óvissan algjör. Við þær aðstæður gripu mörg fyrirtæki í allar útréttar hendur sem hið opinbera bauð og hlutabótaleiðin varð vinsæl. Má staðhæfa að ekkert útspil ríkisstjórnarinnar hefur reynst eins gagnlegt, enda væru mörg fyrirtæki farin í þrot og atvinnuleysi mun meira ef ekki hefði komið til þessa úrræðis.

Hins vegar kom snemma í ljós að áhrif COVID urðu með öðrum hætti en margir héldu. Á meðan sumum atvinnugreinum var haldið á lífi í öndunarvél og er enn, blómstruðu aðrar. Fljótlega endurgreiddu því mörg fyrirtæki ríkinu enda reyndist þörfin á aðstoð lítil þegar upp var staðið. Nú þegar ársreikningar eru að birtast og með góðri afkomu í mörgum geirum má ætla að þeim fyrirtækjum fjölgi enn sem munu endurgreiða það sem þau sannarlega reyndust ekki þurfa.

Endurgreiðsla fyrirtækja með góða afkomu er sjálfsögð enda fátt ömurlegra fyrir atvinnurekanda en að fá á sig stimpil pilsfaldakapítalista, sem er á móti ríkisútgjöldum þegar vel árar – en hleypur með hraði í fang ríkisins þegar illa árar. Úrræði hins opinbera eru til að hjálpa fólki og fyrirtækjum í vanda – ekki öðrum.

Stykkishólmur
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Hveragerði
Kópavogur
Egilsstaðir
Borgarnes
Ísafjörður
Reykjavík
Akureyri
Akranes
Selfoss
Vík

LÆGSTA VERÐIÐ



12.250,-
LÄCKÖ borð og tveir stólar



Nýtt
OTTERÖN/INNERSKÄR skemill **4.950,-**



FALHOLMEN borð **12.950,-**




KUDDARNA sessa með baki **2.950,-**

Mitt eigið sumar

Taktu forskot á sumarið og byrjaðu að huga að útisvæðinu þínu.
Hvort sem þú ert með stóra verönd eða litlar svalir er auðvelt að stilla upp notalegu svæði fyrir slökun og fögnuð í góðum félagsskap. Hentugar hirslur, þægindi og stíll auðvelda þér að njóta sumarsælunnar til hins ýtrasta!
Líttu við og skoðaðu úrvalið, við tökum vel á móti þér!



FRÖSÖN/DUVHOLMEN sessa **1.450,-**



BROMMÖ legubekkur **8.950,-**



FESTHOLMEN púðaver **1.450,-**

SÖTHOLMEN púðaver **1.950,-**



ASKHOLMEN blómakassi **4.950,-**

Buxus sígræn planta **1.790,-** *Blómapottur er seldur sér*

KROKHOLMEN sófaborð **5.950,-**



8.950,-
ÄPPLARÖ hægindastóll



Sýprus sígræn planta 80-100cm *Blómapottur er seldur sér* **2.890,-**



VÅRDA viðarbæs **995,-/stk.**



SKARPÖ hægindastóll **5.950,-**



SLÄTTÖ skilrúm **15.950,-**



6.950,-
TOSTERÖ hirsla



KUDDARNA sessa B36×D32cm **750,-**



RUNNEN gólfklæðning **3.450,-/0,81m²**



7.100,-
ASKHOLMEN veggborð og fellistóll

IKEA® BAKARÍ

Ostaslaufa
245,-



Pizzasnúðar með skinku og pepperoni
395,-/2 í pk.



Verslun opin 11-20 – IKEA.is
IKEA Bakarí, Sænska matarhornið og IKEA Bistro opið 11-20

IKEA®